VALA ÓMARSDÓTTIR

Kærastinn varð að láta hattinn sinn af hendi

• tíska • heilsa • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Gat valið um háskólastyrki út á íþróttirnar

Sérblað um skóla og námskeið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

EKKI MISSA AF ÞESSU!!
acer
NÝR BÆKLINGUR!!
DÚNDUR TILBOÐ Á TÖLVUM OG AUKAHLUTUM FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Í DAG
TÖLVULISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. ágúst 2008 — 226. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Opið hús í ráðuneyti á menningarnótt

Utanríkisráðuneytið opnar dyr sínar fyrir almenningi fyrst ráðuneyta.

TÍMAMÓT 34

Selma Björns stýrir stórleikurum

Selma Björnsdóttir leikstýrir Kardimommubænum en hún þreytti frumraun sína á leiksviði í sama verki.

FÓLK 58

Pönkaður skífuþeytir

Óttarr Proppé hitar upp fyrir Sebastien Tellier sem plötusnúður.

FÓLK 58

Spila um verðlaun

Íslenska handboltalandsliðið er komið í undanúrslit á Ólympíuleikunum í Peking.

ÍÞRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTUTÍÐ Í dag verða sunnan 5-10 m/s vestan til annars hægari. Rigning sunnan og vestan til um eða eftir hádegi og norðaustan til undir kvöld. Hiti 10-16 stig, hlýjast eystra.

VEÐUR 4

BANASLYS VIÐ HELLISHEIÐAVIRKJUN Ekki er ljóst hvort mennirnir létust úr súrefnisskorti eða hvort þeir hafi andað að sér eiturgufum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveir köfnuðu í röri í Hellisheiðarvirkjun

Tveir Rúmenar létust í vinnuslysi í Hellisheiðarvirkjun í gær. Mennirnir misstu meðvitund inni í röri. Hugur okkar er hjá aðstandendum, segir forstjóri OR.

LÖREGLUMÁL Tveir Rúmenar létust í gærkvöld við störf við Hellisheiðarvirkjun. Mennirnir voru að sinna viðhaldi vatnsrörs við virkjunina og virðast hafa kafnað.

Oddur Árnason, yfirlögregluþjónn á Selfossi, sagði tilkynningu um slysið hafa borist þegar klukkan var tólf mínútur gengin í átta. „Mennirnir höfðu verið dregnir út en lífgunartilraunir báru ekki árangur," sagði Oddur á vettvangi í gær.

Mennirnir sem létust voru báðir starfsmenn Vélsmiðjunnar Altaks. Þeir höfðu farið inn um gat sem rofið var á vatnsrör sem hafði verið tæmt til að hægt væri að gera á því endurbætur. Gunnar Pétursson hjá Altaki vildi ekki segja nánari deili á mönnunum tveimur í gærkvöld en vísaði til þess að opinberir aðilar myndu gefa út um það tilkynningu.

Rúmenarnir tveir voru hluti stærri hóps sem var við störf í Hellisheiðarvirkjun og bjuggu þar í starfsmannabúðum.

RÖRIÐ Mennirnir voru inni í rörinu þegar slysið varð.

Eftir slysið var samlöndum þeirra safnað saman í stöðvarhúsinu þar sem þeir biðu áfallahjálpar frá Rauða krossinum á meðan lögregla og tæknimenn rannsökuðu slysstaðinn og líkin voru flutt á brott.

„Þetta er hörmulegt slys og Orkuveitan mun gera það sem hún getur til að aðstoða í þessu máli. Ef við getum eitthvað gert til að aðstoða félaga, vini og aðstandendur þá gerum við það," segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar. „Hugur okkar allra er hjá aðstandendum og vinum."

Að sögn Odds Árnasonar yfirlögregluþjóns verður nú rannsakað frekar hver tildrög slyssins voru og hvert var banamein starfsmannanna tveggja.

„Það er ekki ljóst hvort mennirnir létust úr súrefnisskorti eða hvort þeir hafa hugsanlega andað að sér einhverjum eiturgufum með brennisteini eða öðru," sagði yfirlögregluþjónninn. - gar / - kóp

Borgarstjórnarskipti í dag:

Nýr meirihluti vill Bitruvirkjun

STJÓRNMÁL Nýr borgarstjórnarmeirihluti tekur við í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun ekki verða skorið niður í velferðarmálum, dregið verður úr ráðningum og farið verður í ellefu milljarða stokk við Mýrargötu. Þá verður Bitruvirkjun sett á oddinn.

Júlíus Vífill Ingvarsson er nú álitinn næstvaldamestur hjá Sjálfstæðisflokknum og líklegt þykir að Framsókn fái formennsku í Orkuveitunni.

Ungliðahreyfingar Samfylkingar og Vinstri grænna boða til mótmæla klukkan hálftíu fyrir utan Ráðhúsið undir kjörorðinu: „Geymt en ekki gleymt - Okkar Reykjavík". - kóþ/ovd

Einleikur í Borgarleikhúsinu:

Pétur Jóhann á leikhúsfjalirnar

LEIKHÚS „Ég tel mig vita svör við spurningum sem menn hafa spurt sig um aldir: Hver erum við, hvað erum við að gera hér og hvert liggur leið," segir Pétur Jóhann Sigfússon skemmtikraftur með meiru.

PÉTUR JÓHANN

Til stendur að setja upp einleikinn Sannleikurinn eftir Pétur og Sigurjón Kjartansson í leikstjórn Stefáns Jónssonar á sviði Borgarleikhússins á komandi leikári. Pétur mun standa einn á sviðinu og flytja verkið en þetta er frumraun hans í leikhúsi þótt hann hafi leikið bæði í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Nafn verksins segir sitt um verkið, þar verður sannleikurinn undir, þó um sé að ræða öðrum þræði uppistand brotið upp með frumsömdum söngatriðum Péturs.

- jbg / sjá síðu 58

Flugvél spænska flugfélagsins Spanair hrapaði skömmu eftir flugtak í Madríd:

Yfir 150 fórust í flugslysi

SPÁNN „Það er ótrúlegt að einhver hafi lifað slysið af, þetta var svo svakalegt. Reykurinn stóð tugi metra upp í loftið," segir Rögnvaldur Hólmar Jónsson flugvirki, sem staddur var á flugvellinum í Madríd þegar slysið varð í gærkvöldi.

Svo virðist sem eldur hafi komið upp í hreyfli flugvélar flugfélagsins Spanair og hún hrapað skömmu eftir flugtak. Alls 172 voru um borð í vélinni og létust 153.

Rögnvaldur segir að mikil óreiða hafi myndast við slysið. „Það fór allt í kaos utandyra. Fjöldi sjúkra- og slökkviliðsbíla dreif að og mikil ringulreið skapaðist. Inni í flugstöðinni vissi hins vegar enginn neitt og ekki var tilkynnt um slysið fyrr en um klukkutíma eftir að það gerðist. Svæðið er svo stórt að ekki urðu allir strax varir við reykinn."

Rögnvaldur var enn staddur á flugvellinum þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær, átta tímum eftir slysið.

„Það eru enn bílar með blikkljós á ferðinni hér fyrir utan, en það er búið að opna aftur fyrir umferð." - kóp/Sjá síðu 4

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Skemmtilegur ferðafélagi

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking
Ertu búin(n) að skrá þig ?
www.tsk.is



SPURNING DAGSINS

Jóhannes, eru sauðfjárbændur fórnarlömb markaðarins?

„Ja, við eigum allavega allt okkar undir honum."

Sauðfjárbændur sjá fram á erfiða tíma þar sem afurðastöðvar eru ekki tilbúnar að hækka kaupverð sem nemur hækkun á verði aðfanga. Jóhannes Sigfússon er formaður Landssamtaka sauðfjárbænda.

Tilkynnt í dag um málefni og verkaskiptingu nýs borgarstjórnarmeirihluta:

Ekki verður skorið niður í velferðarmálum

REYKJAVÍK Í málefnasamningi nýs borgarstjórnarmeirihluta, sem kynntur verður í dag, verður ekki skorið niður í velferðarmálum, segja heimildir blaðsins.

Launakostnaður verði ekki minnkaður á einu bretti, en dregið úr ráðningum. Bitruvirkjun verði sett á oddinn. Ellefu milljarða Mýrargötustokkur fer á dagskrá.

Vel verði gert við Júlíus Vífil Ingvarsson, sem sé nú álitinn númer tvö í valdastiga sjálfstæðismanna í borginni.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kunni að hætta á kjörtímabilinu, þegar Gísli Marteinn kemur til baka úr námi. Þá yrði Júlíus forseti borgarstjórnar í stað Vilhjálms.

Jórunn Frímannsdóttir verði áfram með velferðarráð, en gæti hætt sem formaður framkvæmda- og eignaráðs. Þá herma heimildir að staða Kjartans Magnússonar sé ekki ýkja sterk. Honum sé af sumum kennt um afhroð 200 daga meirihlutans, meðan aðrir hrósi honum fyrir að hafa komið flokknum úr minnihluta.

Kjartan missir að öllu óbreyttu formennsku í Orkuveitunni og fer hún líklega til Framsóknarflokks. Í staðin mun Kjartani hafa verið boðin formennska í menntaráði.

Sjálfstæðismenn hafi sett það að skilyrði að í Orkuveituna kæmi enginn með „orkuveitufortíð" en tekið ágætlega í að þangað settist Jón Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra og varaformaður stjórnar Orkuveitunnar í 100 daga meirihlutanum.

- kóþ

ÓSKAR OG HANNA BIRNA Tilkynna á borgarstjórnarfundi klukkan tíu í dag um hvernig verkum verður skipt og hvernig mál séu á oddinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Finnur Árnason, forstjóri Haga:

ASÍ neitaði að afhenda gögn

NEYTENDAMÁL ASÍ vildi ekki gefa dómskvöddum matsmönnum upplýsingar um aðferðafræði sína við verðlagseftirlit eða veita aðgang að gögnum sínum. Þetta kemur fram í grein sem Finnur Árnason, forstjóri Haga, skrifar í Fréttablaðið í dag.

Hagar fóru fram á það við Héraðsdóm Reykjavíkur að skipaðir yrðu matsmenn til að fara yfir verðlækkanir í verslunum 10-11 eftir að virðisaukaskattur lækkaði árið 2007. Í greininni kemur fram að niðurstaða matsgerðar hafi opinberað ónákvæm vinnubrögð í verðlagseftirliti ASÍ. - þeb

Myglusveppir í híbýlum:

Valda hausverk, þreytu og doða

HEIMILI **„Það eru gró alls staðar í umhverfinu og sveppir tilheyra hringrás náttúrunnar og eru nauðsynlegir. En mygla á ekki að vaxa inni hjá fólki," segir Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir hjá fyrirtækinu Hús og heilsa ehf.**

Töluvert hefur borið á því undanfarið að myglusveppir hafi uppgötvast í híbýlum fólks og geta þeir í sumum tilfellum haft áhrif á heilsu fólks. Meðal einkenna eru þreyta, eða sífelldur höfuðverkur, ennisholubólgur, síendurteknar sýkingar, sjóntruflanir, doði og dofi í útlimum svo eitthvað sé nefnt. - eö/ sjá allt

MANSAL

Von á rannsóknaáætlun

Vonir standa til að rannsókn Rauða kross Íslands á mansali hérlendis hefjist í haust. Búist er við að rannsóknaráætlun liggi fyrir á næstu dögum eða vikum.

Guðmundur stofnar nýtt orkufyrirtæki

Guðmundur Þóroddsson hefur stofnað jarðhitafyrirtækið Reykjavík Geothermal. Hann hefur átt í viðræðum við fjárfestingarisann Riverstone um fjármögnun. Guðmundur hefur rætt við gamla starfsmenn REI um að starfa fyrir sig að nýju.

ORKUMÁL Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri REI og Orkuveitunnar, hefur stofnað nýtt fyrirtæki, Reykjavík Geothermal, sem starfa mun að verkefnum á sviði jarðvarma. Fyrirtækið var stofnað 8. ágúst síðastliðinn, að sögn Guðmundar „til að nýta dagsetninguna". Hún sé svo skemmtileg.

Guðmundur hefur áður sagt að um tuttugu milljarðar séu lágmarksstofnfé fyrir fyrirtæki af þessum toga. Hann staðfestir að það sé upphæðin sem til þarf. „Það er stærðargráðan ef það er verið að tala um að stofna nýtt REI til að fara í útrás."

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Guðmundur standi frammi fyrir vali á milli tveggja fjármögnunarkosta. Annars vegar samstarfi við bandaríska fjárfestingarisann Riverstone, sem fjárfest hefur fyrir yfir fimmtán milljarða Bandaríkjadala í orkufyrirtækjum, og hins vegar innlendan banka. Hann átti hins vegar nýlega fund í Bandaríkjunum með fulltrúum Riverstone og munu þær viðræður vera langt komnar.

Fjórir starfsmenn REI sögðu upp störfum í byrjun júlí eftir að Guðmundur var rekinn frá fyrirtækinu. Enn fremur sagði einn starfsmaður Orkuveitunnar upp, en hann starfaði fyrst og fremst í verkefnum REI.

Guðmundur segist enn vera eini starfsmaður hins nýja fyrirtækis, en hann hafi hins vegar góða reynslu af því að vinna með fyrrverandi starfsmönnum REI. „Ég er búinn að hitta þá en þeir eru ekki komnir í vinnu hjá Reykjavík Geothermal. Það má hins vegar vel vera að svo fari," segir hann.

Gunnar Örn Gunnarsson, einn fimmmenninganna, segir ekkert hafa verið ákveðið í þessum efnum en þó liggi áhugi þeirra nokkuð ljóslega fyrir. „Við vorum allir mjög ósáttir við það þegar Guðmundur fór frá REI. Ef það bjóðast einhver verkefni þar sem hann er við stjórnvölinn er ég viss um að við myndum allir íhuga þau mjög gaumgæfilega." - sh

FYRIR UTAN ORKUVEITUNA Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri REI og Orkuveitu Reykjavíkur, hefur nú stofnað nýtt fyrirtæki sem ber heitið Reykjavík Geothermal. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KVENNADEILDIN Yfirmenn Landspítalans hyggjast ekki fresta uppsögnum ljósmæðra.

Ljósmæðradeilan:

Landspítali nýtir ekki frestinn

HEILBRIGÐISMÁL Stjórnendur Landspítala ætla ekki að fresta uppsögnum ljósmæðra fram til áramóta en í gær rann út frestur til þess. Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, staðgengill hjúkrunarforstjóra, segir að fjármálaráðuneytið telji uppsagnirnar ólögmætar og því sé fresturinn ekki nýttur.

„Hópuppsagnir eru ekki heimilar í kjarabaráttu. Uppsagnirnar komu í kjölfar félagsfundar í Ljósmæðrafélaginu og því telur fjármálaráðuneytið vafa leika á lögmæti þeirra," segir Guðlaug Rakel. Guðlaug Rakel leggur áherslu á að enn sé tími til þess að leysa kjaradeiluna. „Það er einlæg von og vilji okkar hér á Landspítala að það verði samið við ljósmæður," segir hún. - ghs

Heildarendurskoðun raforkulaga:

Rafmagnsverðið skoðað

VIÐSKIPTI **Heildarendurskoðun raforkulaga hefst í haust. Drög að nýjum lögum eiga að vera tilbúin eftir tvö ár. Verðlagningarkerfi raforku og skilgreining á stórnotendum eru meðal þess sem nefnd sem skipuð er fulltrúum helstu hagsmunaaðila hyggst fjalla um.**

Stórnotendur greiða hlutfallslega mun minna en aðrir fyrir raforkuflutninga. - ikh / sjá síðu 24

Búist er við fjölmenni á áhorfendapöllum vegna meirihlutaskipta:

Viðbúnaður í Ráðhúsinu

STJÓRNMÁL Nýr meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur tekur formlega við stjórnartaumunum í Reykjavík á borgarstjórnarfundi sem hefst klukkan tíu í Ráðhúsinu.

Ungliðahreyfingar Samfylkingar og Vinstri grænna í Reykjavík boða til mótmæla klukkan hálf tíu fyrir utan Ráðhúsið undir kjörorðunum „Geymt en ekki gleymt – Okkar Reykjavík".

„Minnum borgarstjórn Reykjavíkur á að það er fólkið og málefnin sem skipta máli en ekki stólarnir. Ruglið er geymt til 2010, en ekki gleymt!" segir í tilkynningu frá ungliðahreyfingunum.

Þær ætla þó ekki að fjölmenna á pallana eins og við síðustu meirihlutaskipti heldur er ætlunin að bjóða borgarbúum upp á stólahrókeringar utan við Ráðhúsið.

Framsóknar- og sjálfstæðismenn standa einnig fyrir fundi í Ráðhúsinu í dag. Í bréfi til trúnaðarmanna flokkanna í gær segir að mikilvægt sé að mæta á pallana þar sem búist sé við skipulögðum aðgerðum að hálfu minnihlutaflokkanna. „Því viljum við hvetja ykkur til að fjölmenna og taka með fjölskyldur og vini", segir í bréfinu.

MÓTMÆLT Á PÖLLUNUM Mikil mótmæli voru á áhorfendapöllunum við meirihlutaskiptin í janúar síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árni Þór Sigmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir lögregluna reikna með fjölmenni við Ráðhúsið. Hann vildi ekki fara nánar út í hvaða ráðstafanir lögreglan kynni að grípa til. „Það verður bara metið í ljósi aðstæðna," segir Árni Þór.

Í Ráðhúsi Reykjavíkur fengust þær upplýsingar að tekið yrði á því ef fólk sýndi ósæmilega hegðun. Í ljósi láta við síðustu stjórnarskipti væru starfsmenn við öllu búnir. - ovd

Skólinn stækkar mann
aðallega að innan.
Það er gott, því þá
endast skólafötin
í allan vetur.

Opið til 21 í kvöld

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 Sími 517 9000 www.kringlan.is

Kringlan

GENGIÐ 20.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,48	82,88
Sterlingspund	153,25	153,99
Evra	121,38	122,06
Dönsk króna	16,270	16,366
Norsk króna	15,265	15,355
Sænsk króna	12,922	12,998
Japanskt jen	0,7495	0,7539
SDR	129,47	130,25

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,6768
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Veik staða krónunnar glæðir kaupæði ferðamanna:

Ferðamenn aldrei keypt meira

VIÐSKIPTI Erlendir ferðamenn hafa aldrei verslað meira hér á landi en í ár. Helgi Hrannarr Jónsson, framkvæmdastjóri Global Refund, telur aukninguna vera um fjörutíu prósent á árinu, en hún er talsvert meiri nú í sumar.

Ástæðuna fyrir þessari auknu verslun er að finna í gengisbreytingunum sem orðið hafa undanfarið, segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. „Verðlag hér hefur lækkað um þrjátíu prósent á árinu," segir hún.

„Aukningin er mikil í öllum vöruflokkum, bæði í hefðbundinni minjagripaverslun og dýrari vörum eins og merkjavöru og skartgripum," segir Helgi. „Það er athyglisvert að aukningin er jafn mikil í dýrari og ódýrari vörum en yfirleitt eykst salan á ódýrustu hlutunum fyrst."

FERÐAMENN Mikil aukning hefur verið á sölu til ferðamanna í öllum flokkum. Hlífðarfatnaður hefur selst mjög vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Athygli vekur að breytingar hafa orðið á þjóðerni þeirra sem hér versla mest. Bandaríkjamenn hafa fengið að víkja fyrir Norðurlandaþjóðunum sem helstu viðskiptavinirnir.

Helgi segir að þegar grunnkostnaður, eins og til að mynda við hótel, minnkar séu ferðamenn tilbúnir að eyða meiru í annað.

Rekstur ferðamannaverslana hefur tekið mikinn kipp á árinu. Til að mynda hafa selst þriðjungi fleiri ullarpeysur hjá Álafossi en á sama tíma í fyrra. Nær öll aukningin er á sölu til erlendra ferðamanna. **- ges**

Tölfræði Ríkislögreglustjóra:

Hrina fíkniefnabrota

LÖGGÆSLA Fíkniefnabrot á landinu voru fleiri í júlí síðastliðnum heldur en síðustu sex mánuði þar á undan, 163 talsins.

Þetta kemur fram í nýjum bráðabirgðatölum Ríkislögreglustjóra fyrir land allt í júlí.

Á Hvolsvelli voru skráð sautján fíkniefnabrot í ofangreindum mánuði, en ekkert á sama tíma í fyrra og aðeins eitt í júlí 2006. Aukið eftirlit lögreglu er talið spila stóran þátt í þessari þróun.

Hegningarlagabrot voru samtals 1.158 í júlí 2008. Eru það nokkru færri brot en á sama tíma í fyrra. **- jss**

Lausafjárskortur bankanna:

Aldrei færri íbúðalán banka

VIÐSKIPTI Íbúðalán bankanna hafa aldrei verið færri í einum mánuði en í júlí, frá því að þeir hófu slík lán fyrir fjórum árum. Þetta segir Greiningardeild Kaupþings. Tölur Seðlabankans vitni um að bankarnir hafi aðeins lánað 44 fyrir húsnæði í síðasta mánuði. Sumarleyfum verði tæplega kennt um það. Líklegra sé að lausafjárskortur í fjármálakerfinu í heild hafi mun meira að segja. Íbúðalánasjóður lánaði 8,7 milljarða króna í júlí og hefur ekki lánað svo mikið í einum mánuði síðan bankarnir byrjuðu að lána. Þá hafa lán lífeyrissjóða til húsnæðiskaupa aukist til muna undanfarið. **- ikh**

FALLIST Í FAÐMA Forsetahjónin fögnuðu með Guðmundi Guðmundssyni landsliðsþjálfara og félögum eftir leikinn gegn Pólverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forseti Íslands í Kína:

Fundar með forseta Kína

KÍNA Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og forseti Kína, Hu Jintao, eiga fund í dag eða á morgun að ósk þess síðarnefnda.

Ólafur Ragnar og Dorrit Moussaieff forsetafrú komu til Peking í Kína í fyrrinótt til að vera viðstödd lokadaga og lokaathöfn Ólympíuleikanna. Munu þau meðal annars hitta alla íslensku þátttakendurna. Þau eru í Kína í boði Íþrótta- og ólympíusambands Íslands en forsetinn er verndari sambandsins. - ovd

Meira en 150 létust í flugslysi í Madríd

153 létust og 19 komust lífs af þegar spænsk farþegaþota frá Spanair fórst á flugvellinum í Madríd í gær. Aðkoma björgunarfólks var hrikaleg. Líkin voru flest óþekkjanleg. Meirihluti farþega voru Spánverjar búsettir á Kanaríeyjum.

SPÁNN 153 létust létust þegar spænsk farþegaþota fórst í flugtaki á flugvellinum í Madríd síðdegis í gær. Um borð í vélinni voru 172 menn, sem ætluðu til Kanaríeyja, en af þeim komust einungis 19 lífs af, margir illa særðir.

„Þetta var alveg hræðilegt," sagði Elsa Garcia, spænsk kona sem starfar við háskólann í Madríd. Hún var á flugvellinum í gær að fylgja vinkonu sinni í flug og fylgdist með því sem gerðist.

„Við sáum þykkan reyk frá slysstaðnum, en allt var þarna lokað í nokkra tíma. Svo virðist sem sprenging hafi orðið í hreyfli, síðan hrapaði vélin til jarðar og varð strax alelda. Stjórnvöld hafa staðfest að 153 menn hafi látist, en ekki er vitað um nöfn nema ellefu þeirra því líkin eru svo illa farin."

Meðal hinna látnu voru nokkrir Þjóðverjar, því þótt vélin hafi verið á vegum spænska flugfélagins Spanair þá hafði þýska flugfélagið Lufthansa einnig bókað farþega í vélina. Samkvæmt vefsíðu þýska tímaritsins Spiegel áttu fjórir Þjóðverjar sæti í vélinni.

„Líklega voru þó flestir farþeganna frá Kanaríeyjunum á leið heim til sín úr fríi," sagði Elsa í símaviðtali við Fréttablaðið í gær.

Flugtak vélarinnar hafði tafist um klukkustund vegna tækniörðugleika, en svo þegar loks átti að fljúga af stað þaut vélin út af enda flugbrautarinnar og inn í trjágróður þar. Hún tókst aðeins lítillega á loft.

BEÐIÐ FREGNA Ættingjar og vinir farþega biðu milli vonar og óttá á flugvellinum í Madríd í gær. NORDICPHOTOS/AFP

„Þeir fundu svarta kassann en vita ekki hvort þeir geta notað hann vegna skemmda," sagði Elsa í samtali við Fréttablaðið í gær.

Tugir sjúkrabíla komu á vettvang ásamt slökkviliðsbílum og þyrlum, sem notaðar voru til að varpa vatni á vélarflakið. Þykkur reykur barst frá slysstaðnum, en vélin hafði sundrast í parta.

Brak úr henni lá eins og hrávið á stóru svæði og innan um mátti sjá illa farin lík á víð og dreif. Slysið varð klukkan 14.23 að staðartíma, en ekki tókst að ráða niðurlögum eldanna fyrr en stuttu eftir klukkan fimm.

José Luis Rodríguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, var staddur í sumarleyfi á sunnanverðum Spáni, en hélt strax af stað á vettvang á flugvellinum í Madríd.

Bráðabirgðalíkhús var sett upp í ráðstefnumiðstöð borgarinnar.

gudsteinn@frettabladid.is

LÖGMENN AFTUR Á STJÁ Lögmenn í Pakistan fagna því að Pervez Musharraf hafi sagt af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Arftaki Musharrafs:

Asif Ali Zardari fær stuðning

PAKISTAN, AP Stjórnarandstöðuflokkur í Pakistan hefur lýst stuðningi sínum við að Asif Ali Zardari, ekkill hinnar myrtu Benazir Bhutto, verði arftaki Pervez Musharraf á forsetastól.

Zardari, sem tók við leiðtogaembætti flokks konu sinnar, hefur þó ekkert gefið upp um áhuga sinn eða áhugaleysi á starfinu.

Sjálfur hefur Musharraf tekið því rólega heima hjá sér rétt fyrir utan höfuðborgina Islamabad. Hann unir sér vel í faðmi fjölskyldu og velunnara, leikur tennis og ætlar ekki að flýja land. - gb

Meint mansal við Vesturgötu:

Rannsóknin er enn í gangi

LÖGREGLUMÁL Rannsóknardeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er enn að vinna að rannsókn á meintu mansali á vegum veitingastaðarins Great Wall við Vesturgötu í Reykjavík. Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir að skýrslur hafi verið teknar af starfsmönnum. „Það er ómögulegt að segja hvert framhaldið verður. Það fer eftir því hvort hvort málið snúist eingöngu um vangoldin laun eða hegningarlagabrot, til dæmis mansal." **- ghs**

Imodium®
Við bráðum niðurgangi

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Imodium® (lóperamíð) 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtímameðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna of hraðrar tæmingar. **Skammtar og lyfjagjöf:** Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalosun með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. fresti. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. **Varnaðarorð:** Við langvinna bólgusjúkdóma í þörmum getur lyfið dulið einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúklingur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðatregðu eða önnur merki um ofullnægjandi þarmahreyfingar. Sjást bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og íhuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þanninn kvið. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilvik eitrunarstörristils hjá alnæmissjúklingum með ristilbólgu. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabær.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

MARAÞON OG MENNINGARNÓTT
Veðurhorfur fyrir Reykjavík á laugardag eru nokkuð blautar. Má búast við rigningu eða skúrum mest allan daginn og ákveðnum vindi af vestri og síðar suðvestri. Varla er hægt að segja að það verði hvasst en vindur verður þó ákveðinn. Hitinn verður á bilinu 10-13 stig.



Á MORGUN 5-10 m/s rigning s-og v-til síðdegis

LAUGARDAGUR 5-13 m/s, skúrir á víð og dreif

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	20°
Billund	19°
Ósló	20°
Stokkhólmur	19°
Gautaborg	20°
London	22°
París	24°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	27°
Berlín	23°
Alicante	30°
Mallorca	31°
Basel	26°
Eindhoven	22°
Las Palmas	28°
New York	27°
Orlando	29°
San Francisco	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

A -50% ÚTSALA -80% ÚTS

HÚSASMIÐJAN ÚTSALA

30%
afsláttur
af öllum
búsáhöldum



30-50%
afsláttur
af öllum
ljósum og barnaljósum

30-60%
afsláttur
af öllum
flíspeysum

Gott fyrir
haustið

öll vindsett
2.999

vind og vatnsheld, dömu/herra/barna, margir litir
5870040-145

Litir á útsölu:
grár og grænn.

139.900

Akryl skel
4 sæti og legubekkur. Níðsterk, djúp og veitir sælu og unað þeim sem í sitja. Hagkvæm í rekstri. Upplitast ekki og helst sem ný árum saman. Hentar eingöngu þar sem kostur er á hitaveituvatni. Klæðing fylgir ekki.
8070603-5

Frábært
verð

26.990
~~31.990~~

Trooper
7.87 Kw, grillflötur 48x40 sm, tveir ryðfríir brennarar
3000236

5.999
~~7.995~~

Rafmagnsorf, Gardena
420W, sláttubreidd 25sm.
5087514

Hjólbörur frá
2.995

4.499
~~7.999~~

Hjólbörur, Ravendo
85 ltr, 650x840 mm, 30 mm grind.
5080041

1.999
~~4.375~~

Slönguhjól Claber
Tekur 60 m af 1/2" slöngu.
5081662

2.999
~~4.375~~

Bílþvottakústur Gardena
Sápa fylgir.
5083518

Við berjum niður verðið!

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

KJÖRKASSINN



Á Gísli Marteinn að fara í launalaust frí frá borgarstjórn á meðan hann er í námi?

Já 82,7%

Nei 17,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er rétt að takmarka aðgang Rúv að auglýsingamarkaðnum?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Stórir Lottóvinningar ekki ávísun á lífsstíl milljarðamæringa:

Best að njóta vaxta vinningsins

FÓLK Ekki hefur farið framhjá neinum að ung hjón í Breiðholti unnu 65 milljónir króna í Lottóinu um helgina. Fyrsta spurning margra fréttamanna hefur verið hvort hjónin ætli ekki að hætta að vinna. Er það raunhæft?

Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri fjárfestingasjóðsins Veigs, segir í svona stöðu skynsamlegt að ganga ekki á höfuðstólinn. „Menn ættu ekki að hækka neyslustigið, fá sér ekki dýrari bíl til dæmis. Skynsamlegast er að breyta sem minnstu, nema kannski helst í húsnæði," segir Jafet. Hann segist ekki ráðleggja fólki í svona stöðu að fara í áhættufjárfestingar.

VINNINGUR Vextir af vinningnum geta gefið þeim Jakkapong og Phenporn sitt hvorar 365 þúsund krónurnar á mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Skynsamlegra sé að líta á vinning sem varasjóð eða góðan lífeyri.

Peningamarkaðsreikningar gefa í dag 15 prósenta ávöxtun. Það eru 9,75 milljónir á ári. Af því er greiddur 10 prósenta fjármagnsskattur, 975 þúsund, og eftir standa 8 milljónir og 775 þúsund. Það þýðir 731.250 krónur á mánuði, eða ríflega 365 þúsund krónur á hvorn vinningshafa.

Ljóst er að 65 milljónir eru ansi góð búbót fyrir hvern sem er. Trauðla gefa þær hins vegar tilefni til að fólk á besta aldri hætti vinnu sinni og lifi í vellystingum praktuglega líkt og auglýsingar Íslenskrar getspár með lottóvinningshafanum Lýð Oddssyni gefa í skyn. - kóp

Veittist að manni á götu úti:

Ákærður fyrir árás með flösku

DÓMSMÁL Nítján ára maður hefur verið ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, en hann sló mann í andlitið með flösku í Reykjavík í október í fyrra.

Árásin átti sér stað fyrir utan veitingahúsið Gullhamra. Sá sem fyrir árásinni varð, 26 ára karlmaður, hlaut þrjá skurði á efri vör vinstra megin og brot og sprungur á glerungi á þremur tönnum.

Sá sem fyrir árásinni varð fer fram á tæplega 1,2 milljónir í skaðabætur, auk vaxta. Ríkissaksóknari fer með málið. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. - sh

Danska leyniþjónustan:

Meiri hætta á hryðjuverkum

DANMÖRK, AP Leyniþjónusta dönsku lögreglunnar telur hættuna á hryðjuverkum nú vera meiri en nokkru sinni síðustu árin. Búast megi við árás hvenær sem er.

Þetta kemur fram í nýútkominni ársskýrslu leyniþjónustunnar. Nærri tveir mánuðir eru síðan sex manns féllu í sprengjuárás á danska sendiráðið í Islamabad, höfuðborg Pakistan. Í skýrslunni segir að athygli hryðjuverkamanna hafi beinst að Danmörku eftir birtingu tólf skopmynda af Múhameð spámanni og einnig þátttöku Dana í hernaðaraðgerðum í Afganistan. - gb

EYÐILEGGING Frá vettvangi annars tilræðisins í Bouira í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hryðjuverk í Alsír:

Fleiri mannskæð tilræði

ALSÍR, AP Tvær bílsprengjuárásir voru gerðar í bænum Bouira í Alsír í gær, önnur á hótel og hin á herbækistöð. Ellefu manns létu lífið, að sögn fjölmiðla og vitna. Daginn áður fórust 43 í sjálfsmorðssprengjuárás í sama landshluta.

Fyrsta sprengjan sprakk við héraðshöfuðstöðvar hersins og særði fjóra hermenn, að því er ríkisfréttastofan APS greindi frá. Mínútu síðar dóu ellefu manns og 27 særðust þegar sprengja sprakk við hótel í miðbæ Bouira. Báðar sprengjurnar voru fjarstýrðar.

Enginn hefur lýst ábyrgð á tilræðunum á hendur sér, en stjórnvöld grunar fylgismenn Al-Kaída-hryðjuverkanetsins um að hafa verið að verki. - aa

Síðasta embættisverk Ólafs:

Valsmönnum bættar tafir

SKIPULAGSMÁL Ólafur F. Magnússon, fráfarandi borgarstjóri, skrifaði í gær fyrir hönd Reykjavíkurborgar undir samkomulag við Knattspyrnufélagið Val og Valsmenn hf. vegna uppbyggingar á íþróttasvæði Vals við Hlíðarenda.

Samkvæmt samningnum skal Reykjavíkurborg bæta Val og Valsmönnum tafir sem orðið hafa á uppbyggingu knattspyrnusvæðisins sökum breytinga á deiliskipulagi svæðisins. Fréttablaðið greindi frá því í gær að kostnaður sökum þessa nemur hundruðum milljóna. - gh

Ráðherra gerði upp veiði eftir bakþanka

Heilbrigðisráðherra segist hafa við nánari skoðun ákveðið að greiða fyrir boðsferð í laxveiði sem hann þáði af stjórnarformanni Orkuveitunnar í fyrrasumar. Borgarstjóri og formaður borgarráðs sem einnig sátu í stjórn OR þáðu boðið.

STJÓRNSÝSLA Þáverandi stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, Haukur Leósson, bauð í fyrrasumar forvera sínum hjá Orkuveitunni og borgarstjóra og formanni borgarráðs í laxveiði í Miðfjarðará.

Að því er fram kemur á visir.is var umrædd laxveiðiferð farin dagana 11. til 14. ágúst í fyrra. Kveðst Vísir hafa heimildir fyrir því að handhafi veiðileyfanna í ánni þessa daga hafi verið Baugur. Þetta fékkst ekki staðfest hjá Baugi í gær. Stefán Hilmarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Baugs, var einn þeirra sem var að veiðum í Miðfjarðará þessa daga. Ekki náðist í hann.

Á Vísi er bent á að Baugur tengist sterkum eignaböndum Geysi Green Energy sem haustið 2007, stuttu eftir ferðina í Miðfjarðará, var rætt um að sameinaðist dótturfyrirtæki Orkuveitunnar, REI. Þeir sem voru í veiðiferðinni þvertaka fyrir að málefni Orkuveitunnar hafi verið þar til umræðu og Haukur Leósson hafnar því að Baugur hafi átt veiðileyfin. „Baugur átti ekkert þessi veiðileyfi heldur var Stebbi [Stefán Hilmarsson] með leyfin og ég keypti þau af honum. Við Stebbi erum búnir að vera vinir og veiða saman í yfir tuttugu ár," segir hann.

Haukur staðfestir að hann hafi greitt fyrir veiðileyfi Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra, Björns Inga Hrafnssonar, þáverandi formanns borgarráðs og varaformanns Orkuveitunnar, og Guðlaug Þórs Þórðarson, heilbrigðisráðherra og forvera Hauks sjálfs á formannsstóli stjórnar Orkuveitunnar. Guðlaugur hafi hins vegar borgað sinn hluta síðar.

Guðlaugur Þór segir Hauk, vin sinn til margra ára, hafa boðið sér

LAXVEIÐI Menn sem allir tengdust eða höfðu tengst Orkuveitu Reykjavíkur veiddu lax með fjármálastjóra Baugs stuttu áður en sameining REI og Geysir Green Energy var ákveðin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

BJÖRN INGI HRAFNSSON

HAUKUR LEÓSSON

STEFÁN HILMARSSON

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

í veiðina. Hann hafi hins vegar gert upp sinn hlut síðar. „Ég hef það fyrir reglu að þiggja ekki boðsferðir frá fyrirtækjum. Við nánari skoðun ákvað ég að hafa þá reglu líka gagnvart vinum og kunningjum," segir Guðlaugur sem kveðst hafa gengið frá málinu við Hauk þá um haustið.

Björn Ingi Hrafnsson, þáverandi formaður borgarráðs og varaformaður Orkuveitunnar en nú viðskiptaritstjóri á Fréttablaðinu, segir Hauk hafa boðið sér persónulega einum eða tveimur dögum fyrir veiðitúrinn. „Ég þáði það en gat því miður ekki verið allan tímann," segir Björn Ingi sem aðspurður kveðst ekki vita hver kostnaðurinn við ferðina var. „Ég velti því ekki fyrir mér, þar sem um óvænt vinarboð var að ræða með svo skömmum fyrirvara."

Enn fremur segir Björn Ingi það ekki hafa hvarflað að sér að handhafi veiðileyfanna þessa daga væri Baugur. „Enda ekkert sem benti til þess. Þvert á móti sagði Haukur vinur minn Leósson að ég væri þarna á hans vegum."

gar@frettabladid.is

BJÖRGUNARÆFING Á myndinni sjást bandarískra flugvélin Hercules, varðskipið Ægir og þyrlan Gnár. MYND/GUÐMUNDUR ST. VALDIMARSSON

Æfing Landhelgisgæslunnar:

Hercules kom til hjálpar

BJÖRGUNARÆFING Bandaríska strandgæslan sendi Hercules-flugvél sína til aðstoðar íslenskum björgunarmönnum í stórri björgunaræfingu á þriðjudag. Landhelgisgæslan stóð fyrir æfingunni sem fram fór vestur af Reykjanesi. „Við réðumst í erfiða aðgerð við jaðarinn á leitar- og björgunarlögsögu Íslands þar sem þurfti að leita eftir alþjóðlegri aðstoð," segir Ásgrímur L. Ásgrímsson, yfirmaður stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar.

Verklega hluta æfingarinnar er lokið en nú fer fram svokölluð skrifborðsæfing með sérfræðingum frá bandarísku strandgæslunni. - ges

Kynferðisbrot fósturföður:

Rannsóknin er á lokastigi

LÖGREGLUMÁL Rannsókn á máli manns, sem er grunaður um kynferðisbrot gegn stúlku sem var í fóstri á heimili hans, er á lokastigi. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að búist sé við því að rannsókn málsins ljúki á næstu vikum.

Barnaverndaryfirvöld í Kópavogi óskuðu eftir því að málið yrði rannsakað fyrr á þessu ári. Stúlkan var ekki lengur í fóstri hjá manninum og konu hans þegar upp komst um málið. Öðrum börnum sem voru í fóstri hjá parinu var komið fyrir annars staðar þegar rannsóknin hófst. - þeb

Ólafur F. Magnússon tók til á skrifstofu borgarstjóra á síðasta starfsdegi sínum:

Eftirsjá og þakklæti efst í huga Ólafs F.

STJÓRNMÁL „Þetta var tiltölulega ágætur dagur. Ég lauk góðri tiltekt á skrifstofu borgarstjóra og hún er tilbúin til að verða afhent arftakanum," sagði Ólafur F. Magnússon undir kvöld í gær, á síðasta degi sínum í embætti borgarstjóra.

Ólafur segir eftirsjá að starfinu enda vinnustaðurinn einstakur. „Hér er frábært starfsfólk og starf borgarstjóra er örugglega það skemmtilegasta sem fyrirfinnst hérlendis." Það sé skapandi auk þess sem borgarstjóri sé í miklum tengslum við umbjóðendur sína.

Ólafur lætur formlega af embætti á fundi borgarstjórnar í dag þegar nýr borgarstjóri verður kjörinn. Þar hyggst hann taka til máls. „Ætli ég minni ekki á þau óheilindi sem voru fæðingarhríðir þessa nýja meirihluta. En þrátt fyrir allt er ég þakklátur fyrir að hafa fengið þetta einstaka tækifæri til að þjóna borgarbúum og móta borgina til framtíðar." - bþs

MEÐ SYNINUM Egill Friðrik Ólafsson heilsaði upp á pabba sinn borgarstjórann á síðasta starfsdegi hans í gær. Ólafur F. Magnússon kveðst þakklátur fyrir að hafa fengið að gegna embætti borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

www.a4.is

Þú verslar skólavörur fyrir **5.000 kr.** og við gefum þér miða í bíó

TOSHIBA

Satellite Pro A300D-13U

Örgjörvi:	AMD Tvíkjarna Turion 64 X2 / 2.0 GHz
Vinnsluminni:	3072MB 667MHz DDR2
Skjár:	15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	ATI Radeon HD 3650 allt að 1023MB deilt
Harður diskur:	320GB, S.M.A.R.T 5400rpm
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100/1000 netkort & 56k v.90 modem
Þráðlaust netkort:	802.11 b/g
Kortalesari:	6 in 1 / S-Video/ Firewire / TV-Out
Vefmyndavél:	Bluetooth / 1.3Mp
Stýrikerfi:	Windows VISTA Home Premium

SKÓLA-TILBOÐ

Verð áður 129.375 kr. **109.900 kr. stgr.**

Laugardaginn 23. ágúst er opið frá kl. 10–14 í A4 Borgartúni, Höfðabakka og á Akureyri en frá kl. 10–16 í Skólavörubúðinni Smiðjuvegi. Verið velkominn! Við tökum vel á móti þér!

A4 Borgartúni 29, sími 515 5170
A4 Höfðabakka 3, sími 515 5105
A4 Skólavörubúðin Smiðjuvegi 5, sími 585 0502
A4 Glerárgötu 34, Akureyri, sími 515 5160

A4 skólavörubúðin þín...

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hver er varaformaður þingflokks Frjálslynda flokksins?*

2 *Fyrir hvaða franska dúett hitar hljómsveitin Bang Gang upp í október?*

3 *Til hvaða borgar ætlar Gísli Marteinn Baldursson í nám í borgarfræðum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Hótaði að stinga fimm manns með sprautunál í ránsferð um Fellahverfi:

Sprautunálarræningi ákærður

DÓMSMÁL Tuttugu og sex ára Reykvíkingur hefur verið ákærður fyrir þrjú rán og tvær ránstilraunir. Hann hélt Fellahverfi í Breiðholti í heljargreipum í þrjá daga fyrir páska þegar hann gekk á milli vegfarenda og söluturna og hótaði að smita fólk af lifrarbólgu með sprautunál léti það ekki fé af hendi.

Ránshrinuna hóf maðurinn að kvöldi miðvikudagsins 19. mars. Þá settist hann inn í bíl til konu og ellefu ára dóttur hennar við verslunina Select í Suðurfelli, krafði konuna um peninga og hótaði að stinga hana með sprautunál í hálsinn. Mæðgurnar flúðu úr bifreiðinni, og fór maðurinn þá í söluturninn King Kong og reyndi að ræna veski af konu á sextugsaldri.

Þegar ránstilraunin bar ekki árangur sneri hann sér að afgreiðslustúlku verslunarinnar, hótaði að smita hana af lifrarbólgu og hafði átján þúsund krónur á brott.

VAFI UM SAKHÆFI

Þess er krafist að manninum verði gerð refsing í málinu, en til vara að honum verði gert að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun, þar eð vafi leikur á því hvort hann er sakhæfur. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu og hlotið dóma.

Næstu tvo daga framdi hann tvö rán, fyrst í Leifasjoppu í Iðufelli, þar sem hann hafði 27 þúsund krónur upp úr krafsinu, og daginn eftir í fyrrnefndri verslun Select. Þar tók hann 65 þúsund krónur og sígarettur.

Maðurinn er enn fremur ákærður fyrir að svíkja út 270 þúsund króna sjónvarpstæki á stolið greiðslukort og að hafa ekið án ökuréttinda. **- sh**

Sáttatilraunir á Filippseyjum:

Samkomulag í uppnámi

FILIPPSEYJAR, AP Tilraunir til að koma á friði í héraði múslima á Suður-Filippseyjum virtust í gær í uppnámi. Talsmenn stjórnvalda sögðu að semja yrði upp á nýtt um sáttatillögu sem skuldbundið hefði herskáa múslima, sem barist hafa fyrir aðskilnaði, og stjórnarherinn til að hætta vopnuðum átökum.

Erindrekar Filippseyjastjórnar settu upp þessa kröfu í kjölfar þess að skæruliðar samtakanna MILF skutu og hjuggu til bana 37 manns í árás á þorp um helgina.

Samkvæmt sáttatillögunni átti að stækka sjálfstjórnarhérað múslima þar. **- aa**

Bíræfnir útfararstjórar:

Létu keppinaut hverfa að fullu

ÞÝSKALAND Tveir útfararstjórar hafa verið handteknir í Bæjaralandi í Þýskalandi, grunaðir um að hafa komið keppinaut sínum fyrir kattarnef og látið jarðneskar leifar hans hverfa.

Maðurinn sem sakborningarnir eru grunaðir um að hafa myrt, útfararstjórinn Erich W., hvarf í apríl 2007. Þeir áttu að sögn í deilu um meintar vanefndir hinna fyrrnefndu á greiðslum vegna kaupa á útfararstofu Erichs. Hann hitti þá til að útkljá málið á skrifstofu sinni. „Þegar ekkert samkomulag náðist, eru mennirnir taldir hafa drepið hann," hefur fréttavefur Spiegel eftir talsmanni héraðsdóms í Erlangen. Þeir hafi síðan brennt líkið í eigin líkbrennsluofni undir fölsku nafni og dreift öskunni á ókunnum stað. **- aa**

Lögreglufélag kannar afstöðu til byrjendalauna:

Vilja 325 þúsund

VINNUMARKAÐUR Lögreglumenn telja að byrjendalaun lögreglumanna að loknum lögregluskóla eigi að vera mun hærri en þau eru í dag. Fjórðungur lögreglumanna telur að þau eigi að vera hærri en 325 þúsund krónur en rúmlega helmingur lögreglumanna telur að þau eigi að vera hærri en 225 þúsund krónur, samkvæmt óformlegri könnun Lögreglufélags Reykjavíkur. Nýútskrifaður lögeglumaður hefur um 175 þúsund krónur í grunnlaun í dag.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, segir að lögreglumenn hefji viðræður við ríkisvaldið á næstu vikum, aðeins sé beðið eftir viðbrögðum samninganefndar ríkisins við viðræðuáætlun. Lögreglumenn hafi setið eftir í kjörum um langa hríð meðan aðrir hafi notið launaskriðs. Lögreglumenn muni nú krefjast þess að sjá verulega hækkun grunnlauna í komandi kjarasamningaviðræðum.

„Við gerum okkur grein fyrir því hvert ástandið er, bæði á almennum og opinberum markaði og í þjóðfélaginu almennt. Það er ekki góður byr fram undan en það kemur ekki í veg fyrir að við setjum fram kröfur," segir Snorri og rifjar upp að forsendur allra kjarasamninga séu löngu brostnar og stefni í enn meira svartnætti í efnahagsmálum. Ekki sé ólíklegt að samningurinn verði framlenging á þeim samningi sem þegar sé í gildi og þá verði hann gerður til skemmri tíma. **- ghs**

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

ÓMAR RAGNARSSON
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslandshreyfingin í gíslingu Margrétar

Ólafur F. Magnússon segir að Margrét Sverrisdóttir haldi Íslandshreyfingunni í gíslingu. Ólafur hefur viðrað hugmyndir um samvinnu Íslandshreyfingar og Frjálslynda flokksins sem Margrét er andvíg.

STJÓRNMÁL „Margrét [Sverrisdóttir, varaformaður Íslandshreyfingarinnar] hefur sviðið baklandið í Íslandshreyfingunni og raunar heldur henni í gíslingu þannig að Íslandshreyfingin er ófær um að styðja F-listann í borgarstjórn í núverandi ástandi," segir Ólafur F. Magnússon, fráfarandi borgarstjóri.

Ólafur gekk nýverið aftur til liðs við Frjálslynda flokkinn og hyggst leiða F-listann í borgarstjórnarkosningunum árið 2010. Segir hann nauðsynlegt að Frjálslyndi flokkurinn og Íslandshreyfingin vinni saman fyrir kosningarnar, meðal annars til að tryggja að flugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni.

„Ég skil ekki þetta tal um að ég sé með flokkinn í gíslingu. Ég get hins vegar sagt það opinberlega að mér finnst það fráleitt ef Íslandshreyfingin og Frjálslyndir sameinast. Ég hef ekki orðið vör við þessa umhverfishyggju hjá Frjálslyndum," segir Margrét. „Mér finnst þetta lykta af því að hann [Ólafur] sé í örvæntingu að leita sér að einhverju baklandi og ef hann er ekki viss um að fá það hjá Frjálslynda flokknum þá gæti hann alveg hugsað sér að nýta Íslandshreyfinguna til þess."

Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, segir samstarf við Frjálslynda flokkinn í borginni velta á því hvaða umhverfisstefna verði ofan á hjá flokknum. „Ólafur F. Magnússon er einhver allra fremsti umhverfisverndarbaráttumaður sem við höfum átt. Hann sýnir gríðarlegan kjark og bjartsýni að ráðast gegn Jóni Magnússyni [þingmanni Frjálslynda flokksins í Reykjavík] stóriðjusinna," segir Ómar. Segir hann stefna í slag í borginni milli stóriðjusinna með Jón í broddi fylkingar og umhverfisverndarsinna með Ólaf í broddi fylkingar.

Ólafur segir Íslandshreyfinguna hafa „keypt köttinn í sekknum" þegar Margrét var fengin til liðs við flokkinn. Segir hann hugsjónir hennar liggja annars staðar en í umhverfismálum og hún bregði fæti fyrir Ómar og aðra umhverfisverndarsinna í hreyfingunni. **gunnlaugurh@frettabladid.is**

SAKAR HÖNNU BIRNU UM ÓSANNINDI

Ólafur F. Magnússon, fráfarandi borgarstjóri, sakar Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, um að segja ósatt þegar hún segist ekki hafa séð vinnuskjöl frá embættismönnum borgarinnar þar sem lagt er til að dregið verði úr launakostnaði borgarinnar.

„[Hanna] segir ósatt. Þessi framganga hennar hefur rýrt mjög traust mitt á henni," segir Ólafur. „Ég frábið mér þess að sjálfstæðismenn haldi áfram að segja að aðrir séu að segja ósatt og leggja fram engin gögn eða rök fyrir því. Svo þegar ég sanna hið gagnstæða þá fara þeir undan í flæmingi. Ég lýsi vantrausti á þessi vinnubrögð."

Diplómanám – FagMennt

STJÓRNUN OG REKSTUR FYRIRTÆKJA

FagMennt býður diplómanám til eins árs í stjórnun og rekstri fyrirtækja. Í náminu eru kynntar fræðilegar og hagnýtar aðferðir sem notaðar eru við rekstur og stjórnun fyrirtækja. Þetta nám hentar einkar vel þeim sem eiga eða reka lítil eða meðalstór fyrirtæki og vilja öðlast dýpri þekkingu án þess að fara í fullt háskólanám.

Námið hefst 1. september – skráningar á www.fagmennt.is

Haustönn
Rekstrargreining
Stjórnun og stefnumótun
Fjármál fyrirtækja

Vorönn
Markaðsfræði
Rekstrarstjórnun
Mannauðsstjórnun

- Námið samanstendur af sex námskeiðum þar sem hvert námskeið gefur 6 ECTS-einingar.
- Kennt er í fimm vikna lotum þar sem hverju námskeiði lýkur með prófi eða verkefni.
- Kennt er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 16:30 til 19:50.

Nánari upplýsingar:
Tinna Ösp Ragnarsdóttir
tinnao@ru.is
sími: 599 6386

OPNI HÁSKÓLINN
FAGMENNT

www.opnihaskolinn.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-1246

Ótrúlegt verð

BAKPOKAR
VERÐ FRÁ
1.999.-

Mesta úrvalið
af skólafatnaði

OPIÐ
til 20
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

netto

...betri biti!

40% afsláttur

ÍRSKAR SVÍNALUNDIR
959 kr/kg
1.599 kr/kg

DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
859 kr/pk.
959 kr/pk.

ALVÖRU HAMBORGARAR 2x175g
398 kr/pk.
568 kr/pk.

30% afsláttur

CHICAGO TOWN PIZZA M/FYLLTUM ENDA
489 kr/stk.
699 kr/stk.

30% afsláttur

TILBOÐIN GILDA 21. - 24. ÁGÚST

Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.markhonnun.is

Samkomulag um eldflaugavarnastöð undirritað í Póllandi:

Landvarnaeðli kerfisins áréttað

PÓLLAND, AP Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Póllands, Condoleezza Rice og Radek Sikorski, undirrituðu í gær samkomulag um að komið yrði upp í Póllandi skotstöð fyrir gagneldflaugar, en stöðin á að verða liður í hnattrænu eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna.

Hin formlega undirritunarathöfn fór fram sex dögum eftir að eins og hálfs árs samningaviðræður um málið voru leiddar til lykta.

„Viðræðurnar voru harðar, en vinsamlegar," sagði pólski forsætisráðherrann Donald Tusk við Rice eftir undirritunina. „Við höfum náð meginmarkmiðum okkar fram, sem þýðir að bæði land okkar og Bandaríkin verða öruggari," sagði hann.

ÁNÆGÐ Ráðherrarnir Rice og Sikorski brosa breitt eftir undirritunina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rice tók undir þetta. „Þetta er samkomulag sem mun hjálpa okkur að bregðast við ógnum 21. aldarinnar," sagði hún.

Samkomulagið hefur vakið hörð viðbrögð Rússa. Áður en Rice undirritaði það lagði hún á það áherslu að kerfinu væri ekki ætlað að ógna neinum. „Þetta er varnarkerfi og ekki beint gegn neinum," sagði hún.

Gegn því að fallast á að hýsa gagneldflaugastöðina fá Pólverjar margháttaðan viðbótarstuðning frá Bandaríkjamönnum við landvarnir sínar. **- aa**

Hefur verið eins og húsvörður á biðstöð

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna fagna nýtilkomnum vilja forsætisráðherra til samstarfs í efnahagsmálum en undrast um leið yfirlýsingu hans þess efnis. Orð hans og athafnir fram til þessa hafi ekki bent til áhuga á samstarfi.

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra vill að stjórn og stjórnarandstaða vinni saman að þeim verkefnum sem við er að fást í efnahagsmálum. Hann greindi frá þeirri skoðun sinni í viðtali við Markað Fréttablaðsins í gær.

Um leið og formenn stjórnarandstöðuflokkanna fagna þessum nýtilkomna samstarfsvilja forsætisráðherra kemur hann þeim á óvart. Segjast þeir margsinnis hafa lagt fram tillögur og frumvörp vegna efnahagsvandans en forsætisráðherra tekið þeim fálega.

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir orð Geirs benda til að hann sé loksins að átta sig á vandanum. Framsóknarmenn hafi hins vegar gert sér grein fyrir aðsteðjandi vanda strax í haust. „Þá buðum við honum þjóðstjórn og síðan þá höfum við margsinnis lagt fram tillögur til úrlausna en hann alltaf fúlsað við og haft aðgerðaleysið á oddinum. Hann hefur meira að segja grobbað sig af aðgerðaleysinu," segir Guðni. Hann kveðst sammála Geir um að samstarfs sé þörf, nú sé bara að sjá hvort hann meini eitthvað með þeim orðum sínum.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, segir batnandi manni best að lifa en yfirlýsing Geirs sé ekki í samræmi við framgöngu ríkisstjórnarinnar til þessa. „Efnislega er ég sammála því að eina vitið væri að búa til sem breiðasta samstöðu um aðgerðir, að því gefnu að samkomulag næðist um inntak þeirra," segir Steingrímur sem um leið staldrar við sinnaskipti forsætisráðherrans. „Maðurinn sem nýverið talaði um ágæti aðgerðaleysisins sveiflast svona til og ég velti fyrir mér hvernig hann líti á sitt hlutverk. Hann hefur hingað til verið eins og húsvörður á biðstöð þar sem setið er og beðið en kannski hann sé að átta sig á að þannig gengur þetta ekki fyrir sig."

GEIR H. HAARDE

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

GUÐNI ÁGÚSTSSON

FORSÆTISRÁÐHERRA Í MARKAÐNUM

„En ég tel einnig að þegar virkilega bjátar á í þjóðarbúskapnum eigi stjórnmálaflokkarnir allir, bæði stjórn og stjórnarandstaða, að vinna saman til þess að takast í sameiningu á við þau verkefni sem við er að fást. Það eru mörg atriði sem þarf að hafa samvinnu um og ég kalla eftir víðtækri samstöðu þjóðinni allri til hagsbóta."

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir forsætis- og fjármálaráðherra hafa gert lítið úr aðvörunarorðum Frjálslyndra um fyrirsjáanlegan tekjusamdrátt í samfélaginu við fjárlagagerðina á síðasta ári. „Það er hætta á að við lendum í uppsögnum og atvinnuleysi og við höfum margsinnis sagt að við því þurfi að bregðast," segir Guðjón. Til dæmis hafi flokkur hans lagt til auknar þorskveiðar. „Viðbrögðin við okkar tillögum hafa alltaf verið ömurleg og á meðan hefur staðan versnað," segir Guðjón og kveðst aðspurður ekki hafa hugmynd um hvort stjórnarandstaðan eigi samleið með ríkisstjórninni, og þá sér í lagi Sjálfstæðisflokknum, í efnahagsmálum. Þar á bæ hafi menn skrítnar áherslur á borð við lækkun og afnám skatta. **bjorn@frettabladid.is**

Mikill viðbúnaður viðhafður til að koma í veg fyrir umferðartafir á menningarnótt:

Leigubílastöð flutt í Kolaportið

MENNING „Það er gríðarlegur viðbúnaður til að koma í veg fyrir miklar umferðartafir í miðborginni á menningarnótt," segir Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkur.

„Við ætlum til dæmis að hafa stóra bílakjallarann við Höfðatorg opinn. Þaðan getur fólk gengið niður á Hlemm og tekið ókeypis menningarnæturstrætó sem gengur um miðborgina," segir Hrólfur.

Hann hvetur gesti menningarnætur einnig til að koma hjólandi í bæinn. Reiðhjólastæðum hafi fjölgað í miðborginni og segir Hrólfur þau stæði vera merkt inn á kort á netsíðunni menningarnott.is

„Fólk getur svo líka fengið upplýsingar um reiðhjólastæði send í símann sinn," segir Hrólfur. Þá verður leigubílastöð fyrir miðborgina flutt í Kolaportið, bílastæðahús Seðlabankans við Kalkofnsveg. Hrólfur segir það gert í samstarfi við leigubílastöðvarnar og þar geti fólk beðið inni í röð eftir leigubíl kjósi það að ferðast með þeim hætti. „Áfengisneysla verður bönnuð inni í leigubílahúsinu," segir Hrólfur en húsið verður opið til klukkan sjö á sunnudagsmorguninn. **- ovd**

VIÐ KALKOFNSVEG Bílastæðahúsið mun þjóna sem leigubílastöð fyrir miðborgina á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

BÍLAOUTLET

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!

Bílarnir renna út og nýir bætast við!

Bílarnir renna út eins og heitar lummur og við bætum þess vegna sífellt við framboðið á planinu. Mundu að BílaOutlet býður ekki bara notaða bíla heldur eigum við líka úrval nýrra bíla á verði sem þú sérð ekki annars staðar! Tilboðin okkar slá allt annað út! Komdu í dag, við höfum opið til kl. 21.

TOYOTA HILUX DOUBLE CAB 38”
Ek. 20 þús. Nýskr. 08/07. Ssk.
Verð áður: 6.090 þús. kr.

OUTLETVERÐ:
4.950 þús. kr.

Frábærir lána-möguleikar!

SAAB 9-3 1.8
Ek. 12 þús. Nýskr. 05/07. Bsk.
Verð áður: 2.990 þús. kr.

OUTLETVERÐ
2.090 þús. kr.

MITSUBISHI PAJERO DID
Ek. 177 þús. Nýskr. 08/01. Ssk.
Verð áður: 2.640 þús. kr.

OUTLETVERÐ
1.720 þús. kr.

HYUNDAI TERRACAN 3.6 V6
Ek. 87 þús. Nýskr. 06/03. Ssk.
Verð áður: 2.650 þús kr.

OUTLETVERÐ
1.460 þús. kr.

BMW X5 3.0i
Ek. 114 þús. Nýskr. 12/02. Ssk.
Verð áður: 4.200 þús. kr.

OUTLETVERÐ
2.550 þús. kr.

RENAULT SCENIC II
Ek. 45 þús. Nýskr. 06/04. Bsk.
Verð áður: 1.750 þús. kr.

OUTLETVERÐ
690 þús. kr.

TOYOTA RAV4 VVTi
Ek. 66 þús. Nýskr. 01/05. Bsk.
Verð áður: 2.450 þús. kr.

OUTLETVERÐ
1.790 þús. kr.

CITROËN C5
Ek. 84 þús. Nýskr. 04/04. Ssk.
Verð áður: 1.590 þús. kr.

OUTLETVERÐ
960 þús. kr.

TOYOTA AVENSIS
Ek. 150 þús. Nýskr. 07/02. Ssk.
Verð áður: 1.250 þús. kr.

OUTLETVERÐ
690 þús. kr.

FORD ESCAPE XLS
Ek. 87 þús. Nýskr. 12/04. Ssk.
Verð áður: 2.030 þús. kr.

OUTLETVERÐ
1.220 þús. kr.

TOYOTA LAND CRUISER 100 VX
Ek. 156 þús. Nýskr. 11/03. Ssk.
Verð áður: 5.550 þús. kr.

OUTLETVERÐ
3.990 þús. kr.

TOYOTA RAV4
Ek. 127 þús. Nýskr. 05/02. Ssk.
Verð áður: 1.590 þús. kr.

OUTLETVERÐ
1.150 þús. kr.

VOLVO V50 TD
Ek. 72 þús. Nýskr. 12/04. Bsk.
Verð áður: 2.790 þús. kr.

OUTLETVERÐ
1.950 þús. kr.

TOYOTA AVENSIS
Ek. 40 þús. Nýskr. 02/06. Bsk.
Verð áður: 2.590 þús. kr.

OUTLETVERÐ
1.890 þús. kr

bílaland · IH NGVAR HELGASON · AVIS

Tjarnarvöllum 3, Hafnarfirði. S: 575 12 30 | Opið: mán-fim 12-21, fös 12-18, lau 12-16.

BÍLAOUTLET

ENNEMM / SÍA / NM35091

*Með fyrirvara um prentvillur.

SÁ ELSTI LÁTINN Indverjinn Habib Miyan sagðist vera elsti maður heims. Hann var 138 ára þegar hann lést í Jaípúr á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Björgunarsveitarfólk og sjálfboðaliðar aðstoða lögregluna á menningarnótt:

Víða lokað fyrir bíla í miðborginni

MENNING „Miðborgin verður meira og minna lokuð almennri bílaumferð á menningarnótt," segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn.

Hann segir löggæslu háttað með svipuðum hætti og síðustu ár. Lögreglumenn gangi um miðborgina og njóti aðstoðar björgunarsveitarfólks og sjálfboðaliða. Upp úr kvöldmat fari gestum venjulega að fjölga mikið í miðborginni og þá muni lögreglumönnum einnig fjölga. Lögreglumenn á bifhjólum verði svo til að liðka til með umferð til og frá miðborginni.

„Við bendum fólki á að nýta sér þau bílastæði sem eru fjarri miðborginni og nýta sér strætisvagna eða ganga niður í bæ."

Geir Jón segir tónleikagesti á Miklatúni ekki þurfa að fara langt til að sjá flugeldasýninguna sem haldin verður á sjónum úti af Sæbrautinni. „Frá Sjómannaskólanum má til dæmis sjá flugeldasýninguna mjög vel."

Hann segir lögregluna ætla að framfylgja útivistarreglum ungmenna.

„Þetta er fjölskylduhátíð og það á ekki að skilja börnin eftir í miðborginni á menningarnótt. Enda er engin dagskrá fyrir börn eftir að flugeldasýningunni lýkur."

Hann hvetur gesti menningarnætur til að gefa sér tíma. „Það tekur lengri tíma að komast um miðborgina en hefðbundið er vegna þess að það er mikil umferð og því verður ekki breytt." - ovd

VIÐ LÍRUKASSANN Árni Friðleifsson varðstjóri hafði gaman af spilamennsku Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns sem tók lagið á lírukassa utan við kynningarfund menningarnætur. MYND/SÓLBJARTUR ÓLI UTLEY

Fyrrverandi Kínaleiðtogi:

Hua Guofeng látinn í Kína

KÍNA, AP Hua Guofeng, sem stjórnaði Kína í nokkur ár eftir fráfall Maós Tsetung, lést í gær, 87 ára að aldri.

HUA GUOFENG

Hua tók við völdum árið 1976 en strax tveimur árum síðan tók að fjara undan völdum hans þegar Deng Xiaoping komst til metorða og fór af stað með efnahagsumbætur sem lögðu grunninn að uppgangi í efnahagslífi Kína.

Hua var síðan þröngvað úr formannsembætti Kommúnistaflokksins árið 1981 og hefur síðan verið lítt áberandi. Hann hélt þó áfram stöðu sinni lengi vel í innsta valdahring flokksins. - gb

Aukin aðstoð við konur sem sæta ofbeldi:

Neyðarkort gefið út á fimm tungumálum

FÉLAGSMÁL „Það er mikilvægt að fólk viti að það getur fengið hjálp ef um ofbeldi er að ræða," segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, um neyðarkortið Við hjálpum.

Kortið er ætlað konum í nánum samböndum sem sæta ofbeldi og þurfa að leita sér hjálpar. Það er útgefið af samráðsnefnd félags- og tryggingamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga en nefndinni er ætlað að hrinda í framkvæmd áætlun um aðgerðir vegna ofbeldis gegn konum í nánum samböndum.

Kortið er á stærð við nafnspjald en þar er að finna símanúmer Neyðarlínu, Kvennaathvarfs, Stígamóta, Neyðarmóttöku vegna nauðgana og Hjálparsíma Rauða kross Íslands.

Á kortinu eru upplýsingar á fimm tungumálum: íslensku, ensku, pólsku, rússnesku og taílensku. „Ástæðan er auðvitað sú að það er meiri hætta á að útlenskar konur hafi ekki sama aðgang að upplýsingum og við hinar," segir Guðrún. Hún segir mjög mikilvægt að dreifing kortanna verði tryggð.

Í tilkynningu frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu segir að kortin verði send víðs vegar um landið, á heilsugæslustöðvar, félagsþjónustu sveitarfélaga, félagsmiðstöðvar, í sundlaugar, á bókasöfn og svæðisskrifstofur málefna fatlaðra. - ovd

RÚSSNESKIR HERMENN Í TSHKINVALI Stór mynd af Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, blasir við í höfuðborg Suður-Ossetíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brottflutningi herliðs Rússa miðar hægt

Abkasía biður Rússland um viðurkenningu á sjálfstæði. Starfsfólk Rauða krossins á leið til Tskhinvali. Rússneski herinn grefur nýjar skotgrafir í Georgíu.

GEORGÍA, AP Rússneskir hermenn grófu í gær skotgrafir og settu upp varðstöðvar í miðri Georgíu langt út fyrir svæðið sem þeim er heimilt að halda sig á. Brottflutningur herliðs Rússa frá Georgíu virðist ganga afar hægt fyrir sig.

Í gær sendi Abkasíustjórn erindi til rússneskra stjórnvalda með beiðni um viðurkenningu á sjálfstæði Abkasíu. Abkasía er, rétt eins og Suður-Ossetía, hérað innan landamæra Georgíu, sem hefur þó frá því skömmu eftir fall Sovétríkjanna í reynd farið með alla stjórn á eigin málum.

Georgíustjórn fór á þriðjudaginn fram á það að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun um að Rússar færu án tafar að ákvæðum vopnahléssamkomulagsins, sem bæði Rússar og Georgíumenn hafa undirritað.

Bandaríkin og Evrópusambandið hafa lýst stuðningi við þessa kröfu Georgíu.

Rússar hafa til þessa ekki leyft neinum að ferðast til Suður-Ossetíu, en talsmenn Rauða krossins sögðu í gær að starfsfólk samtakanna, alls sautján manna hópur, væri á leið til Tskhinvali, höfuðborgar Suður-Ossetíu. Rauði krossinn hafi fengið samþykki til þess frá stjórn Suður-Ossetíu.

Rauði krossinn telur að um 80 þúsund Georgíumenn hafi flúið að heiman vegna átakanna, bæði frá Suður-Ossetíu og einnig frá Gori og borgum í vestanverðri Georgíu.

Einnig er talið að um 37 þúsund Ossetíumenn og átta þúsund Georgíumenn hafi flúið til Norður-Ossetíu, sem er innan landamæra Rússlands, þegar Georgíumenn hófu loftárásir á Tshkanvali fyrir hálfum mánuði.

Alþjóðlegi stríðsglæpadómstóllinn í Haag er byrjaður að kanna vísbendingar um stríðsglæpi, sem grunur leikur á að framdir hafi verið í átökunum. Einkum beinist rannsókn dómstólsins að fjórtán klukkustunda sprengjuárásum Georgíuhers á Tshkinvali og síðan að árásum rússneska hersins á borgina Gori í Georgíu.

gudsteinn@frettabladid.is

Innhringisíma fanga lokað:

Úthringisímar lengur opnir

FANGELSISMÁL Innhringisíma fanga á Litla-Hrauni verður lokað 1. september. Í stað innhringisímans þurfa þeir sem vilja ná tali af fanga að tala inn á símsvara. Skilaboðin verða svo færð viðkomandi fanga.

Sigurbjörn Sævar Grétarsson, ritstjóri vefs Afstöðu – félags fanga, segir þessa tilhögun vera val meirihluta fanga. Við breytinguna verði símar lengur opnir fyrir úthringingar en símarnir hafa verið lokaðir fyrir úthringingar á innhringitímum. Segir hann símkerfið oft og tíðum ekki hafa náð að anna innhringingum.

- ovd

Kínastjórn hefur hafnað öllum umsóknum til að mótmæla í Peking:

Konur á áttræðisaldri dæmdar í vinnubúðir

KÍNA, AP Tvær kínverskar konur á áttræðisaldri hafa verið dæmdar til árs dvalar í vinnubúðum fyrir að hafa sótt um að mótmæla í tengslum við Ólympíuleikana í Peking.

Wu Dianyuan er 79 ára og Wang Xiuying er 77 ára. Þær höfðu ítrekað reynt að fá leyfi til að mótmæla á einu þeirra þriggja svæða sem úthlutuð voru til mótmæla. Þær hugðust mótmæla því að hafa verið fluttar burt af heimilum sínum. Þær voru nágrannar þangað til árið 2001, þegar rýma þurfti húsin til að byggja þar önnur hús.

Óljóst er reyndar hvort alvara verður gerð úr hótun um vinnubúðadvöl þeirra.

„Wang Xiuying er nærri blind og fötluð. Hvers konar endurmenntunarvinnu ætti hún að geta sinnt?“ spyr Li Xuehui, sonur Wu Dianyuan.

Með því að senda fólk, sem lýsir óánægju sinni með stjórnvöld, í svokallaða endurmenntunarvinnu komast stjórnvöld hjá því að þurfa að láta mál þeirra fara fyrir dómstóla.

Kínversk stjórnvöld hafa stært sig af því að hafa úthlutað þremur svæðum í Peking, þar sem mótmælendur áttu að fá að koma skoðunum sínum á framfæri meðan Ólympíuleikarnir stæðu yfir. Borist hafa 77 umsóknir, en öllum hefur þeim verið hafnað. Sumir þeirra, sem sóttu um, hafa verið handteknir.

- gb

WU DIANYAN OG WANG XIUYING Þurftu nauðugar að rýma heimili sín árið 2001, en eiga nú yfir höfði sér fangavist fyrir að vilja mótmæla opinberlega.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjallalamb gefur út verðskrá:

Átján prósenta verðhækkun

LANDBÚNAÐUR Fyrirtækið Fjallalamb hækkar verð til bænda fyrir lambakjöt að lágmarki um átján prósent frá verði síðasta árs.

JÓHANNES SIGFÚSSON

Landssamtök sauðfjárbænda lýstu áhyggjum vegna fimmtán prósenta hækkunar verðskrár Norðlenska enda væri hún fjarri þeirri 27 prósenta lágmarkshækkun sem samtökin töldu í vor að væri nauðsynleg. Formaður Landssamtakanna er Jóhannes Sigfússon sem jafnframt er formaður stjórnar Fjallalambs. „Við hefðum viljað fara hærra en getum ekki verðlagt okkur út af markaðnum,“ segir hann. „Best væri ef allir hefðu stuðst við viðmiðunarverð samtakanna en það gengur ekki upp að aðeins einn geri það.“ **- bþs**

Ríkislögreglustjóri:

Var sæmdur heiðursorðu

LÖGREGLUMÁL Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri hefur verið sæmdur konunglegri heiðursorðu frá Dönum, fyrir starf sitt í þágu norrænnar lögreglusamvinnu síðastliðinn áratug. Það var danski ríkislögreglustjórinn sem afhenti orðuna fyrir hönd dómsmálaráðherra Danmerkur í fyrradag.

HARALDUR JOHANNESSEN

Afhendingin fór fram í tengslum við fund ríkislögreglustjóra á Norðurlöndum sem staðið hefur yfir hér á landi undanfarna daga. **- jss**

Fjölskylduhjálp Íslands:

Biðja um bleiur og frosinn fisk

SAMFÉLAGSMÁL Fjölskylduhjálp Íslands (FÍ) vantar bleiur og frosinn fisk, að sögn Ásgerðar Jónu Flosadóttur, formanns FÍ. „Við erum með mjólk, brauð, egg og unnar kjötvörur en vantar barnableiur og frosinn fisk,“ segir hún. Hún segir einnig óvíst að grænmeti fáist.

FÍ úthlutar nauðsynjavörum til þurfandi á miðvikudögum. Einkum eru það aldraðir, öryrkjar og einstæðir foreldrar.

Úthlutunin fer fram klukkan þrjú. Ásgerður biður þá sem geta látið eitthvað af hendi rakna að koma í húsnæði FÍ í Eskihlíð milli klukkan eitt og þrjú. **- gh**

Nokkur eintök á frábæru verði.
Með sérstöku samkomulagi við Land Rover getum við nú boðið afar hagstæð rekstrarleigukjör á nokkrum Range Rover bílum. Kynntu þér möguleikana – þú gætir komist í hóp hinna útvöldu. **Hafðu samband strax í dag.**

Range Rover Sport

Flottasti bíllinn á götunum segja margir. Lægri og þéttari en stóri bróðir. Rennilegur og stílhreinn í senn. Þetta er sportbíll Range Rover eigandans. Hefur notið gríðarlegra vinsælda á Íslandi. Bíll sem sýnir að hönnuðir Range Rover horfa til framtíðar. Range Rover Sport býður upp á klassíska hönnun og hagkvæman lúxus. Fáanlegur á hagkvæmri tímabundinni leigu í bæði TDV6 og TDV8 útfærslu.

Lávarður götunnar

Range Rover er fyrsti valkostur þeirra sem vilja hámarks þægindi og óskorað afl utan vega og innan. Terrain-response kerfið er alvöru torfærukerfi sem vinnur með loftpúðafjöðruninni til að gefa fullkomna akstursánægju við allar aðstæður. Ökumaður situr hátt og vel fer um farþega í leðuklæddu og björtu innanrýminu. Enginn bíll skákar Range Rover þegar kemur að tækni, gæðum og rækt við smáatriði. Það er ástæða fyrir því að þessi sögufrægi breski jeppi heldur sínum sess, ár eftir ár. Spurðu bara eigendurna!

Með bílinn handa þér

HINIR ÚTVÖLDU

AKA UM Á RANGE ROVER

Range Rover

Hann er stóri bíllinn. Efstur í fæðukeðjunni. Klassískt útlit. Enginn sem átt hefur Range Rover vill sleppa af honum hendinni. Hann á orðsporið skilið. Flestir hugsa "lúxus" en eigendurnir hugsa "praktískur". Nýja Turbo Diesel V8 vélin er 15% kraftmeiri og 30% sparneytnari en forveri hennar. Hann er hagkvæmari en þú heldur. Kynntu þér leigukjörin í samningnum við Land Rover.

60 YRS

LAND ROVER

GO BEYOND

„ORÐRÉTT“

Gestrisinn

„Frjálslyndi flokkurinn mun bjóða fram hér í Reykjavík, en nei, ég mun ekki styðja Ólaf. Það kemur ekki til nokkurra greina.“

JÓN MAGNÚSSON, FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM, UM ÓLAF F. MAGNÚSSON, FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM.
Fréttablaðið 20. ágúst.

Kjarni málsins

„Þarna er klúbbur sem hefur enga aðra hagsmuni en þá að tryggja sjálfum sér dægrastyttingu og einhverjum örfáum lífsviðurværi.“

SIGURJÓN BENEDIKTSSON TANNLÆKNIR Á HÚSAVÍK UM ÞÁ ER KÆRA FYRIRHUGAÐAR ÁLVERSFRAMKVÆMDIR.
Morgunblaðið 20. ágúst.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HALLFRÍÐUR HELGADÓTTIR, LÖGGILTUR SKJALAÞÝÐANDI:

Ungmennaskiptin eru skemmtileg

„Það er allt gott að frétta. Mikið er að gera í kringum skiptinemastarfið hjá okkur sem erum í æskulýðsnefnd Rótarý. Mesta vinnan fer í að taka viðtöl við íslenska verðandi skiptinema og foreldra þeirra í byrjun ársins og síðan er gríðarleg pappírsvinna sem fylgir þessu. En það er alltaf skemmtilegt að verða vitni að ungmennaskiptum. Fólk tengist böndum sem vara ævilangt og ársdvöl í ókunnu landi breytir ungu fólki, gerir það sterkari einstaklinga, víðsýnni og umburðarlyndari,“ segir Hallfríður Helgadóttir, löggiltur skjalaþýðandi.

„Helsta vandamálið er að finna heimili fyrir erlendu skiptinemana. Skiptin eru gagnkvæm og við gætum sent mun fleiri til dvalar erlendis ef við hefðum fleiri heimili til að taka á móti erlendum ungmennum. Samkvæmt reglum Rótarý á skiptineminn að búa á þremur heimilum skólaárið sem hann dvelur í öðru landi. Venjulega taka foreldrar íslensku skiptinemanna á móti þeim erlendu og hafa á heimili sínu frá miðjum ágúst og fram yfir áramót. Síðan þarf að finna tvö heimili fyrir hvern erlendan skiptinema sem skipta með sér tímabilinu frá janúar og til júní.“

Hallfríður segir að von sé á þremur ungmennum til landsins um þessar mundir, tvær stúlkur, önnur frá Mexíkó sem verður í Flensborgarskóla og hin frá Bandaríkjunum og fer í MK og svo er piltur frá Brasilíu sem mun einnig stunda nám í Flensborgarskóla. Annars er Hallfríður löggiltur þýðandi úr ensku á íslensku og starfar sjálfstætt við þýðingar og prófarkalestur.

VIÐURNEFNI Í ÍSLENDINGASÖGUM

Viðurnefnin í Íslendingasögum er mörg hver nokkuð forvitnileg. Til dæmis er Þorgeir Önundarson þar nefndur Þorgeir flöskubak. Viðurnefnið fékk hann þegar Þorfinnur hugðist drepa hann og hjó milli herða honum. Gerði hann sér ekki grein fyrir því að Þorgeir var með leðurflösku á bakinu og fór öxin þar í en Þorgeir sakaði ekki.

Faðir hans gekk undir viðurnefninu Önundur tréfótur og var um hann sagt að hann væri fimastur einfættra manna á Íslandi.

SJÓNARHÓLL

GENGI ÍSLENSKA HANDKNATTLEIKSLIÐSINS Á ÓLYMPÍULEIKUNUM

Að rifna úr stolti

„Ég er bara eins og aðrir landsmenn að rifna út stolti yfir þessu frábæra liði og þeim stórkostlega karakter sem það er að sýna í þessum leikjum,“ segir Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, um gengi íslenska handknattleikslandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking í Kína. „Það er magnað hvernig þeir hafa annars vegar valtað yfir sterkar þjóðir eins og Rússana og Þjóðverjana og síðan komið til baka í leikjum þar sem þeir hafa verið undir. Síðan var leikurinn við Pólverja alveg stórglæsilegur þar sem sigurinn var í raun aldrei í hættu á móti liði sem þeir hafa verið að tapa fyrir trekk í trekk á stórmótum.

SKÚLI HELGASON Framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar.

Það er greinilega kominn slíkur fítonskraftur í þetta lið að maður er fullur bjartsýni fyrir framhaldið.

Ég hef lúmskan grun um að íslenska landsliðið nái að vinna þennan leik við Spánverja á föstudaginn og hef ég í gegnum tíðina ekkert verið neitt ofurbjartsýnn í mótum sem þessum. Það er bara einhver tilfinning.“

Önnur leiðin er bíííb! og hin upp

Viðtalið sem Ólafur Stefánsson veitti RÚV eftir sigurleik handknattleikslandsliðsins gegn Pólverjum hefur vakið mikla athygli. Gaf Ólafur tilfinningunum lausan tauminn og beitti óspart lifandi, og jafnvel torkennilegum, myndlíkingum. Fréttablaðið bað sálfræðinginn Jóhann Inga Gunnarsson að greina orðræðu Ólafs.

JÓHANN INGI GUNNARSSON

Jóhann Ingi Gunnarsson er sérmenntaður á sviði íþróttasálfræði. Hann hefur í mörg ár sinnt sálfræðiráðgjöf fyrir íþróttafélög og starfaði náið með landsliðshópnum að undirbúningi fyrir Ólympíuleikana. Fréttablaðinu lék forvitni á að vita hvaða skilning Jóhann Ingi legði í orðræðu Ólafs í viðtalinu. Hér á eftir fer viðtalið nánast orðrétt og í heild sinni, skipt niður í kafla, og sérleg greining, eða „íslensk þýðing“ eins og hann orðar það sjálfur, Jóhanns Inga:

Ólafur: „Það eru hlutir að birtast hér sem áður voru bara hugsanir og tilfinningar. Það sem fólk getur tekið með sér eða lært af er að ef maður hugsar bara jákvætt – við gerðum það. Allt svona – neikvæðni, bíííb!, sem því fylgir og allt, bara, ekki leyfa því að gróa. Bara að vera ógeðslega pósitívur, sérstaklega þegar maður hugsar um hvað maður er að fara í.“

Jóhann Ingi: *Þetta er Óli Stef í hnotskurn. Hann notar þarna ýmis skringileg orð, en það er tilfinningaleg útrás. Bíííbin eru punktar og kommur hjá honum. Ólafur er mjög hugsandi maður, hann hugsar út fyrir rammann. Þannig er hann skólaður, en hann er fyrst og fremst einstök manneskja. Kjarninn í þessu hjá honum er jákvæð hugsun. Þú ert það sem þú hugsar.*

Ólafur: „... vera ógeðslega þakklátur fyrir að fá að spila hérna og fá að vera hérna. Geðveikir leikar. Gratitúd fyrir það, að vera hérna. Njóta þess að fá að taka einn svona púls í 60 mínútur. Þó þú deyir hérna á vellinum, þá deyrðu lifandi. Það voru allir í fílingnum, ekkert að hugsa um hvort við myndum vinna eða bíííb!, skilurðu? Og njóta þess að vera á þessum velli.“

Jóhann Ingi: *Þarna kemur Ólafur inn á móður allra dyggða, þakklæti. Ólafi finnst Ólympíuleikarnir mun mikilvægari en HM og EM. Hann er þakklátur fyrir að fá að upplifa þetta, og nýtur stundarinnar.*

Ólafur: „Svo unnum við vinnuna okkar mjög vel. Guðmundur með „sideline“-ið sitt og analýserandi endalaust, frábært „team“ þar á ferð. Við vorum að klifra þetta fjall og það voru tvær leiðir í dag. Önnur var bíííb!, og hin var upp. Bara ógeðslega gaman og þetta átti bara að gerast einhvern veginn. Mér líður eins og Morfeusi. Mér líður ógeðslega vel í þessari keppni, alveg frábær.“

Jóhann Ingi: *Óli notar þarna fjallgöngu-myndlíkinguna, að komast á hæsta tind sem hægt er að klífa. Alls ekki horfa niður þótt hátt sé farið. Morfeusar-líkinguna skil ég ekki og ætla ekki að reyna að rýna í hana.*

Ólafur: „Við höfum sem betur fer tvo daga og tökum klukkutíma í að fagna þessu og vera glaðir og allt það. Svo bara dettum við aðeins í „chill-zone“ og svo byrjum við aðeins að analýsera þetta, strax í kvöld í raun. Við þekkjum auðvitað Spánverjana vel, enda búnir að spila oft á móti þeim og við erum betri en þeir ef eitthvað er. Verðum að halda áfram á þessari braut og vera glaðir, njóta hvers leiks. Sjá svo hvað gerist.“

Jóhann Ingi: *Það einkennir okkar afreksmenn að kunna að gleðjast, en ekki of lengi. Ólafur veit að með réttu hugarfari höfum við jafna möguleika og allir aðrir.*

kjartan@frettabladid.is

FYRIRLIÐINN Margir eru á þeirri skoðun að með frammistöðu sinni í viðtalinu við RÚV hafi Ólafur Stefánsson endanlega tryggt stöðu sína sem einn skemmtilegasti persónuleiki íslenskrar íþróttasögu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„MÉR LÍÐUR EINS OG MORFEUSI“

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

„Mér líður eins og Morfeusi,“ sagði Ólafur Stefánsson eftir sigurleikinn gegn Pólverjum, og hafa margir velt því fyrir sér hvað Ólafur átti við með þessari staðhæfingu. Ólafur og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi eru systkinabörn. Hún hefur sínar meiningar um málið:

„Afi okkar, Þórir Kr. Þórðarson, var guðfræðiprófessor við Háskóla Íslands. Hann kenndi auðvitað ekki eingöngu kristinfræði heldur margs konar trúarbrögð, og gríska goðafræðin var honum hugleikin. Ég og Óli vorum svo heppin að eiga góða tíma með afa, þar sem hann fræddi okkur um þessi mál. Óli var mjög áhugasamur þá og æ síðan. Hann sagði að honum liði eins og Morfeusi, sem er goð drauma. Morfeus er eina goðið sem dreymir mannsformið og líklega er Óli þá farinn að dreyma alla leiki, sendingar og mörk. En kannski er þetta bara frænkan að tala,“ segir Þorbjörg Helga.

Einhverjir hafa gert því skóna að með ummælum sínum hafi Ólafur verið að vísa í hinn mikla Morfeus úr Matrix-þríleiknum, leiðtoga andspyrnuaflsins sem neitar að þóknast hinum illu sýndarveruleikaöflum sem ríða húsum þar á bæ. Ekki svo galin hugmynd. Einnig er hugsanlegt að Ólafur líki sér við tölvuforritið Morfeus, sem gerir fólki kleift að skiptast á skrám og upplýsingum á einfaldan máta. Eða jafnvel spænska „dark-ambient“ tónlistarmanninn Morpheus, sem hefur vakið athygli áhugamanna um raftónlist fyrir hljómplötur eins og „Elohim“ og „Rebis“. Já, vegir Ólafs Stefánssonar eru órannsakanlegir.

Kúreki starfar sem flugfreyja

„Akkúrat núna er ég í tímabundnu fríi frá kúrekastörfum og starfa sem flugfreyja í sumar,“ segir Guðni Rúnar Gíslason, sem er skráður sem kúreki í símaskránni.

Guðni segir ekki hafa gengið áfallalaust að fá starfsheitið skráð. „Ég átti eftir að skrá heimilisfangið mitt og ákvað þá í leiðinni að skrá þetta starfsheiti, enda hef ég unnið tímabundið við rekstur kúa. Svo sá ég að heimilisfangið kom inn en starfsheitið ekki. Þegar ég spurðist fyrir um málið fékk ég þau svör að ritstjóri símaskráarinnar hefði hafnað titlinum. Þá krafðist ég útskýringar á því af hverju þetta starfsheiti þætti ekki æskilegt.“ Hann segir ritstjórann hafa séð að sér eftir að hafa hlustað á staðreyndir málsins. „Rökstuðningurinn var sá að þar sem maður sem rekur kýr hlýtur að kallast kúreki þá hlýtur maður sem haft hefur atvinnu af rekstri kúa að mega hafa það sem starfsheiti.“

Guðni segist hafa starfað á ýmsum vettvangi eins og algengt er með nútímafólk. „Ég hef starfað sem blaðamaður, enskukennari, flugfreyja og svo framvegis – en ég tek í kúrekastarfið þegar árar þannig. Draumurinn er svo auðvitað að fara til mekka kúreksturs í Ameríku og sinna starfinu þar.“

DREYMINN KÚREKI Guðna dreymir um að komast vestur um haf í mekka kúrekstursins.

- ges

TAKK FYRIR ÞÁTTTÖKUNA!

VEGABRÉFSLEIKUR N1

VEGABRÉFSLEIKUR N1 ER NÚ Á ENDA OG HAFA HEPPNIR ÞÁTTTAKENDUR VERIÐ DREGNIR ÚR INNSENDUM VEGABRÉFUM. VIÐ VILJUM ÓSKA ÞEIM INNILEGA TIL HAMINGJU OG ÞAKKA ÖLLUM FYRIR FRÁBÆRA ÞÁTTTÖKU Í SUMAR.

AÐALVINNINGAR

FJÖLSKYLDUFERÐ FYRIR 4 TIL FLORIDA, FLUG OG HÓTELGISTING
Í VIKU MEÐ DAGSPASSA Í DISNEY WORLD
KRISTÓFER NATAN SNORRASON - REYKJANESBÆR

VESPA FRÁ ZIP LI
HJÖRDÍS HÓLM HARÐARDÓTTIR - DALVÍK

FLUG FYRIR 2 TIL KAUPMANNAHAFNAR
LOVÍSA HELGA JÓNSDÓTTIR - HOFSÓS

PLAYSTATION 3 LEIKJATÖLVA ÁSAMT FORMULA 1 2008 LEIKNUM
PÉTUR STEINN GUÐMUNDSSON - REYKJAVÍK

AÐRIR VINNINGAR

ATHUGAÐU HVORT ÞÚ HAFIR UNNIÐ Á WWW.N1.IS

FBL-GREINING: ELDFLAUGAVARNAKERFI BANDARÍKJANNA

Eldflaugavarnir gegn „skúrkaríkjum“

Utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Póllands undirrituðu í Varsjá á miðvikudag samkomulag um að Bandaríkjamenn kæmu upp í Póllandi skotstöð fyrir gagneldflaugar, en stöðin verður liður í hnattrænu eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna. Auk gagneldflauganna í Póllandi hafa Bandaríkjamenn samið við tékknesk stjórnvöld um að koma upp ratsjárstöð fyrir kerfið í Tékklandi.

Út á hvað gengur kerfið?

Bandaríska eldflaugavarnakerfið, sem nú er í uppbyggingu, er óbeint framhald af eldflaugavarnaáætlun Ronalds Reagan frá níunda áratugnum, sem gjarnan var kennt við stjörnustríð. Sú áætlun miðaði að því að koma upp getu til að skjóta niður kjarnorkueldflaugar sem skotið yrði frá Sovétríkjunum í átt að Bandaríkjunum. Þess vegna hafði Thule-herstöðin á Grænlandi mikla þýðingu fyrir kerfið eins og það var hugsað í upphafi en mjög hefur dregið úr þýðingu hennar í kerfinu eins og það er hugsað nú.

Með breyttum ógnum eftir lok kalda stríðsins og örri tækniþróun hafa eldflaugavarnaáætlanir Bandaríkjamanna gengið í gegnum mörg þróunarstig á þeim áratugum sem unnið hefur verið að þeim. George W. Bush forseti fyrirskipaði síðla árs 2001, eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september, að stóraukinn kraftur skyldi lagður í að byggja upp það kerfi sem búnaðurinn í Póllandi og Tékklandi á nú að verða liður í.

Hvernig verkar kerfið?

Kerfið á að virka þannig, að sívöktunarratsjár komi auga á langdræga eldflaug sem fyrst eftir að henni er skotið á loft. Á grundvelli upplýsinga frá ratsjárstöðvum, gervihnöttum og öðrum upplýsingalindum kerfisins er ákveðið hvort senda skuli upp gagneldflaugar. Þær fara til móts við óvinaflaugina á meðan hún er á flugi í jaðri gufuhvolfsins og eiga þar að eyða henni og sprengjuoddum hennar.

Hvað skýrir reiði Rússa?

Rússar hafa brugðist ókvæða við. Rússneski varnarmálaráðherrann Sergei Ívanov segist ekki taka trúanlegar fullyrðingar Bandaríkjamanna um að kerfinu sé ætlað að verjast hættu á að langdrægum eldflaugum yrði skotið í átt að Bandaríkjunum eða bandarískum herstöðvum frá „skúrkaríkjum“ eins og Íran eða Norður-Kóreu. Þegar málið er skoðað er hins vegar vandséð að gagneldflaugastöð í Póllandi „gjaldfelli“ kjarnorkueldflaugabúr Rússa eins og þeir hafa haldið fram. Helsta skýringin á reiði Rússa virðist því liggja í því að þeim finnst á sér troðið með því að þessi bandaríski vígbúnaður sé settur upp í fyrrverandi leppríkjum Moskvuvaldsins.

Súpersól til
Salou
5. og 12. sept.
frá kr. 44.990

Allra síðustu sætin!

Terra Nova býður frábært súpersól tilboð í vikuferð til Salou á Spáni 5. og 12. september. Salou er einn allra fallegasti bær Costa Dorada strandarinnar, sunnan Barcelona sem hefur notið mikilla vinsæla vegna mikils fjölbreytileika svæðisins. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, hótelgisting sem hentar jafnt fjölskyldufólki sem öðrum, úrval veitingastaða og afþreyingar, blómstrandi menning og frábært skemmtanalíf. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu sumarfrísins á Costa Dorada. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 44.990
Netverð á mann, m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð í viku, 5. eða 12. september.

Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku.
Ath. að verð getur breyst án fyrirvara

FRÉTTASKÝRING: Saga Óskars Bergssonar

Úr grasrótinni í forystu

Tilkynnt verður um verkaskiptingu og áherslur fjórða meirihlutans í borginni í dag. Óskar Bergsson, oddviti Framsóknar, er lykilmaður í samstarfinu. Hér er stiklað á stóru á pólitískum ferli Óskars, einkum á þessu kjörtímabili.

ÓSKAR BERGSSON Óskar verður í dag lýstur formaður borgarráðs í fjórða meirihluta þessa kjörtímabils. Síðast í júní sagði hann Sjálfstæðisflokkinn ósamstíga og að gífurleg áhætta væri fyrir Hönnu Birnu að stýra því skipi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

R-listinn

Í R-listanum var Óskar vara-borgarfulltrúi og lagði áherslu á nægt framboð byggingarlóða og ytri leið Sundabrautar, þannig að þau byrji á gatnamótum Sundabrautar og Kringlumýrarbrautar og komi upp við Gufunes. Þá vildi hann fá frístundanám, íþróttir og tónlist inn í grunnskólann. Einnig að aldraðir fengju einkaherbergi á elliheimilum.

Prófkjör

Óskar var oft kenndur við grasrót flokksins í prófkjörsslag Framsóknar árið 2006, fyrir borgarstjórnarkosningar.

Hann keppti um fyrsta sætið við Björn Inga Hrafnsson og Önnu Kristinsdóttur og lenti í 3. sæti. Hann áætlaði kostnað sinn við framboðið á 2 milljónir, en þau Björn Ingi og Anna munu hafa eytt um 5 milljónum hvort. Anna hafnaði síðar 2. sætinu og féll það í hlut Óskars.

Kosningar

Í aðdraganda kosninganna 2006 var fjallað um hugmyndir Ólafs Hannibalssonar og Þjóðarhreyfingarinnar um að setja reglur um hámark ráðstöfunarfjár stjórnmálaflokka til að auglýsa. Þetta sagði Óskar vera „til þess eins að slá ryki í augu almennings“. Forskot stærri flokka, sem „ættu“ fjölmiðlana, væri mikið. Takmörkun auglýsinga væri til þess fallin að þeir nytu yfirburða sinna. Stjórnmálaflokkar væru „eins og hver önnur vara á markaði“ – í samkeppni um hylli neytenda. Í þeirri keppni væru auglýsingar ómissandi.

Flugvöllurinn

Flugvöllurinn á að vera á Löngu-skerjum, sagði Óskar í kosningabaráttunni. Þau ætti að byggja upp með jarðvegi sem félli til við framkvæmdir verktaka. Landfyllingin ætti að vera tilbúin á 10 til 15 árum. Hana mætti auðveldlega fjármagna með gróða þeirra lóða sem sköpuðust í Vatnsmýri.

„Þau sjónarmið Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks um að málið sé ekki á dagskrá og beðið sé eftir niðurstöðu sérfræðinga eru skýringar sem ekki er lengur hægt að bjóða fólki upp á,“ sagði Óskar þá. Flugvöllur á Hólmsheiði kæmi ekki til greina. Ef ekki á Löngu-skerjum, þá áfram í Vatnsmýri.

Beggja vegna borðs?

Óskar var formaður framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar í fyrsta meirihlutanum, og varaformaður skipulagsráðs.

Í desember 2006 var hann ráðinn verkefnisstjóri hjá Faxaflóahöfnum í tengslum við ýmis verkefni tengd skipulagi og framkvæmdum við Mýrargötu.

Varaborgarfulltrúinn tók þá að sér að gæta hagsmuna Faxaflóahafna gagnvart lóðareigendum, Reykjavíkurborg og öðrum, eins og sagði í samningi hans við fyrirtækið. Óskar taldi að þetta skaraðist ekki við trúnaðarstörf sín fyrir borgina. Hann samdi um 390.000 krónur, utan virðisaukaskatts, í verktakagreiðslur á mánuði, fyrir 15 stunda vinnuviku. Staðan var ekki auglýst.

Óskar deildi vegna þessa við Dag B. Eggertsson og sakaði hann um að hafa sent starfssamninginn á fréttastofur. Hann minnti á að Dagur hefði starfað við stundakennslu fyrir Háskólann í Reykjavík, eftir að hann hefði úthlutað skólanum byggingarlóð.

Óskar sleit síðar samningnum við Faxaflóahafnir „til að skapa frið í kringum verkefnið“. Dagur hrósaði honum fyrir það.

Kosningastjórinn

Í mars 2007 var Óskar ráðinn kosningastjóri Framsóknar fyrir alþingiskosningar. Í Markaði Fréttablaðsins líkti hann þá Jóni Sigurðssyni, oddvita flokksins, við kasmír-ullarfrakka.

„Ég sem sölumaður vörunnar hef sannfæringu fyrir því að ég er að bjóða upp á vandaða vöru sem enginn verður svikinn af,“ sagði Óskar, og bætti við að fólk ætti að varast eftirlíkingar. Kjósendur gleyptu víst ekki við þessu.

Tjarnarkvartettinn

Í 100 daga meirihlutanum missti Óskar formennsku í skipulagsráði en varð stjórnarformaður Eignasjóðs Reykjavíkurborgar. Hann tók sæti Björns Inga í starfshóp um Orkuveituna og REI, en sjálfstæðismenn höfðu gagnrýnt veru Björns Inga þar.

Í þessum mánuði upplýstu 24 stundir um að Óskar væri launahæstur varaborgarfulltrúa, með 390.000 krónur í laun á mánuði.

Uppgjör við Sjálfstæðisflokk

Óskar skrifaði grein í Fréttablaðið í nóvember 2007 og fór nokkuð fögrum orðum um Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson, en sagði hann hafa sýnt linkind sem borgarstjóri. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hefðu hins vegar flestir sýnt Vilhjálmi „fullkomna lítilsvirðingu“. Framgöngu þeirra á þeim dögum mætti rekja til „blinds metnaðar“ sumra borgarfulltrúa til að setjast í stól borgarstjóra. Sumt atferli þeirra, sérstaklega sáttafundur um REI, dæmdi Óskar sem „eitt mesta klúður sem ég hef upplifað í íslenskri pólitík“.

Hann sagði þann gjörning sjálfstæðismanna að reka Hauk Leósson úr Orkuveitu og REI „miskunnarlausan og ósmekklegan“. Lægra væri vart hægt að leggjast.

Sjálfstæðismen hefðu sýnt samstarfsflokknum „hroka og virðingarleysi“ á eftirminnilegum síðasta fundi fyrsta meirihlutans, sagði Óskar.

„Og fullkomin veruleikafirring [þeirra] fyrir alvöru málsins gerði mig agndofa,“ sagði hann.

Óskar Bergsson lauk við pistilinn með þessum varnaðarorðum til sjálfstæðismanna:

„Upp á framtíðina vil ég segja við sjálfstæðismenn að ef þeir ætla að starfa með öðrum flokkum þá verða þeir að tileinka sér þá lágmarkstillitssemi að gefa ekki út pólitískar sáttargjörðir og stefnubreytingar nema í samráði við samstarfsflokk sinn.“

Framsóknarvandræði

Í byrjun árs 2008 gaus upp hnífasettamálið víðfræga. Kom í ljós að flokkurinn hafði greitt fatnað fyrir frambjóðendur sína, mest á Björn Inga, en einnig voru reikningar stílaðir á Óskar og Rúnar Hreinsson kosningastjóra. Óskar sagði að ekkert óeðlilegt hefði verið á ferðinni.

„Frambjóðendur eru fulltrúar flokksins úti um allan bæ í kosningabaráttunni og það skiptir máli hvernig þeir koma fyrir,“ sagði hann.

Þessu lauk með því að Björn Ingi sagði af sér og kvaðst langþreyttur á borgarpólitík og erjum meðal samherja. Þá hafði 100 daga meirihlutinn sprungið.

Tjarnarkvartett í minnihluta

Óskar Bergsson tók sæti Björns Inga á fyrsta borgarstjórnarfundi 200 daga meirihlutans, 24. janúar 2008. Maðurinn sem lenti í þriðja sæti í prófkjöri flokksins árið 2006 settist nú í borgarráð sem oddviti hans.

Óskar var fremur áberandi í stjórnarandstöðu og gagnrýndi harðlega nýjan meirihluta og sérstaklega kaup borgarinnar á Laugavegi 4 til 6. Hann deildi við Ólaf borgarstjóra, sem sagði að borgarstjórn „setti niður“ við nærveru Óskars. Borgarstjóri dró þetta síðar til baka.

Í minnihluta minnti Óskar gjarnan á að þverpólitísk sátt væri um að selja ekki REI, þegar hreyft var við hugmyndum um annað.

Hann gagnrýndi stjórn Orkuveitunnar í maí fyrir „flumbrugang“ þegar hætt var við að virkja í Bitru. Eftir þetta segist Óskar hafa efast um samleið sína með minnihlutanum, sem fagnaði niðurstöðunni.

Óskar mótmælti þegar Guðmundur Þóroddsson var rekinn frá Orkuveitunni og sagði upp-sögnina „tilhæfulausa“.

Þegar tilkynnt var í júní að Hanna Birna yrði borgarstjóraefni flokks síns, sagði Óskar það „gífurlega áhættu“ fyrir hana. Sjálfstæðisflokkurinn væri ósamstíga enn sem fyrr.

Í ágúst var hann þó kominn í viðræður um meirihlutasamstarf við Sjálfstæðisflokkinn.

FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTMARKAÐUR

FERSKUR KJÚKLINGUR

FERSKUR HEILL HOLTAKJÚKLINGUR
419 kr./kg. MERKT VERÐ 698 KR./KG. *9 TONN Í BOÐI*

BÓNUS FERSKUR KRYDDAÐUR KJÚKLINGUR
Í ÁLBAKKA **539 kr./kg.** MERKT VERÐ 899 KR./KG.

ÍSLENSKT FERSKT GRÍSAKJÖT

ÍSLANDS GRÍS

Grísakótilettur í raspi **1139 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Ferskt grísasnitsel í raspi **1139 kr./kg.** MERKT VERÐ 1898 KR./KG.

Ferskar grísakótilettur
1068 kr./kg. MERKT VERÐ 1779 KR./KG.

Ferskt grísasnitsel
1122 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

Ferskt grísagúllas
1122 kr./kg. MERKT VERÐ 1869 KR./KG.

Ferskir grísaskankar
179 kr./kg.
MERKT VERÐ 298 KR./KG.

Ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.

Ferskar grísarifjur
659 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

Ferskar grísalundir
1319 kr./kg.
MERKT VERÐ 2198 KR./KG.

Ali ferskur svínahnakki úrb.
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

Ali ferskur svínabógur
499 kr./kg.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

Rýmingarafsláttur
350.000 kr.

Ford Focus Trend

1,6i 100 hö 150 Nm 5 gíra station
Rýmingarverð 2.570.000 kr.*
4 bílar á þessu tilboði.

Ford Mondeo Titanium

2,0i 145 hö 185 Nm 5 gíra 5 dyra
Rýmingarverð 3.560.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
300.000 kr.

Ford Fiesta Trend

1,4i 80 hö 124 Nm 5 gíra 5 dyra
Rýmingarverð 1.830.000 kr.*
5 bílar á þessu tilboði.

Ford S-MAX Trend Dísil

2,0TDCi 130 hö 340 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 4.650.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
580.000 kr.

Rýmingarafsláttur
530.000 kr.

Nýtt í Brimborg

Rýming

Rýmum fyrir nýjum lager

Kauptu núna. Brimborg grisjar lagerinn fyrir nýjar pantanir.

Reynslan sýnir að bílakaupendur velja traust bílamerki og örugga þjónustu á tímum samdráttar. Bílasala Brimborgar hefur gengið vel og hefur fyrirtækið aukið hlutdeild sína á markaði. Núna vill Brimborg grisja lagerinn fyrir nýjum pöntunum – nýjum sendingum af bílum. Komdu í Brimborg í dag og gerðu betri kaup á völdum bílum. Vertu á öruggum stað. Komdu á rýmingarsölu Brimborgar á nýjum bílum í dag.

Rýmingarafsláttur
459.000 kr.

Volvo S40 S R-Design

1,6i 100 hö 150 Nm 5 gíra 4 dyra
Rýmingarverð: 3.190.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
458.000 kr.

Volvo C30 S Dísil

1,6D 109 hö 230 Nm 5 gíra Coupe
Rýmingarverð 3.190.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Volvo V70 SE Dísil AWD

2,4 D5 185 hö 400 Nm sjálfskiptur station
Rýmingarverð 5.790.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingarafsláttur
819.000 kr.

Rýmingarafsláttur
1.168.000 kr.

Volvo XC90 SE+ Dísil AWD

2,4 D5 185 hö 400 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 7.990.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Sumir þeirra bíla sem í boði eru, eru búnir aukabúnaði umfram staðalbúnað viðkomandi gerðar. Rýmingarverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er

Cohn & Wolfe Public Relations Ísland

Rýmingaraf slátt ur
720.000 kr.

Ford Mustang GT Premium Luxury

5,4i 300 hö 433 Nm sjálfskiptur Coupe
Rýmingarverð 4.770.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingaraf slátt ur
570.000 kr.

Ford F-150 King Ranch Luxury 4x4

5,4i V8 300 hö 495 Nm sjálfskiptur 4 dyra
Rýmingarverð 4.850.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Ford Escape Limited AWD

3,0i V6 200 hö 261 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 3.980.000 kr.*
3 bílar á þessu tilboði.

Ford Explorer Sport Trac Limited Luxury 4x4

4,6i V8 292 hö 406 Nm sjálfskiptur 4 dyra
Rýmingarverð 3.990.000 kr.*
2 bílar á þessu tilboði.

Rýmingaraf slátt ur
640.000 kr.

Rýmingaraf slátt ur
730.000 kr.

100% fjármögnun

Brimborg lánar þér fyrir nýjum bíl

arsala

Komdu í Brimborg í dag

í dag

Rýmingaraf slátt ur
460.000 kr.

Mazda6 Advance

2,0i 147 hö 184 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 3. 090.000 kr.*
4 bílar á þessu tilboði.

Rýmingaraf slátt ur
350.000 kr.

Mazda3 Advance Plus

1,6i 105 hö 145 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 2.540.000 kr.*
4 bílar á þessu tilboði.

Mazda5 Advance

2,0i 146 hö 185 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 2.640.000 kr.*
3 bílar á þessu tilboði.

Mazda MX-5 Roadster

2,0i 160 hö 188 Nm 5 gíra Coupe
Rýmingarverð 3.240.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingaraf slátt ur
490.000 kr.

Rýmingaraf slátt ur
750.000 kr.

Rýmingaraf slátt ur
700.000 kr.

Rýmingaraf slátt ur
770.000 kr.

Citroën C4 Grand Picasso Comfort Dísil

1,6HDi 110 hö 240 Nm sjálfskiptur 7 manna
Rýmingarverð 3.229.000 kr.*
3 bílar á þessu tilboði.

Citroën C4 Picasso Comfort Dísil

1,6HDi 110 hö 240 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 2.999.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Citroën C5 SX Dísil

2,0HDi 138 hö 320 Nm sjálfskiptur 5 dyra
Rýmingarverð 3.369.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Citroën C2 VTS

1,6i 125 hö 147 Nm 5 gíra 3 dyra
Rýmingarverð 1.890.000 kr.*
1 bíll á þessu tilboði.

Rýmingaraf slátt ur
500.000 kr.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Útgjöldin
> Meðalverð á 100 rúmmetrum af heitu vatni í Reykjavík



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: GUÐMUNDUR HRAFNKELSSON, FYRRUM LANDSLIÐSM. Í HANDBOLTA

Rauða hafið vekur góðar minningar

„Bestu kaupin mín eru fyrsti bíllinn. Hann er allavega án nokkurs vafa eftirminnilegastur. Það var forláta bjalla sem ég keypti árið líklega eitthvað í kringum árið 1984 og fékk síðan nafnið Rauða hafið," segir Guðmundur Hrafnkelsson, fyrrum landsliðsmarkvörður í handbolta. „Þetta var svona bíll með persónuleika. Hann gekk illa í frosti. Bensíngjöfin fraust föst og dempararnir sömuleiðis. Miðstöðin var svo sjóðandi heit aftur í en blés hins vegar ekkert fram á rúðurnar. Þannig að þetta voru í sjálfu sér frekar slæm kaup en þó finnst mér þau hafa verið mjög góð í raun og veru. Þau voru góð af því að Rauða hafið lifir í huganum og vekur góðar minningar. Það er það sem er lykilatriðið."

Hvað varðar verstu kaupin á Guðmundur erfitt með að nefna einhverja ákveðna vöru eða verslun sem hefur reynst honum illa. „Verstu kaupin, eða þau sem hafa haft mest áhrif á mig, voru gerð þegar ég var úti í atvinnumennsku í handboltanum. Þá kom fyrir að léleg kaup voru gerð á leikmönnum sem kom auðvitað niður á öllum í liðinu. En ég kann, eðli málsins samkvæmt, ekki við að útlista þau tilvik nákvæmlega – ég vil ekki særa þessa leikmenn."

GÓÐ HÚSRÁÐ

ALGJÖRT DRAUMATÆKI

■ *Jón Þór Þorleifsson kvikmyndagerðarmaður ætlar að biðja um eftirlætishúsráðið sitt í jólagjöf.*

„Besta húsráð í heimi ever! er einfaldlega að eiga sjálfvirka ryksugu, eða iRobot. Þetta undratæki ryksýgur heimili þitt daglega á meðan þú sinnir skemmtilegri málum, ferð í vinnuna eða hvað sem er," segir Jón Þór. Hann á vart orð til að lýsa mörgum kostum tækisins. „Þegar tækið er orðið batterílaust þá hleður það sig sjálft. Þetta er algjört draumatæki og verður langefst á óskalistanum mínum fyrir næstu jól. Ég hef lesið mér töluvert til um tækið á veraldarvefnum og get vart beðið eftir að verða stoltur eigandi eins slíks."

Dýrt að versla í lágvöruverðsverslunum:

Intersport næstum helmingi dýrari

Sumar verslanir keppast við að auglýsa sig sem lágvöruverðsverslanir. Engu að síður berst Neytendavakt Fréttablaðsins fjölmörg bréf sem sanna að það er ekki alls kostar rétt. Í fljótu bragði fann ég engar skilgreiningar á því hvaða skilyrði verslanir þurfa að uppfylla til þess að kalla sig lágvöruverðsverslanir en venjulega á það við um búðir sem selja vörur á lágu verði með litlu umstangi.

Eitt af bréfunum sem okkur barst er á þessa leið: *Mig langar að vekja athygli ykkar á versluninni Intersport sem auglýsir sig sem lágvöruverslun. Mig hafði langað í Didrikson jakka og vildi fá hann hvítan. Ég er búsett á Akranesi og í versluninni Ozone þar kostaði jakkinn 8.990 krónur en ekki til hvítur. Ég fór í Intersport í Lindum og þar kostaði sams konar jakki 13.990 krónur. Að mínu mati er þessi verðmunur á sömu flík algjörlega út í hött. Ég keypti flíkina hins vegar og fór með hana í Ozone þar sem ég sýndi bæði verslunareiganda og viðskiptavinum verðmiðann. Ég fór að velta því fyrir mér hvort að neytendur færu og keyptu í Intersport og versluðu í þeirri trú að þar væru hlutirnir ódýrari og ég veit um fleiri vörur sem eru ódýrari í Ozone á Akranesi heldur en í Intersport.*

HELGA ÞÓREY
neytendur@frettabladid.is

Verslunarstjóri Intersports á Bíldshöfða var í sumarfríi þegar reynt var að hafa samband við hann vegna verðmunarins. Ekki náðist í aðstoðarverslunarstjóra heldur, þrátt fyrir að nokkrar tilraunir væru gerðar. Reyndar vissu starfsmenn skiptiborðs Intersports ekki að verslunarstjórinn væri í fríi og gáfum mér samband við símann hans að ósekju í þrjá daga.

Hver svo sem útskýringin er á fimm þúsund króna verðmun á jökkunum er þá er óhætt að segja að mismunurinn hlýtur að fara í vasa þeirra sem hann selja. Lágvöruverðsverslun eða ekki – það er alltaf vissara að gera verðsamanburð.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



KRISTÍN BJÖRGVINSDÓTTIR Lét loka númerinu en var samt beðin um að borga reikning eftir aðra konu.

Kona í Keflavík sveik út síma-þjónustu

Kona í Keflavík opnaði númer Kristínar Björgvinsdóttur eftir að hún hafði sagt því upp. Konan keypti sér netþjónustu og GSM-síma án þess að þurfa nokkru sinni að sýna skilríki. Upplýsingafulltrúi Símans segir málið afar óvenjulegt.

Kristín Björgvinsdóttir sagði upp númeri og áskrift hjá Símanum í október í fyrra þegar hún flutti úr íbúð í Keflavík. Í vor fékk hún svo skyndilega reikning á númerið. Hún hafði samband við Símann þar sem starfsmenn tjáðu henni að hún yrði að greiða upphæðina sjálf, þrátt fyrir að fullsannað væri að hún hefði sagt númerinu upp.

Kristín segir að konan sem hafði verið að nota númer sitt hefði gert það án vandræða.

„Hún flutti í gömlu íbúðina mína og hafði samband við Símann. Hjá þeim fékk hún ekki aðeins að opna númerið á mínu nafni á ný, heldur setja upp ADSL-tengingu og panta sér tæplega fjörutíu þúsund króna síma á léttgreiðslum úr verslun þeirra í Kringlunni sem hún lét svo senda sér til Keflavíkur."

Að sögn Kristínar var konan aldrei beðin um skilríki. Þegar henni var afhentur síminn í Keflavík laug hún því að hún væri barnfóstra Kristínar, sem er barnlaus.

Móðir Kristínar, Kolbrún Jónsdóttir, segir að sér þyki vinnureglum Símans ábótavant. „Hvergi í ferlinu var konan beðin um skilríki," segir hún og bendir á að þetta gæti komið fyrir hvern sem er.

Kristín bætir því við að það sé „ekki eins og fólk hringi reglulega í Símann til þess að athuga hvort númer sem það hefur sagt upp sé í notkun. Ég sé ekki að það sé nokkur leið til að verjast svona glæpum ef Síminn endurskoðar ekki afstöðu sína gagnvart skilríkjanotkun."

Kristínu þykir verst að ekki sé verið að sækja konuna til saka fyrir málið.

Linda Björk Waage, upplýsingafulltrúi Símans, sagði í samtali við Fréttablaðið að þetta væri afar óvenjulegt mál.

„Viðskiptavinur sem ekki notar þjónustu Símans mun að sjálfsögðu ekki þurfa að greiða fyrir hana og við munum ganga úr skugga um að það gerist ekki. Hafi hún fengið önnur svör er það ekki í takt við vinnulag Símans og þessu verður kippt í liðinn."

Linda leggur áherslu á að farið verði í gegnum málið lið fyrir lið. Enn á eftir að taka ákvörðun um hvort Síminn reyni að innheimta féð frá konunni. **helgath@frettabladid.is**

Sæktu þér aukinn styrk

- fjölbreytt og áhugaverð námskeið í boði

STJÓRNUN OG STARFSÞRÓUN

Tímastjórnun
hefst 15. september

Sönn leiðtogahæfni: Jákvæð forysta
haldið 25. september

Verkefnastjórnun: Hlutverk og stjórnskipulag
hefst 29. september

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 30. september

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri
haldið 11. september

Excel I – fjármál og rekstur
hefst 16. september

Virðisaukaskattur af byggingarstarfsemi
haldið 23. september

Excel - Veltitöflur (Pivot table)
haldið 24. september

Gerð viðskiptaáætlana
haldið 26. september

Excel II - fjármál og rekstur
hefst 30. september

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Mannauðs- og breytingastjórnun í grunnskólum
hefst 16. september

Talnalykill: Staðal og markbundið próf í stærðfræði
haldið 19. september

Mannauðs- og breytingastjórnun í grunnskólum - eingöngu í fjarfundi
hefst 23. september

MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

Franska fyrir byrjendur
hefst 2. september

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 15. september

Kvikmyndirnar og lífið
hefst 18. september

Thor Vilhjálmson – list og starf
hefst 22. september

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
hefst 23. september

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 24. september

Bækurnar í bústaðinn
hefst 30. september

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Viðbótar og óhefðbundnar meðferðir í hjúkrun – á Akureyri
hefst 8. september

Geislavarnir fyrir ábyrgðarmenn
haldið 12. september

Mansal
haldið 15. september

Leiðtogahæfni í lífi og starfi
hefst 17. september

HUGBÚNAÐUR

Stafrænt frelsi í ríkisstofnunum
hefst 22. september

SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Gerð lagafrumvarpa og reglugerða
haldið 17. september

H:N markaðssamskipti / SÍA

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444
endurmenntun.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.277 **-0,70%**

Fjöldi viðskipta: 173
Velta: 2.369 milljónir

MESTA HÆKKUN

EIK BANKI	+5,68%
ICELANDAIR	+2,4%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	+0,35

MESTA LÆKKUN

SPRON	-5,71%
EXISTA	-3,30%
ÖSSUR	-1,76%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,76 -0,44% ... Atorka 5,44 -0,18% ... Bakkavör 28,80 +0,17% ... Eimskipafélagið 14,20 +0,35% ... Exista 8,51 -3,30% ... Glitnir 15,50 -0,32% ... Icelandair Group 19,20 +2,40% ... Kaupþing 709,00 -0,56% ... Landsbankinn 23,85 -0,83% ... Marel 87,30 -0,34% ... SPRON 3,30 -5,71% ... Straumur-Burðarás 9,56 +0,32% ... Össur 89,40 -1,76%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn

Skammast sín fyrir Íslendingana?

Finnska viðskiptablaðið Kauppalehti sló því upp á miðvikudag að finnski fjárfestingarbankinn eQ skammist sín fyrir þjóðerni eigenda sinna en hann er að fullu í eigu íslenska bankans Straums-Burðaráss.

Blaðið bendir á að eQ auglýsi sig sem finnskan banka í eigu „fjölþjóðlegrar samsteypu". Þá finnst Kauppalehti grunsamlegt að á heimasíðu eQ séu hvorki myndir af íslenskum stjórnendum Straums né ávörp þeirra og að hvergi sé tekið fram að Straumur sé í eigu Íslendinga. Þá veltir blaðið því fyrir sér hvort eQ veigri sér við að nefna síðari hluta nafns Straums-Burðaráss, því það sé of „íslenskt".

Kauppalehti staðhæfir að þetta sé ekkert einsdæmi því aðrir íslenskir bankar í Finnlandi reyni að breiða yfir þjóðerni sitt. Glitnir, sem keypti fjármálafyrirtækið FIM í fyrra, kalli sig „norrænan" banka og að Kaupþing Sofi gangi enn lengra þegar það kalli Kaupþing „evrópskan" banka.

Íslenskt efnahagslíf ótraustvekjandi

Blaðamaður Kauppalehti segir þetta mjög skiljanlegt, því Ísland sem áður var þekkt fyrir „ævintýralegan vöxt" sé um þessar mundir best þekkt fyrir „ótryggt efnahagsástand", og að í bankarekstri, sem byggist á trausti og tiltrú, sé ekki gott að vekja athygli á atriðum sem kunni að vekja efasemdir um áreiðanleika. Reyndar segist hann hafa fyrir því heimildir að starfsmenn eQ reyni viljandi að spila niður þjóðerni Straums „á þessum síðustu og verstu tímum".

600 milljónir í söluhagnað

Straumur hefur selt allan hlut sinn í fyrirtækinu Net Entertainment til forstjóra og stjórnarmanna þess. Salan er liður í stefnu bankans að minnka hlutdeild fjárfestinga í heildareignum bankans.

Straumur keypti hlutinn í júlí 2005 en þá hét fyrirtækið Cherryforetagen. Því var síðar skipt upp í Betson, Cherry Casino og Net Entertainment sem var skráð á NGM Equity markaðinn í Svíþjóð í apríl í fyrra. Gengi bréfa Net Entertainment hefur hækkað um 73 prósent frá áramótum.

Greiningardeild Landsbanka Íslands áætlar að Straumur hafi hagnast um rúmar 600 milljónir íslenskra króna á sölunni. **- ghh**

Hummer er óvinsæll

Hátt olíuverð hefur dregið mjög úr áhuga Bandaríkjamanna og Evrópubúa á ofvöxnum bílum á borð við Hummerjeppa, enda eru þeir síst þekktir fyrir sparneytni. General Motors, sem framleiðir Hummerjeppa hefur því að undanförnu reynt að losa sig við Hummervörumerkið, en GM hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum að undanförnu.

Bílaframleiðendur í Rússlandi, Indlandi og Kína sýndu Hummernum í fyrstu áhuga, en að undanförnu hefur það helst verið í Kína sem bílarnir hafa verið að seljast. Samningaviðræður við indversku og kínversku bílaframleiðendurna virðast hins vegar hafa siglt í strand. CNN segir indverska fyrirtækið sem átti að kaupa Hummerinn engan áhuga hafa og Reuters greinir frá því að þrír stærstu bílaframleiðendur Kína hafi afþakkað trölljeppann.

ARNOLD SCHWARZENEGGER Frægasti Hummereigandi heims er án vafa Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu. MARKAÐURINN/AFP

Eini kaupandinn sem er þá eftir er rússneski auðkýfingurinn Oleg Deripaska en hann er stjórnarformaður RUSAL, sem var um skeið orðað við álbræðslu hér á landi. **- msh**

Hagnaður HoF eykst

Rekstrarhagnaður bresku verslunarinnar House of Fraser jókst um rúm þrjátíu prósent á síðastliðnum tólf mánuðum. Veltan fór upp um 2,9 prósent á fyrri hluta árs.

Baugur, ásamt hópi fjárfesta, svo sem Tom Hunter, einum ríkasta manni Skotlands, tók verslunina yfir í nóvember fyrir tæpum tveimur árum og greiddi fyrir hana jafnvirði 77 milljarða íslenskra króna á þávirði.

Fréttaveitan Thomson Financial hefur eftir Don McCarthy, forstjóra House of Fraser, að John King, forstjóri verslunarinnar, hafi skilað frábærum árangri við erfiðar aðstæður í Bretlandi. **- jab**

EIN VERSLANA HOUSE OF FRASER Stjórnarformaður HoF segir fyrirtækið hafa náð góðum árangri við krefjandi aðstæður í breskri verslun.

Loka ekki á ný tilboð

Stjórn bresku verslanakeðjunnar Woolworths er enn opin fyrir því að skoða frekari tilboð Baugs líti þau dagsins ljós.

Malcolm Walker, forstjóri bresku frystivörukeðjunnar Iceland, og Baugur lögðu fram tilboð í smásöluhluta Woolworths upp á 50 milljónir punda, jafnvirði 7,7 milljarða íslenskra króna, fyrir nokkru, að lánum og lífeyrisskuldbindingum undanskildum. Því var hafnað um síðustu helgi en skilyrðin og mikil uppstokkun á rekstri fyrirtækisins þótti helsti ásteytingarsteinninn.

Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, sem á tíu prósenta hlut í Woolworths, sagði í samtali við Markaðinn í vikubyrjun, að næstu skref yrðu skoðuð þótt ekki væri afráðið hvort nýtt tilboð yrði lagt fram.

Richard North, talsmaður Woolworths, sagði í samtali við breska viðskiptablaðið Financial Times í fyrradag að stjórn Woolworths væri tilbúin til viðræðna við Baug. Ekki væri hins vegar hægt að ræða um tilboðið eins og það var lagt fram á dögunum. **- jab**

Bankar hrynja í verði

Verð hlutabréfa í bandarísku fasteignalánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac hefur hrunið síðan á mánudag. Verð bréfa í Fannie féll um 32 og Freddie 37 prósent og hefur ekki verið lægra í tvo áratugi, en sjóðirnir eru í ábyrgð fyrir um helming allra fasteignalána í Bandaríkjunum.

Verðfallið hófst í kjölfar fréttar í Barrons um helgina þess efnis að sjóðirnir séu gjaldþrota og verði líklega þjóðnýttir innan skamms. Þá ýtti það undir ókyrrð á hlutabréfamörkuðum að fyrrum aðalhagfræðingur Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, Kenneth Rogoff, staðhæfði á þriðjudag að lánsfjárkreppan ætti enn eftir að dýpka mikið og að stórt bankagjaldþrot væri á næsta leiti í Bandaríkjunum. Þá hafa slæmar fréttir af stöðu Lehman Brothers, eins stærsta fjárfestingarbanka Bandaríkjanna, hafa vakið ugg.

Í Bandaríkjunum hafa hlutabréf fallið í verði um 2,5 prósent síðan á mánudag. Verðlækkanirnar, sem hafa verið mestar í fjármálafyrirtækjum hafa breiðst til Asíu og Evrópu en hefur lítil áhrif haft hér á landi. **- msh**

Hár raforkuþröskuldur fælir erlendan fjárfesti

Forstjóri Fjárfestingarstofu vill að skilgreiningu á stórnotendum raforku verði breytt og notkunarmörk lækkuð. Fyrirtæki hafi hætt við fjárfestingar hér vegna hás þröskuldar. Rarik telur að aðrir notendur þurfi þá að niðurgreiða orkuflutning til gagnavera eða viðlíka starfsemi. Heildarendurskoðun raforkulaga hefst í iðnaðarráðuneytinu í haust.

„Það hefur komið fyrir að fyrirtæki hafi horfið frá vegna þess að raforkuþröskuldurinn var of hár," segir Þórður Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu.

Þetta fyrirtæki vinni með kælingu í svonefndum gagnaverum, en Þórður kýs að nefna það ekki. „Stóriðjutaxtinn í raforkuflutningi miðast við fjórtán megavött samkvæmt lögum. Við hefðum viljað fara niður í fimm," segir Þórður. Fjárfestingastofa hefur unnið að því að kynna Ísland fyrir alþjóðlegum fjárfestum og tala máli þeirra hér. Þórður segir að margir hafi sýnt því áhuga að koma hingað með iðnað sem krefst raforku, Í þeim hópi séu gagnaver, fyrirtæki sem framleiðir sólarrafhlöður, koltrefjaverksmiðja og fleira.

„Gagnaverin, og raunar aðrir líka, byrja gjarnan smátt en vilja svo bæta við starsemina. Það þyrfti því að vera hægt að tryggja þeim lægra raforkuverð strax í upphafi," segir Þórður, sem bætir því við að gagnaver af sæmilegri stærð noti um 10 megavött á ári. Sama megi segja um raforkunotkun annars konar starfsemi.

Stórnotendur raforku eru skilgreindir í lögum. Þeir noti 14 megavött eða meira og nýti orkuna í 8.000 stundir á ári eða lengur. Það eru 8.760 klukkustundir í einu ári.

Stórnotendur geta tengst flutningskerfi raforkunnar beint, en þurfa ekki að fara um almenna dreifikerfið. Þeir greiða fyrir flutning raforku samkvæmt gjaldskrá fyrir stórnotendur. Þeir þurfa hins vegar sjálfir að bera kostnað af því að tengjast flutningskerfinu.

UNNIÐ VIÐ HÁSPENNULÍNU Stórnotendur raforku þurfa sjálfir að greiða kostnaðinn við að tengjast dreifikerfi Landsnets. Þeir greiða hins vegar ekki nema um þriðjung af því sem almennir notendur þyrftu að greiða fyrir næstum því sama magn.

Töluverðu munar á flutningsgjaldi stórnotenda raforku og notenda í almenna veitukerfinu. Sé tekið dæmi af notanda sem er rétt yfir mörkum stórnotanda og öðrum sem er rétt undir þeim, greiðir stórnotandinn um það bil 70 milljónir króna á ári fyrir flutning raforkunnar, en hinn líklega aldrei minna en 230 milljónir króna, fyrir næstum jafn mikið rafmagn. Stórnotandinn þarf raunar sjálfur að greiða fyrir tengingu við dreifikerfið og línur þaðan og getur sá kostnaður hlaupið á nokkur hundruð milljónum króna.

Iðnaðarráðherra lagði til á Alþingi í vetur að viðmið um stórnotendur yrði lækkað niður í 8 megavött á ári. Málið náði ekki fram að ganga. Landsnet og Rarik lögðust eindregið gegn breytingunum.

Rarik segir í umsögn sinni um málið. „Með fjölgun „stórnotenda" sem í eðli sínu eru áþekkir og stærstu notendur hjá dreifiveitum verður ekki lengur hægt að skipta kostnaði Landsnets á faglegan hátt á milli stórnotenda og dreifiveitna og allar líkur á að flutningur til hinna litlu „stórnotenda" verði niðurgreiddur af öðrum notendum."

Landsnet dregur einnig í efa að nýir stórnotendur hafi bolmagn til þess að standa undir byggingu nýrra flutningsvirkja. Sama segir Hitaveita Suðurnesja. Samkvæmt upplýsingum Markaðarins úr iðnaðarráðuneytinu stendur til að þessi breyting verði liður í heildarendurskoðun raforkulaga sem eigi að hefjast í haust og ljúka árið 2010. **ingimar@markadurinn.is**

Icelandair ver sig gegn haustinu

„Það þarf að ganga óhikið fram. Við sættum okkur ekki við að reka einingar með tapi," segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group. Hann segir rekstur Icelandair hafa verið óásættanlegan og vísaði til þess að 330 starfsmönnum hafi verið sagt upp í byrjun sumars. Ekki verði fleirum sagt upp í bráð, að hans sögn. „Það er almenna reglan í öllum rekstri að aðlaga fyrirtækin að breyttum aðstæðum."

Mikil hækkun á olíuverði og veiking krónunnar frá áramótum litar uppgjör flugrekstrarfélagsins sem birt var í fyrradag. Félagið hagnaðist um 395 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi en tapaði 1,3 milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum ársins.

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON Forstjóri Icelandair Group segir rekstur félagsins hafa verið óviðunandi og muni stjórnendur ganga óhikað fram til að laga til. MARKAÐURINN/GVA

Björgólfur segir árið verða krefjandi í flugstarfsemi fram á fyrri hluta næsta árs en sterkur hópur starfsmanna muni gera félaginu kleift að ná viðunandi árangri.

Gripið hafi verið til aðgerða gegn ytri aðstæðum sem hafi skilað sér í sterkri fjárhagsstöðu.

Staðan verði þó ekki nýtt til niðurgreiðslu skulda heldur verði handbært fé nýtt í erfiðu árferði í haust og fram á næsta ár. „Við erum í varnarbaráttu og ætlum að sigla í gegnum þetta öldurót," segir forstjórinn. **- jab**

Skráningu á netinu í Reykjavíkurmaraþon Glitnis lýkur fimmtudaginn 21. ágúst kl. 8.00, en þú getur skráð þig á morgun í Laugardalshöllinni frá klukkan...

9-21

Allir þurfa síðan að ná í keppnisgögnin sín í Laugardalshöllina daginn fyrir hlaup, föstudaginn 22. ágúst. Meðal keppnisgagna er þátttökunúmer, tímatökuflaga og bolur, ásamt því að vera boðið í pastaveislu frá kl. 16-21 á vegum Barilla í gömlu Laugardalshöllinni. Það verður sem sagt kátt í Höllinni frá klukkan 9 árdegis til kl. 21 um kvöldið. Þar finnur þú sölubása og áhugaverða fyrirlestra að ógleymdri þeirri einstöku stemmningu sem alltaf myndast í Höllinni daginn fyrir hlaup. Á **marathon.is** eru nánari upplýsingar um dagskrána og hlaupið sjálft.

42 km | 21 km | 10 km | 3 km | Latabæjarhlaup

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 25 ÁRA 23. ÁGÚST 2008

www.marathon.is

Barilla asics SUZUKI REYKJAVÍKURMARAÞON GLITNIR margt smátt WWW.ICELANDAIR.IS

TILB

TÖLVUR OG TÖLVUBÚN

16BLS

2 GLÆSILEGIR BÆKLINGAR STÚTFULLIR AF TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, myndbrengl og villur

BOÐ

AÐUR Í MIKLU ÚRVALI

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er

SENDUM FRÍTT

ALLAR FARTÖLVUR

Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur

VERÐ VÖRN

þá lækkum við okkar verð á staðnum

500GB FLAKKARI

500GB flakkari með USB2 og eSATA tengi fyrir hámarks hraða!

9.990

750GB HARÐDISKUR

Hraður og hljóðlátur Seagate harðdiskur með 32MB buffer

11.900



ASPIRE

- Intel Celeron M560 2.13GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 80GB 5400RPM diskur
- 15.4" WideScreen skjár
- 0.3MP vefmyndavél
- Hvergi á betra verði!

54.900

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Flókin taflstaða um framtíðarstefnu:

Möguleg opnun

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Framtíðarstefna í peningamálum er snúnasta viðfangsefni íslenskra stjórnmála. Valið stendur um íslenska krónu eða evru. Að því leyti er málið einfalt. En það er ekki allt. Um það er ágreiningur milli stjórnarflokkanna. Við hann bætast ólík viðhorf innan þeirra.

Í Sjálfstæðisflokknum eru skiptar skoðanir um evruna. Þar á móti sýnist vera góð samstaða um þær efnahagslegu og fjármálalegu ráðstafanir sem óhjákvæmilegar eru svo að unnt sé að ná jafnvægi og skipta um mynt. Innan Samfylkingarinnar er hins vegar einhugur um evru en djúpstæður ágreiningur um mörg þau ráð sem nauðsynleg eru svo að því marki verði náð.

Ekkert annað mögulegt ríkisstjórnarmynstur er líklegt til að greiða úr þessari flækju eins og sakir standa. Í Markaði Fréttablaðsins í gær lýsti forsætisráðherra því yfir að hann teldi rétt að stefna að því að Ísland uppfyllti Maastricht-skilyrði Evrópska myntbandalagsins um upptöku evru óháð aðild að sambandinu.

Sú spurning vaknar hvort þessi yfirlýsing dragi úr ríkjandi óvissu með framtíðarstefnuna í peningamálum. Svarið er að hún gerir það ekki sjálfkrafa. Á hinn bóginn gæti hún opnað möguleika á að ná mönnum saman um að setja niður strik til að sigla eftir með nauðsynlegar skammtímaráðstafanir og ákveða tímaramma um þau efni sem ráða þarf til lengri tíma. Í því falli þyrftu allir sem hlut eiga að máli að sýna sveigjanleika.

Enginn grundvallarágreiningur sýnist vera um ráðstafanir til að styrkja gjaldeyrisvarasjóðinn og greiða fyrir því að bankarnir geti veitt eðlilegu súrefni inn í atvinnulífið. Um leið þarf að eyða þeirri óvissu sem umhverfisráðherra hefur skapað um markvissa orkunýtingarstefnu. Loks þarf verulegt aðhald í ríkisfjármálum umfram það sem menn sáu fyrir við gerð stjórnarsáttmálans.

Þetta eru verkefni næstu mánaða og missera. Framtíðarstefnan í peningamálum ræðst af þeim árangri sem menn ná á þessum tíma. Ef menn eru á einu máli um skammtímaaðgerðir sem miða að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin ætti að vera ásættanlegt að taka ákvörðun um framtíðina á þeim tímapunkti hvort sem menn vilja krónu eða evru. Tímapunkturinn gæti verið eftir tvö til þrjú ár. Umræðunni um evruna verður ekki ýtt út af borðinu með því að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum og uppfylla Maastricht-skilyrðin. Ástæðan er sú að ekki hefur verið sýnt fram á að unnt verði að viðhalda þeim stöðugleika með íslensku krónunni. Það er mergur málsins.

Jónas Haralz og Einar Benediktsson bentu réttilega á fyrir skömmu að Seðlabankinn hefur ekki komið fram með gild rök fyrir því að krónan sé sterkari en evran til að verja varanlegan stöðugleika. Fersk ummæli Erlendar Hjaltasonar, formanns Viðskiptaráðs, og Jóns Steinssonar hagfræðings um kosti evrunnar umfram krónunnar til að viðhalda stöðugleika þyngja umræðuna enn frekar.

Hugsanleg innganga í Evrópusambandið byggist bæði á pólitísku áliti á stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu og köldu hagsmunamati. Breið samstaða um slíka ákvörðun er nauðsynleg. Framhjá því verður ekki horft að nokkurn tíma þarf til að ná slíkri samstöðu og sýna að nægjanleg eindrægni sé um þau skammtímaráð sem eru grundvöllur stærri ákvarðana.

Það þarf lagni til að greiða úr flókinni stöðu. Á því eru möguleikar. Eðlilegt er að líta á yfirlýsingu forsætisráðherra sem mikilvægt framlag í þá veru.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.

Láta gott af sér leiða
Landsþekktar konur leggja kynsystrum sínum í Jemen lið með glæsimarkaði í Perlunni

Allt sem þú þarft... ...alla daga

FRÁ DEGI TIL DAGS

Stór faðmur

Afskiptum Marsibil Sæmundardóttur af borgarpólitík er hvergi nærri lokið þrátt fyrir að hún sé hætt í Framsókn. Þegar þau stórpólitísku tíðindi spurðust var Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, fljótur að bjóða henni að setjast í nokkur sæti Samfylkingarinnar í ráðum og nefndum Reykjavíkur. Ekki er fyllilega ljóst hvað Degi gengur til með þessu; hvort gæska ráði för eða pólitísk útsjónarsemi. Við getum þó sagt okkur að klækir búa ekki að baki. En hvað sem því líður verður það að teljast nokkuð sérstakt að stjórnmálaflokkurinn Samfylkingin, sem er býsna stór að vöxtum og skilgreinir sig jafnan sem næststærsta stjórnmálaafl landsins, skuli leita út fyrir eigin raðir til að manna pólitísk trúnaðarstörf.

Hinn eindregni vilji

Sautján tóku þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar 2006 og sýndu þar með eindreginn vilja til að taka þátt í störfum hennar í borgarstjórn. Á sama tíma tók Marsibil Sæmundardóttir þátt í prófkjöri Framsóknarflokksins og sýndi þar með eindreginn vilja til að taka þátt í störfum hans í borgarstjórn. Um leið sýndi hún vilja til að taka ekki þátt í störfum Samfylkingarinnar.

Við hver?

„Við erum samhent og ákveðin í því að vinna vel fyrir borgarbúa á næstunni," sagði Ólafur F. Magnússon á fundi með blaðamönnum í fyrradag. Á fundinum greindi hann frá inngöngu sinni í Frjálslynda flokkinn og gat þess í framhjáhlaupi að yfirvofandi væru umfangsmiklar sparnaðaraðgerðir í borgarkerfinu. Það er þetta orð „samhent" sem menn staldra óneitanlega við. Ekki er gott að segja við hverja hann á en svo mikið er víst að Ólafur og Jón Magnússon, þingmaður og formaður borgarmálafélags Frjálslyndra, eru ekki samhentir. Þeir eru reyndar svo ósamhentir að furðu sætir að þeir skuli vera í sama stjórnmálaflokknum.

bjorn@frettabladid.is

Fjarlægðin frá Brussel

ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Eistland og Georgía

Bjartar vonir vöknuðu, þegar Sovétríkin hrundu 1991 og fimmtán sjálfstæð ríki risu á rústum þeirra. Vonir stóðu til, að nýju ríkin, skaðbrennd af langri reynslu sinni af kommúnisma og einræði, myndu neyta nýfengins sjálfstæðis til að taka upp lýðræði og heilbrigðan markaðsbúskap. Þessar vonir rættust misvel. Eystrasaltslöndin þrjú bera af öðrum í hópnum og hafa saxað talsvert á forskot Vestur-Evrópu. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Eistlandi, Lettlandi og Litháen 2007 var á bilinu 17.000 til 20.000 Bandaríkjadollarar, sem er nálægt helmingi kaupmáttar þjóðartekna vestar í álfunni (tölurnar eru frá Alþjóðabankanum). Talsvert langt að baki þeim stendur Rússland með um 14.000 dollara á mann. Þar er nú mikill uppgangur í krafti hás olíuverðs á heimsmarkaði og ýmissa umbóta. Úkraína er í miðjum hópi með 7.000 dollara á mann. Fimm fátækustu löndin af fimmtán fyrrum Sovétlýðveldum eru Georgía með 5.000 dollara á mann líkt og Angóla; Moldavía með 3.000 dollara á mann líkt og Kongó; og Kirgísistan, Tadsjikistan og Úsbekistan með innan við 2.000 dollara á mann líkt og Nígería og Súdan. Það veldur vonbrigðum, að þessum þjóðum skuli ekki hafa tekizt að lyfta sér hærra þrátt fyrir nýfundið frelsi undan erlendri ánauð og ýmis fögur fyrirheit. Ekki geta þær auðveldlega kennt Rússum um ófarir sínar og fátækt, ekki beint, en þó kannski að einhverju marki óbeint, því að enn eru við völd í flestum fátækustu landanna þarna suður frá gamlar og forhertar flokksklíkur frá Sovéttímanum. Tökum Úsbekistan. Islam Karimov var þegar orðinn aðalritari Kommúnistaflokksins þar fyrir hrun Sovétríkjanna. Hann var síðan kjörinn forseti landsins 1991 og hefur stjórnað því æ síðan með harðri hendi og hörmulegum afleiðingum. Líku máli gegnir um flest hinna suðurríkjanna, en þó ekki Georgíu, ekki lengur.

Kompásinn stilltur á Brussel

Takið eftir einu: viðgangur gömlu Sovétlýðveldanna frá 1991 hefur staðið í öfugu sambandi við fjarlægð þeirra frá Brussel. Þetta er ekki tilviljun. Tökum Eistland og Georgíu, svo að við þurfum ekki að burðast með öll löndin fimmtán við samanburðinn. Að fengnu sjálfstæði 1991 helltu Eistar sér frelsinu fegnir út í róttækar umbætur á öllum sviðum efnahagslífsins, opnuðu landið upp á gátt, drógu úr eða hættu stuðningi við ósjálfbjarga atvinnuvegi, komu nær öllum bankarekstri í hendur útlendinga og þannig áfram. Allir þingflokkar stóðu að umbótunum. Eistar einsettu sér í upphafi að tryggja sér skjótan og vafningalausan aðgang að ESB (og Atlantshafsbandalaginu). Þessi ásetningur stytti þeim leið: kompásinn var stilltur á Brussel öðrum þræði til að halda erindrekum harðdrægra sérhagsmunahópa og öðrum úrtölumönnum við efnið. Þetta tókst. Eistar gengu í ESB og Nató 2004.

Georgía tók aðra stefnu. Landið logaði í ófriði og sat fast í fátæktargildru. Stjórnmálastéttin var gerspillt. Aðild að ESB var ekki á dagskrá. Sérhagsmunaseggir og stríðsherrar höfðu ekkert aðhald að vestan. Stirð samskipti við Rússa bættu ekki úr skák og leiddu að lokum til stríðs. Georgía var óskaland íhalds- og afturhaldsafla. Engar umtalsverðar umbætur náðu fram að ganga fyrr en með rósarbyltingunni 2003, þegar Eduard Shevardnadze, fyrrum utanríkisráðherra Sovétríkjanna og forseti Georgíu frá 1995, hrökklaðist frá völdum og Mikhail Saakashvili tók við forsetaembættinu, sem hann gegnir enn. Þá tóku hjólin að snúast, svo að Alþjóðabankinn gaf ríkisstjórn Georgíu hæstu einkunn fyrir efnahagsumbætur 2007. Bankinn raðar löndum heimsins á lista eftir því, hversu auðvelt er að stofna og starfrækja fyrirtæki (sjá www.doingbusiness.org). Georgía skauzt úr 112. sæti listans 2006 upp í 18. sæti 2007, einu sæti neðar en Eistland. (Danmörk er í fimmta sæti listans, Ísland í 10. sæti, Noregur í 11. sæti, Finnland í 13. sæti, Svíþjóð í 14. sæti og Þýzkaland í 20. sæti.)

Fjórfaldur munur

Fyrir umskiptin 1991 var kaupmáttur þjóðartekna á mann í Eistlandi um helmingi meiri en í Georgíu. Nú er munurinn orðinn ríflega fjórfaldur. Umbótamenn í Georgíu finna sárlega fyrir því, að kompásinn þar skyldi ekki strax við sjálfstæðistökuna vera stilltur á Brussel líkt og gert var í Eystrasaltslöndunum til að skapa skilyrði til skjótra og gagngerra umbóta í átt að auknu lýðræði og frjálsum blönduðum markaðsbúskap.

Af skítlegu eðli

UMRÆÐAN

Flosi Eiríksson skrifar um dagbækur.

FLOSI EIRÍKSSON

Í nýbirtum dagbókarbrotum Matthíasar Johannessen kennir margra grasa. Þau eru sérstaklega athyglisverð fyrir áhugafólk um samtímasögu, ekki síst hvað snertir samskipti pólitískra forystumanna og ritstjóra Morgunblaðsins. Þar má til að mynda sjá að staðhæfingar ritstjóra Morgunblaðsins um að eigendur blaðsins hafi aldrei haft afskipti af ritstjórnarstefnunni voru ekki alls kostar réttar, og staðfest að haldnir voru krísufundir eigenda með ritstjórum í kjölfar frétta blaðsins af Sverris málum Hermannssonar.

Einnig staðfesta þau að ritstjórar blaðsins litu ekki á það fyrst og fremst sem fjölmiðil, heldur sem valdastofnun.

Það er líka allrar athygli vert hvernig stjórnunarstíl Davíðs Oddssonar er lýst. Endurtekin æðisköst hans gagnvart Matthíasi sýna sérstaka samskiptahætti. Sýnu sérstæðari er þó sá háttur Davíðs að gera þessa samskiptahætti, og umfjöllun Morgunblaðsins af málum er hann varða í kjölfarið, að umtalsefni við annað fólk. Þannig reynir hann að gera viðmælendum sínum ljóst að ritstjórar Morgunblaðsins gangi í takt við áherslur forsætisráðherrans í kjölfar slíkra óbótaskamma.

Það er kannski ekki að undra í þessu ljósi að þessi forsætisráðherra og ritstjóri Morgunblaðsins hafi talið fulla þörf á að setja lög til að knésetja Fréttablaðið. Þessir menn þekktu auðvitað ekkert annað en undirlægjuhátt ritstjóra gagnvart eigendum og ráðandi stjórnmálaöflum og töldu því augljóst að Fréttablaðið gengi erinda einhverra annarra stjórnmálamanna og eigenda, fyrst Davíð gat fjarstýrt Morgunblaðinu.

En ömurlegasta innsýnin í lundarfar Davíðs Oddssonar fæst þó þegar hann fer sem oftar í hlutverk sögusmettunnar og reynir að grafa undan forseta Íslands með því að bera á torg gróusögur um að sjúkrakostnaður Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur væri greiddur úr almannasjóðum með óviðurkvæmilegum hætti. Um sjúkrakostnað hennar fór auðvitað eins og um sjúkrakostnað allra annarra borgara sem sendir voru til útlanda til meðferðar á þessum tíma. Það vissu allir sem vildu vita.

Auðvitað hlaut Davíð Oddsson að vita að á Íslandi er rekið almannatryggingakerfi sem greiðir sjúkrakostnað fólks með krabbamein - þótt ekki nema vegna fyrri starfa hans hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

En hvorki sannleikur né smekkvísi skipti máli, þegar tækifæri var til að draga heiðarleika forsetans í efa. Og það með veikindum eiginkonu hans.

Eftir stendur spurningin um hvernig sögusmettunni leið í sálinni þegar hann bar kistu Guðrúnar Katrínar úr kirkju nokkrum vikum síðar.

Var einhver að velta fyrir sér skítlegu eðli?

Höfundur er áhugamaður um samtímasögu.

ALVÖRU ORÐABÆKUR!

DÖNSK-ÍSLENSK SKÓLAORÐABÓK

Um 30.000 uppflettiorð og dæmi, beygingar og önnur málfræðiatriði samkvæmt nýjustu reglum Danskrar málnefndar.

SPÆNSK-ÍSLENSK ORÐABÓK

Um 27.000 uppflettiorð og fjöldi notkunardæma. Byggir brú yfir í heim menningar, viðskipta og þekkingar um 360 milljóna manna.

FRÖNSK-ÍSLENSK SKÓLAORÐABÓK

Um 27.000 uppflettiorð og fjöldi orðasambanda og notkunardæma. Sniðin að þörfum framhaldsskólanema.

ENSK-ÍSLENSKA ORÐABÓKIN

Um 40.000 uppflettiorð og fjöldi notkunardæma. Sérstök áhersla á ný og mikilvæg svið, eins og upplýsingatækni og viðskipti.

www.forlagid.is

FORLAGIÐ

ASÍ á villigötum

UMRÆÐAN

Finnur Árnason skrifar um verðlagseftirlit.

FINNUR ÁRNASON

Undanfarna daga hefur starfsfólk ASÍ brugðist harkalega við niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, sem Héraðsdómur Reykjavíkur kvaddi til, til þess að fara yfir hversu mikið verðlag lækkaði í 10-11 1. mars 2007, þegar virðisaukaskattur á matvæli lækkaði í 7 prósent. Niðurstaða matsgerðarinnar hefur opinberað ónákvæm vinnubrögð verðlagseftirlits ASÍ og sýnt fram á að þau endurspegli ekki að neinu leyti verðbreytingar á matvörumarkaði hér á landi. Viðbrögð ASÍ koma á óvart, ekki síst sú nálgun að segja að niðurstaða matsmanna, sem héraðsdómur kvaddi til verksins, komi verðlagseftirliti ASÍ ekkert við. Niðurstaða matsgerðarinnar er falleinkunn á vinnubrögð verðlagseftirlitsins og því með ólíkindum að því sé haldið fram að hún komi ASÍ ekki við.

Meinleg villa

Málavextir eru þeir að ASÍ sendi frá sér fréttatilkynningu þann 16. apríl 2007, þar sem sagði að verðlækkun í verslunum 10-11 frá febrúar til mars árið 2007 hefði verið 4,4 prósent. Þetta var nokkru minni lækkun en væntа mátti vegna breyttrar virðisaukaskattsprósentu á matvæli. Hagar mótmæltu þegar í stað þessari fréttatilkynningu, þar sem hún var röng og augljóst að m.a. hafði verið gerð meinleg villa við framkvæmd hennar.

Í fréttatilkynningu ASÍ frá 16. apríl 2007, sem enn er á vef Alþýðusambandsins, er tafla sem sýnir verðbreytingar hinna ýmsu vöruflokka nokkurra verslana á umræddu tímabili. Glöggt má sjá í umræddri töflu að í vöruflokknum sykur, súkkulaði og sætindi segir ASÍ að verðlag hafi HÆKKAð um 8,9 prósent í verslunum 10-11, en ekki lækkað (sjá töflu). Virðisaukaskattur á sykri, súkkulaði og sætindum lækkaði úr 24,5 prósentum í 7 prósent auk þess sem vörugjöld voru lögð af. Því hefði mátt vænta mikillar lækkunar á þessum vöruflokki. Hækkun var fráleit. Augljóst er því að ASÍ gerði mistök, þar sem 8,9 prósenta lækkun var skráð sem 8,9 prósenta hækkun og viðurkenndu starfsmenn ASÍ það strax þegar bent var á villuna.

Það var þó ekki fyrr en daginn eftir sem ASÍ sendi frá sér leiðrétta fréttatilkynningu, þar sem sagði að verðlag í 10-11 hefði lækkað um 6,1 prósent. Aftur mótmæltu Hagar fréttatilkynningunni, sem rangri og að leiðréttingin nægði ekki til þess að sýna fram á þá lækkun sem sannarlega hafði orðið í verslunum 10-11 á umræddu tímabili. Hagar litu á þessar fréttatilkynningar sem aðför að orðspori 10-11, sem hafði sagt að öll skattalækkunin kæmi til með að skila sér til viðskiptavina strax, sem hún og gerði.

ASÍ afhenti ekki gögn

ASÍ neitaði að leiðrétta mistök sín. Hagar leituðu því í kjölfarið til Héraðsdóms Reykjavíkur og óskuðu eftir að matsmenn yrðu dómkvaddir til þess að komast að réttri niðurstöðu og hreinsa orðspor sitt í þessu máli. Dómurinn kvaddi til tvo matsmenn, löggiltan endurskoðanda og dósent við Háskóla Íslands. Matsmennirnir voru óbundnir að öllu leyti við öflun gagna og gerðu þær skoðanir á gögnum og tölvukerfum 10-11 sem þeir óskuðu eftir. Þeir höfðu algjörlega frjálsar hendur til þess að komast að réttri niðurstöðu. Einnig leituðu þeir til ASÍ, sem vildi ekki gefa upplýsingar um „aðferðafræði“ sína við verðlagseftirlit og ekki veita þeim aðgang að gögnum sínum. Vönduð matsgerð sem nú liggur fyrir ber matsmönnum gott vitni og er aðgengileg á vefnum hagar.is fyrir þá sem vilja kynna sér innihald hennar.

Meginniðurstaða matsmanna er eftirfarandi: „Það er samdóma álit matsmanna að sú raunlækkun í prósentum talið á útsöluverði verslana 10-11 sem varð við breytingu á virðisaukaskattslögum þann 1. mars 2007 hafi verið í fullu samræmi við það sem væntа mátti. Þannig lækkaði „innkaupakarfa“ matvæla 10-11 verslananna um 8,99 prósent en vænt lækkun var 8,98 prósent.“ Þessi niðurstaða þýðir að viðskiptavinir 10-11 nutu að fullu lækkunar á virðisaukaskatti, sem er þvert á það sem ASÍ hafði haldið fram í fréttatilkynningum sínum.

Starfsfólk ASÍ hefur í kjölfar þessarar niðurstöðu reynt að gera hana tortryggilega og slá ryki í augu almennings. Þannig hafa bæði framkvæmdastjóri ASÍ og verkefnisstjóri verðlagseftirlitsins lagt áherslu á að Hagar hafi kallað til matsmenn, sem eru ósannindi. Héraðsdómur Reykjavíkur dómkvaddi matsmenn að beiðni Haga, svo hlutleysi væri tryggt. Dómkvaddir matsmenn eru óháðir fagaðilar og á engan hátt tengdir aðilum málsins. Til að gera lítið úr vinnu matsmannanna sagði framkvæmdastjóri ASÍ í fjölmiðlum að Hagar hefðu látið matsmenn „fá útprentaða verðlista og beðið þá að reikna“. Þetta eru einnig ósannindi. Dómkvaddir matsmenn láta ekki segja sér fyrir verkum, þeir afla þeirra gagna sem þarf.

Í Kastljósi þann 18. ágúst sagði Henný Hinz, verkefnisstjóri ASÍ, að þegar umræddar fréttatilkynningar voru sendar út hafi verið í gildi samkomulag um verklag verðkannana á milli verslunarinnar og ASÍ. Enn og aftur er um að ræða ósannindi. Því samkomulagi sem Henný vísar til var sagt upp í desember árið 2005 eftir að hafa verið í gildi í aðeins 3-4 mánuði.

Vinnubrögðin standast ekki faglega skoðun

Hvernig stendur á því að launþegasamtök meginþorra starfsfólks Haga kemur fram með þessum hætti gagnvart fyrirtækinu og starfsfólki þess? Hvað gengur framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra ASÍ til með þessum vinnubrögðum og ósannindum? Telur ASÍ virkilega að launþegum og neytendum sé unnið gagn með slíkum vinnubrögðum? Hvernig getur ASÍ alhæft um alla verðþróun í 10-11 með því að heimsækja eina verslun af 25 og kanna verð á 50–100 vörum af 3.500 sem eru þar til sölu? ASÍ kannar 1,5 til 3 prósent af vöruvali verslunarinnar. Staðreyndin er að tölfræðileg skekkjumörk aðferða þeirra eru alltof mikil til að fullyrðingar þeirra standist.

Viðskiptaráðherra hlýtur í framangreindu ljósi að endurskoða fjárframlög til þessa verkefnis. Vinnubrögð verðlagseftirlits ASÍ standast enga faglega skoðun. Fagleg vinna dómkvaddra matsmanna hefur staðfest það svo ekki verður um villst að sú aðferð sem ASÍ notar við gerð verðkannana endurspeglar ekki að neinu leyti raunverðbreytingar í verslunum. Við slík vinnubrögð verður ekki unað lengur.

Höfundur er forstjóri Haga.

VERÐBREYTINGAR Á VÖRUFLOKKUM

	Hagkaup		Nóatún		Kjarval		10-11		11-11	
	des-feb	feb-mars	des-feb	feb-mars	des-feb	feb-mars	des-feb	feb-mars	des-feb	feb-mars
Brauð og kornvörur	1,8%	-5,4%	1,5%	-6,6%	0,9%	-6,6%	4,2%	-5,4%	3,0%	-7,4%
Kjöt	1,7%	-4,9%	-0,8%	-2,2%	3,3%	-1,0%	0,1%	-3,8%	1,1%	-6,6%
Fiskur	8,7%	-7,2%	12,4%	-7,6%	5,6%	-1,3%	6,7%	-10,6%	13,8%	-3,4%
Mjólk, ostar og egg	0,0%	-6,0%	3,1%	-3,6%	1,2%	-5,8%	1,3%	-4,7%	0,6%	-6,7%
Olíur og feitmeti	1,3%	-3,3%	7,8%	-10,1%	2,5%	-6,6%	9,6%	-6,6%	3,8%	-6,6%
Ávextir	-3,4%	-9,1%	-4,2%	6,7%	1,1%	-6,2%	5,1%	-5,8%	-1,9%	-8,0%
Grænmeti og kartöflur	3,1%	-5,6%	-4,0%	0,2%	7,2%	-6,9%	12,2%	-5,2%	3,5%	-11,2%
Sykur, súkkulaði og sætindi	0,8%	-11,6%	1,6%	-10,7%	0,8%	-10,3%	7,9%	8,9%	0,7%	-12,4%
Aðrar matvörur	0,9%	-6,1%	2,3%	-6,4%	2,1%	-6,2%	5,0%	-5,2%	-0,4%	-3,3%
Kaffi, te og kakó	5,7%	-10,2%	5,3%	-8,2%	4,2%	-6,6%	3,5%	-5,9%	3,4%	-7,7%
Gos, safar og vatn	2,1%	-19,0%	-0,7%	-20,8%	5,9%	-15,4%	5,4%	-13,9%	2,4%	-17,3%

TAFLA ÚR FRÉTTATILKYNNINGU ASÍ FRÁ 16. APRÍL 2007 TEKIN AF VEF ASÍ 20. ÁGÚST 2008

omnis

ÖLL HELSTU VÖRUMERKIN Í FARTÖLVUM Á EINUM STAÐ

Omnis lán í allt að 59 mánuði

Með hverri fartölvu færðu fría vefafritun fyrir gögnin þín í 3 mánuði *

HP Pavilion

HP fartölvur eru mest seldu fartölvur í heimi og eru fáanlegar með annað hvort AMD eða Intel örgjörva. Val um 15,4" eða 17" skjái og allar eru þær uppsettar með Microsoft Vista Home Premium stýrikerfinu.

Tilboðsverð frá 89.900 kr.

Dell Inspiron eða XPS

DELL fartölvur eru með Intel örgjörva og eru fáanlegar í öllum regnbogans litum. Val um 13,3" eða 15,4" skjái og allar eru þær uppsettar með Microsoft Vista Home Basic eða Premium stýrikerfinu.

Tilboðsverð frá 89.900 kr.

Apple

Apple fartölvur eru með Intel örgjörva og eru fáanlegar með 13,3" skjá. MacBook Pro eru fáanlegar með 15,4" og 17" skjái. Allar eru þær uppsettar með Mac OS X Leopard stýrikerfinu með FrontRow og iLife'08.

Tilboðsverð frá 124.900 kr.

Lenovo Thinkpad

Lenovo ThinkPad fartölva er frábær kostur fyrir skólafólk. Fæst í mörgum verðflokkum. Allt að 5 klukkustunda rafhlöðuending, skarpur breiðskjár og vefmyndavél.
Góð afköst á frábærum kjörum.

Tilboðsverð frá 114.900 kr.

Vefverslun Omnis á www.omnis.is

Verslun Reykjanesbæ – sími 422-0300 | Verslun Akranesi - sími 433-0300 | Verslun Borgarnesi – sími 433-0310

*36 mánaða greiðslukortalán eru með breytilegum vöxtum og jöfnum afborgunum.
Útreikningar sýna meðal afborgun yfir samningstíma.

HANDAVINNA er þægileg á kvöldin heima í stofu en það er líka gaman að nota hana til góðs eins og hægt verður að gera á menningarnótt í Hallargarðinum á milli 14 og 17. Fólk er hvatt til að koma með bleikt garn og fitja upp á einhverju til styrktar krabbameinsfélaginu. Nánari upplýsingar á www.prjona.net.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Skólabyrjun í Flash

Hettupeysur 3990 margir litir
Gallabuxur 5990 st 26-32
Aladínbuxur 2990
Úlpur 4990

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Rope yoga
Byrjendanámskeið hefjast mánudagana 25. ágúst og 1. sept.

Vilt þú öðlast heilbrigðan og hraustan líkama ?
Kraft og aukna lífsorku ? Fallegt útlit og vellíðan ?
Meiri skilning á lífinu og aukna meðvitund ?

Vertu með á mögnuðu 8 vikna námskeiði sem opnar fyrir þér nýjan heim, gleði og hamingju.
Morgun-hádegis og síðdegistímar

Skráning hafin hjá
OSK@OSK.IS, OG 695-0089

www.osk.is / Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður

Hatturinn sem Vala ber er þannig gerður að fari hann einhverjum betur en eigandanum verður hann að gjöra svo vel að láta hann af hendi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kjólasjúk með hattadellu

Vala Ómarsdóttir er kjólasjúk enda hefur hún aðgang að mörgum mismunandi verslunum í London þar sem hægt er að finna fína kjóla á nokkur pund. Hún á svo leggings sem tekið er eftir og allsérstakan hatt.

Leikkonan Vala Ómarsdóttir hefur búið í London síðustu ár, stundað nám og komið „Maddid Theatre Company“ á fót. Fatasmekkur hennar hefur tekið mið af mögrum námsárum og segist hún vera orðin kjólasjúk.

„Ég fer gjarnan á Spitalfields Market og Carnaby Street þar sem má finna fína kjóla á fimm til tíu pund en kjóllinn sem ég klæðist fékk ég að gjöf.

Við hann er Vala í munstruðum leggings eftir Bryndísi Sveinbjörnsdóttur, vinkonu sína, sem hannar undir merkinu Garmur. „Ég keypti þær í fyrra og nota þær svo mikið að ég held að sumum þyki nóg um.“ Buxurnar hafa víða vakið athygli og segist Vala stundum hafa verið stoppuð á Oxford Street og spurð hvar hún hafi fengið þær.

Vala ber einnig nokkuð sérstakan hatt sem er þannig gerður að fari hann einhverjum betur en eigandanum verður hann að gjöra svo vel að láta hann af hendi.

„Kærasti minn prófaði hann hjá vini sínum og fékk í kjölfarið að eiga hann. Tveimur dögum seinna prófaði ég hann og varð kærastinn minn að viðurkenna að hann færi mér betur en honum.“

Vala mun sýna verkið Maddid, sem er síbreytilegur einleikur, á artFart-sviðslistahátíðinni í Smiðjunni í kvöld. Í næstu viku heldur hún svo með verkið til Vestmannaeyja og í byrjun september verður það sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

vera@frettabladid.is

HEILSA

HLAUP eru góð líkamsrækt og á heimasíðunni www.hlaup.is má finna ýmsa fróðleiksmola hvernig best sé að haga hlaupunum.

Best er að kaupa skó síðdegis því fæturnir þrútna yfir daginn. Börn þurfa skó með breiðri tá, mjúkum sóla, sterkum hælboga og helst með ilboga.

500 hollráð

Nýtt Heilsusetur
opnar í Faxafeni

Heilsusetrið býður uppá heilsurækt, ýmis námskeið, yoga, dans, líkamsræktaraðstöðu, búningsherbergi með gufubaði, móttöku og veitingasölu.

Heilsusetrið skapar ramma utan um fjölbreytta starfsemi í vönduðu húsnæði og yrði fyrsta og eina miðstöðin á Íslandi þar sem blandað er saman á heildrænan hátt hreyfingu, andlegri vinnu, líkamsrækt, heilandi meðferðum, sjálfseflingu og árangursþjálfun.

Til leigu eru þrír salir sem henta fyrir ýmis námskeið í hug og heilsurækt eins og:

Yoga, dans, lífstílsnámskeið, sjálfsefling, Pilates

Herbergi fyrir meðferðaraðila
Aðstaða fyrir einkaþjálfara og ráðgjafa
Rými fyrir veitingasölu.

Við auglýsum eftir sjálfstæðum meðferðaraðilum til að leigja aðstöðu í 9 góðum herbergjum.

Nuddara, Cranío, Höfuðbeina og spjaldhryggsjöfnun,nálastungur, kírópraktora, detox eða hreinsun, homopatiu, blómadropa,Alexander-tækni, Osteopatía, Svæða og viðbragðnudd, Þrýstipunktanudd, heilsu-ráðgjafar ofl.

Einnig auglýsum við eftir: rope yoga kennurum, einkaþjálfurum í sal og kennurum í opna tíma í líkamsrækt eins og hjól, þrek og brennsla.

Áhugasamir hafi samband við osk@osk.is og síma 695-0089

Hreysti og haustpestir

Senn hallar sumri með tilheyrandi litadýrð í laufskrúði, en einnig svölum haustdögum og auknum umgangspestum. Til varnar þeirri verstu er aðeins eitt til ráða, en það er nýtt bóluefni í kroppinn.

„Því miður er engin töfralausn til sem styrkir ónæmiskerfi mannsins gegn umgangspestum, nema bólusetning. Ýmsar tilgátur eru á lofti um annað, en standast ekki þegar betur er að gáð og enn ekkert sem sannar að mataræði eða hreyfing varni smiti," segir Þórólfur Guðnason, yfirlæknir á sóttvarnarsviði Landlæknisembættisins.

„Þeir sem umgangast börn að ráði eru verst útsettir fyrir veirusýkingum. Margar stinga sér niður á haustin og byrja þá í börnum, oftar en ekki á leikskólum, þaðan sem þær berast út í þjóðfélagið, en árleg inflúensa berst sjaldnast til landsins fyrr en upp úr áramótum," segir Þórólfur.

„Veirur eru því óyndi gæddar að breyta sér á milli ára og aldrei sami stofn í gangi. Menn þurfa því að geta sér til um hvaða stofn inflúensunnar ríður yfir norðurhvel jarðar ár hvert, og framleiða bóluefni í samræmi við þær getgátur. Nýtt bóluefni kemur til landsins á haustdögum og þá er hægt að hefja bólusetningar. Við mælum með að allir sem komnir eru yfir sextugt fari í bólusetningu gegn inflúensu, sem og þeir sem hafa undirliggjandi sjúkdóma, eins og ónæmisbælandi sjúkdóma, og hjarta- og lungnasjúkdóma," segir Þórólfur.

„Nóg er að bólusetja rétt fram að komu inflúensu því aðeins tekur viku fyrir líkamann að öðlast verndina. Bólusetning er þó engin trygging og fer alfarið eftir því hversu menn hafa giskað vel á stofninn. Oft tekst vel upp og árangurinn góður, en þótt vernd sé ekki eins og þegar best lætur fá þeir sem bólusettir voru vægari flensu en ella. Það gildir með allar sýkingar að gott er að vera vel á sig kominn, en ekkert fyrirbyggjandi trix til taks, nema kannski að fara upp á hálendi og loka sig af frá öðru fólki," segir Þórólfur og brosir í kampinn.

„Umgangspestir af völdum veirusýkinga geta verið hættulegar og sýnt hefur verið fram á að umframdauði er töluverður í þjóðfélaginu á meðan inflúensa gengur yfir. Börn og fullorðnir geta farið illa út úr veikindunum þótt sjaldgæft sé, því veirur geta orðið mjög skæðar, ráðist á líffærakerfi, valdið bólgu í heila, lungum og nýru, ásamt vondri bólgu í hjarta með slæmum afleiðingum. Því er alltaf eitthvað um að fólk þurfi að leggjast inn á spítala vegna kvilla sem urðu af völdum veirusýkinga," segir Þórólfur og áréttar að rétt sé að tala um veirusýkingu frekar en flensu þegar talað er um aðrar umgangspestir en hina árlegu inflúensu.

„Slæmar veirusýkingar eru í gangi allan ársins hring, en valda þó ekki jafn heiftarlegum og útbreiddum sýkingum og inflúensan. Í heiminum er viðtekin venja að ekki séu til lyf gegn veirum, en til eru veirulyf sem meðhöndla inflúensu þegar hún er byrjuð. Þau hafa lítið sem ekkert verið notuð hér, en gætu sannarlega komið að gagni hjá einstaklingum sem eru veikir fyrir og eiga á hættu að fara illa út úr veikindunum."

thordis@frettabladid.is

Þórólfur Guðnason yfirlæknir á Sóttvarnasviði Landlæknisembættisins segir enn ekkert sannað um ávinning þess að stunda hreyfingu og borða heilsufæði þegar kemur að forvörnum gegn umgangspestum, en alltaf sé til bóta að vera vel á sig kominn þegar sýking herjar á ónæmiskerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Drengir eru líklegri til að losna við öll einkenni astma þegar þeir eldast.

Astmi talinn tengjast kyni

Barnaastmi eldist frekar af drengjum en stúlkum.

Á fréttavef BBC er greint frá rannsókn sem sýndi fram á að drengir eru mun líklegri til að vaxa upp úr barnaastma en stúlkur. Harvard-háskólasjúkrahúsið fylgdist með lungnastarfsemi rúmlega þúsund barna á níu ára tímabili. Rannsóknin sýndi að þó að drengir væru oftar með hvæsandi öndun sem börn, losnuðu þeir frekar við öll astmaeinkenni þegar þeir komust á unglingsaldurinn.

Yfirmaður rannsóknarinnar, Kelan Tantisira, segir að þetta sé í fyrsta sinn sem niðurstöður hafa sýnt kynjamun á astma. „Þetta sýnir okkur að kyn er stór þáttur í þróun astma og að hormón geta haft áhrif á alvarleika astmans og astmaeinkenna."

Fyrirhugað er að fylgja þessum börnum eftir og rannsaka lungnastarfsemina í þeim fram á fullorðinsárin til að sjá hvort hún breytist með tímanum. *- kka*

Elín Sigurðardóttir

Margrét Ýr

Friederike Berger

Námskeið hefjast 1. & 2. sept.

Lokuð 8 vikna byrjendanámskeið.

Nr. 1	Mán, mið & fös.	kl. 06:00 (70 min)
Nr. 2	Mán, mið & fös.	kl. 07:15 (70 min)
Nr. 3	Mán, þri & fim. mömmutímar	kl. 10:40 (70 min)
Nr. 4	Mán, þri & fim.	kl. 12:00 /70 min)
Nr. 5	Mið & fös. Eldri borgarar	kl. 10:00 (90 min)
Nr. 6	Þri, fim & lau.	kl. 16:20 & lau. kl. 10:00 (70 min)
Nr. 7	Þri, fim & lau.	kl. 17:50 & lau. kl. 11:20 (70 min)
Nr. 8	Mán & mið. íþrótta- & ungl.	kl. 18:40 (90 min) 16 vikna námsk.
Nr. 9	Þri & fim	kl. 19:10 (90 min)

Ástundunartímar.

Þriðjud. & fimmtud.	kl. 9:00 (90 min)
Mánud. miðvikud. & föstud.	kl. 17:00 (90 min)

Einnig aðgangur að hitaklefum, lóðum, göngubretti & nuddstól. Hafnarfjarðarbær greiðir niður fyrir eldri borgara og unglinga, yngri en 16 ára. MS félagið greiðir niður fyrir MS félaga

Skráning í síma 696-4419 eða á elin@elin.is

Bæjarhraun 2 • Hafnarfirði • www.elin.is

Allt að 80 prósent háskólastúdenta svindlar á námsárunum, segja bandarískar rannsóknir, en hugrakkasta námsfólkið lætur svindl með öllu eiga sig.

Hugrekki og svindl

Hugdjarfir háskólanemar með sterkan persónuleika stunda síður svindl á námsárunum.

Þetta segja niðurstöður nýrrar bandarískrar rannsóknar sem birtar voru á ráðstefnu American Psychological Association. Úrtakið var 400 stúdentar við ríkisháskólann í Ohio.

Í rannsókninni voru námsmennirnir spurðir hvort þeir hefðu svindlað í námi sínu undanfarin mánuð eða ár og hvort þeir teldu líklegt að þeir svindluðu í framtíðinni. Að auki gengust þeir undir sálfræðipróf sem mældu hugrekki, heiðarleika og hluttekningu.

Niðurstöður sýndu að „fræðilegar hetjur“ væru í minnihluta. Þær reyndust ekki hafa svindlað né hafa geð í sér til að svindla í framtíðinni. Þær sögðust þjást af sektarkennd við tilhugsunina um að svindla og gátu ekki réttlætt svindl með nokkru móti; auk þess sem þeim þótti erfitt að trúa slíkum óheilindum upp á samnemendur sína. Ekki kemur á óvart að þær fengu hæstar einkunnir þegar kom að hugrekki, hluttekningu og heiðarleika, en hafa einnig sterkari persónuleika og eru ólíklegri til að falla fyrir freistingum. Heiðarlegu stúdentarnir reyndust einnig hafa jákvæðari sýn á annað fólk.

Nýja rannsóknin, ásamt eldri rannsóknum, sýnir að allt að 80 prósent háskólastúdenta svindla á námsárunum sínum. *- þlg*

Tölulæsi og töluorð

Börn hafa innbyggðan stærðfræðihæfileika jafnvel þótt þau kunni ekki að tjá hann.

Tölulæsi barna með töluorð í tungumáli sínu virðist vera sú sama og þeirra sem ekki hafa þau. NORDICPHOTOS/GETTY

Rannsókn sem framkvæmd var meðal fjörutíu og fimm frumbyggjabarna Ástralíu á aldrinum fjögurra til sjö ára sýndi að frumbyggjabörnin stóðu sig jafn vel og enskumælandi börn í tölulæsi þó að tungumál þeirra skorti töluorð.

Niðurstaðan gengur í berhögg við fyrri rannsóknir sem sýndu að undirstaða tölulæsi væru töluorðin í tungumálinu.

Vísindamennirnir rannsökuðu frumbyggjabörn sem búa á afskekktum svæðum Ástralíu og báru þau saman við börn í Melbourne sem tala ensku.

Rannsóknin fór þannig fram að fyrst sáu börnin nokkra hluti og áttu að setja jafn marga hluti á teppi fyrir framan sig. Eftir það var æfingin gerð erfiðari með því að láta hlutina undir teppið og áttu börnin að komast að því hversu margir voru þar. Í erfiðustu æfingunni þurftu börnin að finna út hversu oft vísindamennirnir börðu tveimur prikum saman.

Rannsóknin sýndi að enginn munur var á tölulæsi barna með töluorð í tungumálinu og hinna sem ekki höfðu þau. *- mmf*

Kvæntir lifa lengur

PIPARSVEINAR LIFA SKEMUR EN KVÆNTIR MENN

Hjón hafa löngum lifað lengur en ógiftir en bilið á lífaldri þessara hópa er að styttast. Líf ungra og ókvæntra karla er að lengjast jafnt og þétt en ungir piparsveinar hafa það betra í dag en fyrir þrjátíu árum. Heilsufar þeirra er betra og þeir lifa lengur, meðan heilsa kvæntra karla hefur staðið í stað. Þetta kemur fram á fréttavef Berlingske Tidende en þar er vitnað í Hui Liu, prófessor við Michigan-háskóla. Hann hefur rannsakað heilsu fólks frá 1972 til 2003 og segir gift fólk enn þá lifa lengur en ógift fólk en lífsskilyrði piparsveina og -meyja hafa batnað síðustu 32 ár. Staða ekkna og ekkla hefur hins vegar versnað á sama tíma. Sjá www.berlingske.

HEIMILI

LYKLAR eru oft til í nokkrum fjölda á hverju heimili, því er mikilvægt við flutninga að skipta um skrár til að koma í veg fyrir óhöpp.

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

ER ÞÉR HEITT?
Mikið úrval af LOFTKÆLIVIFTUM
Stærð frá 10 cm til 100 cm

ís-húsið
S: 566 6000 - Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi
Loftkæling - Loftbæting - Viftur

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Myglusveppir myndast oft í gluggum þar sem rúðurnar „gráta" og bleytan ekki þurrkuð upp strax. MYND/HÚS OG HEILSA EHF

Myglusveppir í híbýlum

Myglusveppir í híbýlum hafa verið í umræðunni að undanförnu en þeir geta í sumum tilfellum haft áhrif á heilsu fólks. Ekki er þó ástæða til að óttast ef fólk er meðvitað um umhverfi sitt.

Myglusveppir geta myndast innandyra þar sem raki nær að safnast fyrir. Oft er myglusveppi að finna inni á baðherbergjum, í lofti og í fúgu milli flísa og sturtubotnum, en einnig þar sem leki hefur orðið. Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir hjá fyrirtækinu Hús og heilsa ehf. segir tegundir myglusveppa mishættulegar en þó alltaf óæskilegar.

„Það eru gró alls staðar í umhverfinu og sveppir tilheyra hringrás náttúrunnar og eru nauðsynlegir. En mygla á ekki að vaxa inni hjá fólki," útskýrir Sylgja. Hún segir engar þumalputtareglur til um hvaða myglusveppir eru hættulegir og erfitt að segja hverjir geti komið af stað líkamlegum einkennum hjá fólki. Fólk verði einfaldlega að vera meðvitað um sitt nánasta umhverfi ef það finnur fyrir einkennum sem eru óútskýranleg.

Einkennin af völdum myglusveppa geta meðal annars komið fram sem þreyta, eða sífelldur höfuðverkur, ennisholubólgur, síendurteknar sýkingar, sjóntruflanir, doði og dofi í útlimum svo eitthvað sé nefnt.

Myglusveppirnir geta verið svartir, brúnir, gráir, bleikir eða appelsínugulir og geta komið í doppum eða í flekkjum. Sylgja segir aðalatriði að finna ástæðuna fyrir myndun sveppanna og oft eru sýnilegir myglusveppir vísbending um stærra vandamál, til dæmis leka. Ef myglan er farin að þekja stór svæði gæti verið gott að fá ráðleggingar um hvernig á að hreinsa og fá jafnvel aðila til að meta hvort þak er að leka eða skólp farið. Ef svæðin eru lítil og fólk þekkir upprunann getur það sjálft hreinsað mygluna með réttum efnum. Þá er ekki nóg að úða á sveppina heldur þarf alltaf að fjarlægja myglusveppinn.

„Ef viðhald á húsnæðinu er í lagi hjá fólki og það dregur fljótt og vel úr vatnstjónum þá á þetta ekki að verða að vandamálum," útskýrir Sylgja. „Fólk þarf bara að vera meðvitað um umhverfið og halda þurru í kringum sig. Lofta vel út og fylgjast vel með gluggunum á veturna þegar rúðurnar gráta og ekki þurrka mikinn þvott inni. Til dæmis ef uppþvottavélin lekur og það er ekki þurrkað upp strax þá geta myglusveppir komið á innan við 48 klukkustundum."

Nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðunni www.husogheilsa.is.

heida@frettabladid.is

Myglusveppi á minni svæðum er hægt að hreinsa með sveppadrepandi og sótthreinsandi efnum. MYND/HÚS OG HEILSA EHF

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir segir mikilvægt að lofta vel út og halda þurru í kringum sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Æpandi bleikar skúffur

Svört kommóða úr gleri eftir Johnny Egg kemur á óvart þegar skúffan er dregin út en þá kemur í ljós æpandi litur.

Hönnuðurinn Johnny Egg leikur sér með liti og form í hönnun sinni á kommóðum í línu sem hann kallar „Black Rose". Kommóðan sem er úr svörtu gleri stendur á sveigðum rókókófótum og höldurnar eru svartar rósir, einnig úr gleri. Innvolsið í kommóðunni er skærbleikt.

Hönnuðurinn hefur rekið sitt eigið fyrirtæki í tuttugu ár í Essex í Englandi en hann hannaði sitt fyrsta húsgagn aðeins sextán ára. Hann lýsir hönnun sinni sem „Theatrical Minimalism" en leggur áherslu á að húsgögnin hafi notagildi, séu vel hönnuð og gagnleg og að smáatriðin verði ekki útundan. Eftir hann liggja litrík og hressileg húsgögn sem hann segir höfða til breiðs hóps. Nánar má skoða verk eftir Johnny Egg á heimasíðunni, www.johnnyegg.com.

- rat

Bleiku skúffurnar gefa svartri kommóðunni hressandi yfirbragð. MYND/JOHNNY EGG

Lovísa hin sænska

Stellið Lovísa kemur úr sænsku verksmiðjunum Duka og er nefnt Lovísa til heiðurs Lovísu Sviadrottningu sem uppi var á árunum 1828-1871.

Stellið Lovísa er úr vönduðu postulíni og skreytt með fínlegu laufamynstri úr handslípaðri platínu. Glerlína með glösum, könnum, karöflum og vösum úr munnblásnu gleri fæst líka með sama mynstri.
Fjölmargir hlutir fást í stellinu, bæði fyrir kaffi og mat og fást í verslun Duka í Kringlunni. Lovísa þolir að fara í uppþvottavél því hún er sterkbyggð þótt fínleg sé.



GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

Eldhúsið – pottar og pönnur

Mikið hefur verið í umræðunni að undanförnu í hvaða málmum best er að elda eða baka mat. Ál er ekki talið ákjósanlegt efni. Teflon mun geta eitrað matinn. Pottjárn er talinn öruggur kostur. Stálpottar og -pönnur með sérstökum lagskiptum botni eiga að gera vatn næsta ónauðsynlegt við suðu og fitu ónauðsynlega við steikingu. Slíkir pottar og pönnur hafa þó þann galla að vera mjög dýrir og það er því ekki á allra færi að eignast þá. Ágætis lausn eru þykkir og góðir pottar og pönnur úr pottjárni. Þeir eru svo sterkir að þeir geta enst út lífið, sé vel hugsað um þá. Einnig ljá þeir matnum góðan skammt af járni sem oft er hörgull á í fæðunni. Glerpottar og eldföst mót úr leir eru einnig talin vera mjög góð lausn.

Út frá sjónarmiði orkusparnaðar:
- Best er að nota þá stærð af potti sem þú þarft hverju sinni og velja þá hellu sem passar þeim potti.
- Velja skal potta sem snerta eldavélarhelluna allan hringinn.
- Það skiptir máli að loka pottinum meðan á suðu stendur.
- Best er að nota ekki meira vatn á matinn en þú þarft til þess að sjóða hann.

Meira um allt í eldhúsinu á: http://www.natturan.is/husid/1286/



Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund

Calla-barnastóll.

Hvergi rétt horn að sjá

Nútímaleg hönnun fyrir lítil kríli

Calla-barnastóllinn eftir Yves Béhar er í senn nútímalegur og sterkbyggður. Hann hefur eingöngu bogadregnar línur og hvergi er rétt horn að sjá.

Bakkann framan á stólnum má fjarlægja og setja í uppþvottavél og stólinn sjálfan er auðvelt að þrífa með tusku. Hann er hægt að hækka og lækka og öryggisbelti heldur barninu á sínum stað. Fótaskemilinn má stilla eftir þörfum og hringlaga fóturinn gerir stólinn stöðugan.

Sjá nánar á slóðinni http://www.callachair.com/ *- ve*

Fjölmennasti árgangur Íslandssögunnar hingað til er 1960-árgangurinn en þá fæddust 4.916 lifandi börn á Íslandi og hafa heimili landsins eflaust stækkað aðeins það ár.

visindavefur.is

Útsala

20 - 70 % afsl.

Sturtuklefar
Baðinnréttingar
Hreinlætistæki
Blöndunartæki
Baðker ofl.

BAÐHEIMAR

Baðdeild Álfaborgar
Skútuvogi 4 - sími: 525 0800

Útsalan í fullum gangi

Italsofa Vandað sófasett 3+1+1 með þykku nautaleðri. Litir: Ljóst, brúnt. Verð kr. 399.000.- **Verð nú kr. 320.000.-**

Vandaður slökunarstóll
með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir
Tilboðsverð m/ákl.
kr. 49.900.-
Tilboðsverð m/leðri
kr. 69.900.-

Nýtt

Rafstýrður hvíldarstóll
Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Með innbyggðum skemmli.
Tilboðsverð m/leðri
kr. 99.000.-

Vandaður slökunarstóll
Með leðuráklæði og skemmli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.
Tilboðsverð
kr. 79.000.-

Komið og sjáið fjölda tilboða í verslun okkar!

www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga kl. 11-16

;TÍSKA

TÍSKAN HEFUR MIKIÐ BREYST í gegnum tíðina en á heimasíðunni www.fashion-era.com má lesa um helstu breytingarnar og skoða hvernig þróunin hefur orðið á síðustu áratugum.

Tíska er ýmiss konar þróun á formum, litum, línum og efni sem almenningur tekur upp á arma sína.

visindavefur.is

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Nýjar vörur í hverri viku

Vefta tískuföt • Hólagarði & Mjódd
Opnunartilboð www. vefta.is

Frábærar vörur pompea **betra verð**



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.

MEÐ BETRI BUXUM Í BÆNUM

FRÁBÆRT ÚRVAL - FLOTT SNIÐ

Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur • 554 7030

Louis Vuitton.

Yohji Yamamoto.

Prada.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Mjaðmir loksins komnar í tísku

Næsta haust er áhersla lögð á mjaðmir og mitti. Fatahönnuðirnir beittu ýmsum ráðum til að gera kvenlegar línurnar enn meiri; mitti voru tekin saman með beltum og mjaðmirnar ýktar með þykkum efnum.

Konur þurfa ekki að fela mjaðmir sínar næsta vetur því eftir langan tíma af sniðlausum kjólum eru mjaðmir aftur orðnar sýnilegar.

Það var fiftís-stemning yfir tískusýningunum fyrir næsta vetur en hönnunin hafði þó nútímalegt yfirbragð. Fatahönnuðir drógu fram kvenlegan vöxt með ýmsum leiðum; mitti voru oftar en ekki áberandi til að undirstrika andstæðurnar og mjaðmirnar voru gerðar enn stærri en venjulega með þykkum efnum fyrir neðan mittið. Þá var mikið um að belti væru höfð í mittinu til að taka saman peysur, jakka og frakka.

Konur ættu því að fagna kvenlegum vexti að hætti Jennifer Lopez og Sölmu Hayek og sveifla mjöðmunum næsta vetur. *mariathora@frettabladid.is*

Preen.

Diane Von Furstenberg.

Lanvin.

Frískandi og mildir hreinsiklútar fyrir augn- og andlitsfarða.

Fást í verslunum um land allt.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Fjarnám
farðu lengra

26. ágúst — 8. september 2008
Skráning á www.verslo.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

KAPITAL.IS

skólar og námskeið

FIMMTUDAGUR 21. ÁGÚST 2008

FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjá mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í Iðnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.

Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá	1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
	Litgreining	Fatastíll	Innkaupastjóri
	Förðun út frá litgreiningu	Fatasamsetning	Útlitsráðgjafi
	Litasamsetning	Textill	Stílisti
			Verslunarstjóri

Erna, *stílisti*



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vinn ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi mínu í förðun og stíliseringu.

Skjöldur Mio,
tískuráðgjafi

Ég taldi mig vita flest allt um tísku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heilmikið um fatasamsetningu, textil, litafræði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

EVA, *verslunarstjóri*

Námið var stórskemmtilegt og nýtist mér vel í starfi mínu sem verslunarstjóri VILA í Smáralind.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

Hollt að dansa dátt á lífsins rósabeðum

Í dansi felst tjáning, gleði, kapp og útrás. Það þekkir Auður Haraldsdóttir sem í áratugi hefur kennt Íslendingum að svífa um dansgólfin.

Auður Haraldsdóttir segir forréttindi að helga líf sitt dansi, en hér lítur hún af danselsku pari í dansskóla Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Á unglingsárunum vann ég á Hrafnistu með skólanum og fannst svo yndislega gefandi að vera innan um gamla fólkið að minn æðsti draumur var að verða hjúkrunarkona. Hins vegar innritaði mamma okkur fjölskylduna í dans hjá Heiðari Ástvaldssyni þegar ég var sjö ára, og þar með höfðu örlögin gripið í taumana," segir Auður Haraldsdóttir, danskennari og framkvæmdastjóri Dansíþróttafélags Hafnarfjarðar, DÍH.

„Þrettán ára var ég sett í sýningarhóp Heiðars sem sýndi dans um allt land og sautján ára fékk ég tilboð um kennarastarf hjá Heiðari. Þá var ekki aftur snúið," segir Auður sem nam danskennslufræðin í þrjú ár og kenndi hjá Heiðari í áratug, eða þar til hún stofnaði Dansskóla Auðar Haraldsdóttur sem hún rak til ársins 2000. Þá bauðst henni staða framkvæmdastjóra DÍH.

„Þá lagði ég niður dansskólann minn og hef kennt dans hér síðan. Nemendur koma alls staðar að og nemendahópurinn spannar allt frá þriggja ára upp í fullorðin pör og einstaklinga. Ég hef lengi sérhæft mig í dönsum fyrir yngsta fólkið og kennt allt niður í tveggja ára börn á leikskólum. Þá erum við með barnadansa fyrir 4 til 6 ára, og samkvæmisdansa fyrir alla aldurshópa. Salsa nýtur mikilla vinsælda og hefur leyst línudans af hólmi fyrir þá sem ekki eru með dansfélaga, og unglingar hópast í freestyle, hipphopp og breik, enda uppteknir af So You Think You Can Dance," segir Auður og bætir við að danskennsla í grunnskólum hafi skilað sér í dansskólana líka.

„Það er öruggt að danskennsla hefur uppeldislegt gildi og gefur börnum sjálfstraust. Í dansi er góð forvörn því samskipti kynjanna verða frjálslegri og snerting eðlilegri. Því þurfa þau ekki að leita á náðir vímuefna til að safna í sig kjarki," segir Auður og bætir við að manneskjan verði aldrei of gömul til að dansa.

„Ég held að öllum sé gefið að dansa, þótt tóneyrað sé mismunandi stillt. Á öllum mínum starfsferli hef ég aldrei fengið nemanda inn á gólf sem hefur leiðst. Dans er fjölskylduvæn íþrótt og stundum er eins og maður sé komin á hressilegt ættarmót þar sem foreldrar taka við af börnum sínum í danssalnum," segir Auður, sem nýtur hvers dags í dansinum.

„Dansinn hefur bara fært mér ánægju og gleði. Það er ekki sjálfgefið að hlakka til hvers vinnudags. Lífið er sannarlega dans á rósum, en á öllum rósum leynast einhverjir þyrnar. Lífið er fyrst og fremst skemmtilegt og ekki verra að fara í gegnum það dansandi."

Danskennsla hefst hjá DÍH laugardaginn 6. september. Innritun er frá 25. ágúst til 5. september í síma 565 4027 og á heimasíðunni www.dih.is. - þlg

Draumurinn endurvakinn

Íþróttakappinn og afreksmaðurinn Kári Steinn Karlsson tvinnar saman ástundun náms og íþrótta í háskóla í Bandaríkjunum.

Kári Steinn Karlsson hefur slegið nokkur gömul Íslandsmet í vor á sama tíma og hann stundar stíft nám í bandarískum háskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég er að læra nokkurs konar iðnaðarverkfræði í University of California, Berkeley. Þetta er ansi stífur skóli og það er mikil samkeppni um að komast inn," segir Kári Steinn sem í vor sló nokkur gömul Íslandsmet bæði í fimm og tíu kílómetra hlaupum.

„Ég sótti um þennan skóla með hliðsjón af íþróttunum og hefði getað fengið fulla styrki í hina og þessa skóla út á íþróttirnar. Ég hafði frekar áhuga á að borga með náminu og komast inn í sterkari skóla sem gefa oft ekki jafn háa styrki," útskýrir Kári Steinn.

Kári Steinn segir það alltaf hafa verið draum sinn að fara til náms í Bandaríkjunum. „Ég var í körfubolta sem gutti og það var alltaf draumurinn að fara út að spila en svo breyttist það þegar ég fór að æfa frjálsar. Eftir það hugsaði ég ekki jafn mikið um bandaríska skóla," upplýsir Kári Steinn. „Unglingalandsliðsþjálfarinn setti sig svo upp úr þurru í samband við einhverja skóla úti því hann vissi af þessum gamla draumi mínum. Þá kviknaði áhuginn aftur og ég fór á fullt að sækja um skóla."

Kári var í Háskólanum í Reykjavík eina önn áður en draumurinn var endurvakinn en seinni önnina notaði hann til að sækja um skóla vestanhafs. „Ég gaf mig allan í að sækja um, skrifa ritgerðir og taka próf til þess að koma mér inn í flottan skóla."

Kári Steinn hefur nú verið í Berkeley í ár en auk námsins er hann í íþróttaliði skólans og æfir tíu til tólf sinnum í viku. Og þá virðist rökrétt að inna hann eftir því hvernig strangt nám og mikil íþróttaiðkun fari saman. „Mér finnst námið og íþróttirnar fara vel saman. Ég þarf stundum frí frá skólabókunum og þá fer ég út og æfi á fullu. Það gefur mér orku." - mmf

Allt fyrir skólann í Eymundsson

Eastpack
– tískan í töskum
frá 7.995 kr.

Hliðartaska
verð 11.875 kr.

Bakpoki
verð 12.995 kr.

Stílabækur 4 litir
frá 240 kr.

Pennaveski
mikið úrval!
frá 795 kr.

Staedtler vatns-
leysanlegir vaxlitir

980 kr.
Skólatilboð!

3M

Áherslupennar
3 fyrir 2

verð 390 kr.

Vertu viss um að muna aðalatriðin. Strikaðu yfir og merktu við staðsetninguna um leið.

Þú borgar fyrir tvo og færð þriðja með frítt.

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

Cortex cerebri



Langar þig í nám á heilbrigðissviði en skortir grunn í ensku?

Fjölbrautaskólinn við Ármúla býður nú í fyrsta sinn upp á fagorðaforða heilbrigðisstétta (ENS 473) í fjarnámi, en áfanginn er undirbúningsnám í sérhæfðri ensku fyrir starfsmenn sjúkrahúsanna og nema á heilbrigðissviði.

Markmið áfangans er að auðvelda námið fyrir nemendur sem þurfa að kljást við erfiða og mjög sérhæfða texta og eiga þeir eftir áfangann að geta lesið faggreinar án vandkvæða og geta tjáð sig um heilbrigðismál við erlenda fagaðila. Gerð er krafa um a.m.k. 9 eininga grunn í ensku á menntaskólastigi.

Skráning fer fram
29. ágúst – 7. september á
www.fa.is/fjarnam

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Viltu styrkja stöðu þína á atvinnu-markaðinum?

Innritun stendur yfir í hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám

Staðbundið nám
Spennandi námsleið sérsniðin að vinnutíma fólks í fjármálafyrir-tækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. Í staðbundna náminu er ekki kenn-dur síðasti virki dagurinn í hverjum mánuði, ekki fyrstu fjórir virkir daga í mánuði og ekki 15. hvers mánaðar. Kennt er í lotum þannig að tekin er fyrir ein námsgrein í einu.

Fjarnám
Fjarnámið er efnislega í samræmi við staðbundna námið. Ein staðbundin lota er á önn og nemendur stunda allar þrjár greinarnar samtímis.

Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir,
fagstjóri í síma 5944000/8244114
eða ik@mk.is. Sjá einnig mk.is

Hver er ég í Friends?

Á námskeiðinu Kvikmyndirnar og lífið sem haldið verður af Endurmenntun Háskóla Íslands í september verður fjallað um ýmsar áleitnar spurningar sem vakna þegar horft er á kvik-myndir og sjónvarpsþætti. Árni Svanur Daníels-son guðfræðingur er aðalleiðbeinandinn.

„Kvikmyndin er einn mikilvægasti miðill samtímans og sjónvarpsþættir eru stór hluti af daglegu lífi margra. Margt í þeim hreyfir við okkur og fær okkur til að íhuga eigið líf, hvernig það er að vera manneskja og hver er tilgangur tilverunnar. Þetta ætlum við að skoða," byrj-ar Árni Svanur þegar hann er beðinn að útskýra um hvað námskeiðin snúist. Hann bendir á að flestir líti á kvikmyndir sem afþreyingu og sumir horfi á þær sem listaverk. Sjálfur ætli hann að sigla mitt á milli.

„Ég mun taka dæmi úr ýmsum kvikmyndum, sjón-varpsþáttum og stuttmyndum og skoða margar og ólík-ar myndir. Ég get nefnt tvær sem voru sýndar fyrir nokkrum árum, önnur heitir Million Dollar Baby og hin Hafið hið innra. Báðar fjalla um manneskjur sem lenda í slysi og velta upp spurningum um gildi lífsins. Svo langar mig að lyfta fram sjónvarpsþætti sem er í gangi núna um unga konu sem missir minnið og er að átta sig á því hver hún er. Þannig mun ég taka fyrir ólík stef og reyna að skapa umhugsun og umræður í námskeiðs-hópnum. Við verðum að gangast við því að kvikmynd-ir hafa heilmikil áhrif á okkur. Persónurnar í Friends hafa verið gestir í stofum margra landsmanna í tíu ár. Líka fólkið í Sex and the City. Það getur verið gaman að velta því fyrir sér við hvern úr þessum þáttum er hægt að samsama sig."

Árni Svanur hefur í nokkur ár unnið með sérstökum hópi sem beint hefur athygli sinni að trúarlegum og sið-fræðilegum stefjum í kvikmyndum. Hann kveðst kalla til fólk úr þessum hópi sem leiðbeinendur með sér við námskeiðið í Endurmenntun sem haldið er í samvinnu við Biskupsstofu. Það hefst með tveimur fyrirlestrum

„Kvikmyndir og sjónvarpsþættir kveikja oft spurningar um siðferðileg álitamál," segir Árni Svanur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þar sem sýnidæmin verða tekin fyrir og rædd. Í fram-haldi af því verður farið á þrjár bíómyndir sem sýnd-ar verða á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík. „Hugmyndin er sú að við förum þrisvar í bíó saman og setjumst svo niður á kaffihús á eftir og ræðum um myndina," segir Árni Svanur. „Lokahnykkur nám-skeiðsins verður svo tími þar sem efni þess verður dregið saman." - gun

Allir í dans

Kennsla hefst laugard. 6.sept.

Samkvæmisdansar :
Barna - unglinga og hjónahópar

Break - Freestyle - Hip hop :
Barna og unglingahópar

Barnadansar :
Fyrir 3 ára og 4 - 6 ára

Salsa:
Kennt 2x í viku

Innritun á www.dih.is
og í síma: 565-4027 / 861-6522
Frá 25. ágúst - 5. september
kl. 13:00 - 20:00

Afsláttur fyrir 16 ára og yngri frá Hfj.bæ

Kennslustaðir:
- Haukahraun 1. 220 Hfj.
(Bjarkarhúsinu)
- Íþróttahús Setbergsskóla

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar

Nám í Ráðgjafarskóla Íslands

Ráðgjafarskóli Íslands býður upp á tvenns konar nám. Annars vegar nám í **Ráðsgjafaskólanum**, sem er fyrir þá sem starfa við, eða ætla sér að starfa við ráðgjöf. Hins vegar nám í **Forvarnaskólanum**, sem er fyrir þá sem starfa að eða hyggjast starfa að forvörnum og forvarnaráðgjöf.

RÁÐGJAFA**SKÓLI**

Eftirfarandi er m.a. tekið fyrir í Ráðgjafaskólanum:

- Samtalstækni og handleiðsla. Sorg og sorgarviðbrögð. Meðvirkni. ADHD.
- Sálfræðileg, tilfinningaleg og persónuleg álitamál.
- Ráðgjöf (einstaklings-, hóp- og fjölskylduráðgjöf) og tækni til inngripa.
- Meðferðarstjórnun, meðferðaráætlanir, skýrsluhald.
- Siðfræði, lögfræðileg álitamál, trúnaðarmál.
- Líffræði og efnafræði áfengis og annarra vímuefna.
- Grunnþekking á alkóhólisma og fíkn í önnur efni en áfengi.

FORVARNA**SKÓLI**

Eftirfarandi er m.a. tekið fyrir í Forvarnaskólanum:

- Ýmis samfélagsleg og pólitísk álitamál sem varða forvarnir.
- Kenningar um lýðheilsu og skilgreiningar á forvörnum.
- Lög og reglur sem afmarka forvarnir.
- Grundvallaratriði varðandi rannsóknir í forvörnum.
- Mat á árangri forvarna.
- Kenningar og rannsóknir á áhættuhegðun ungmenna.
- Líffræðileg verkun og áhrif vímuefnaneyslu á heilsu fólks og hegðun.
- Íhlutunar- og meðferðarúrræði á Íslandi, einkum fyrir ungt fólk.
- Nemendur geti að loknu náminu sett upp og verkstýrt forvarnaáætlunum.

Umsóknarfrestur um nám á haustönn 2008
er til 1. september 2008

Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást hjá:
stefanjo@xnet.is Sími: 553 8800 - Fax: 553 8802

RÁÐGJAFARSKÓLI ÍSLANDS
Pósthólf 943, 121 Reykjavík Sími: 553 8800

Borgarholtsskóli
býður upp á nám með starfi

Kvöldskólanám í málm- og véltæknigreinum

Eftirtaldar greinar verða í boði:

Málmsuða:	HSU, LSU, RLS og RSU
Málmsmíðar:	HVM, PLV, VVR og REN
Teikningar:	GRT, CAD, TTÖ og ITM
Véltækni:	AVV og VÖK
Fagbóklegt:	RAT, RÖK og MRM

Kennt verður virka daga kl. 18:10–22:30 og laugardaga kl. 8:10–13:50

Innritun í kvöldskólann verður 21.–23. ágúst og kennsla hefst 25. ágúst.

Síðdegisnám fyrir:

Leiðbeinendur í leikskóla
Skólaliða
Stuðningsfulltrúa
Félagsliða

Kennt verður virka daga kl. 15:00–17:40.

Innritun í síðdegisnám lýkur 22. ágúst og kennsla hefst 25. ágúst.

Dreifnám (fjarnám með staðbundnum lotum) fyrir:

Leiðbeinendur í leikskóla
Skólaliða
Stuðningsfulltrúa
Félagsliða

Félags- og tómstundanám ***NÝTT***

Á lista- og fjölmiðlasviði er boðið upp á dreifnám í:
Bókasafnstækni
Margmiðlun

Innritun í dreifnám lýkur 22. ágúst og kennsla hefst 29. ágúst.

Nánari upplýsingar eru á **www.bhs.is**
Borgarholtsskóli við Mosaveg, sími 535 1700

ELDHÚS

EINS OG ÞÚ VILT HAFA ÞAÐ

PISA höldulaust hvítt háglans

Birki Duo

Val um 30 hurðagerðir:
Hvítar, svartar, gular, eik, askur, birki, hnota.

Komdu með málin
og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

Allt á sama stað:
Innréttingar og raftæki. Trésmíðaverkstæði, raftækjaviðgerðarverkstæði. Samsetning, uppsetning.

MARKMIÐ OKKAR ER AÐ VEITA ÚRVALSÞJÓNUSTU

ELDAVÉLAR

VIFTUR & HÁFAR

ELBA

OFNAR

UPPÞVOTTAVÉLAR

HELLUBORÐ

NÝ KÆLISKÁPALÍNA FRÁ SNAIGÉ

KÆLISKÁPAR

30% afsláttur
af ELBA og Snaigé raftækjum þegar þau eru keypt með innréttingu

BETRA BAÐ

BETRI LAUSNIR - MEIRA ÚRVAL

Askur Facet

BAÐINNRÉTTINGARNAR
byggjast á einingakerfi 30, 40, 60 og 80 cm breiðra eininga. Ótæmandi uppröðunarmöguleikar. Við hönnum og teiknum fyrir þig.

Pisa
hvítt háglans

Heilsteyptu vaskborðin eru vinsæl!
Breiddir: 60, 80, 90, 120,140, 160, 180 cm
Litir: Hvít, svört, offwhite, ljósgrá, sandgrá. o.fl.

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

20-25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NETTOLINE INNRÉTTINGUM TIL 23. ÁGÚST
VIÐ BJÓÐUM ENN BETUR OG VEITUM 5% AUKA AFSLÁTT SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

FATASKÁPAR

EFTIR MÁLI - SNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÓSKUM

Satinerað gler

FATASKÁPAR MEÐ HEFÐBUNDNUM HURÐUM
byggjast á einingakerfi 40, 50, 60, 80 og 100 cm. eininga, sem er raðað saman að vild.
Við hönnum og teiknum fyrir þig.

RENNIHURÐASKÁPAR
Afgreiddir eftir máli, sniðnir að þínum óskum.
Hurðirnar eru afgreiddar eftir máli, hæð allt að 275 cm, breidd 40-150 cm.
Í boði eru 3 rammalitir (hvítur, silfur eða svartur) og 40 panilgerðir (plast- eða spónlagðar, gler, speglar o.fl.).
Að innan er val um 6 liti og boðið er upp á mikið úrval af skúffum, körfum, o.m.fl.

nettoline
AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

GLÆSILEGAR DANSKAR INNRÉTTINGAR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI !

www.nettoline.dk

Askur Soft

ÞVOTTAHÚS

GOTT SKIPULAG SKIPTIR MÁLI

Við sníðum innréttinguna að þínum óskum. Þú getur fengið skúffur og útdregin tauborð undir vélarnar, einnig útdreginn óhreinatausskáp, kústaskáp o.m.fl.

Friform

OPIÐ Mán. - föst.kl. 10-18 Laugardaga kl. 11-16

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

FARTÖLVUR

Frá 2.124 kr á mánuði!

SvarLán er greiðsludreifing sem viðskiptavinum Svar tækni býðst til allt að 59 mánaða á kreditkort eða 36 mánaða á kennitölu.

Mánaðargreiðslur eru frá 2.124 kr á mánuði!

svar tækni

SÍÐUMÚLA 37
SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

● NÁM MEÐ STARFI

Opni háskólinn er sjálfstæður háskóli sem Háskólinn í Reykjavík rekur. FagMennt Opins háskóla býður nú í fyrsta skipti á haustönn upp á diplómanám samhliða vinnu. Námið hentar fólki úti í atvinnulífinu sem hefur áhuga á að bæta við sig menntun og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Eftirfarandi diplómanám, samhliða vinnu verður í boði nú í haust: diplómanám í alþjóðaviðskiptum, diplómanám í mannauðsstjórnun og diplómanám í stjórnun og rekstri fyrirtækja. Diplómanámin eru öll til eins árs og er kennt eftir hefðbundinn vinnutíma. Námið gefur 30-36 ECTS einingar. Opið er fyrir umsóknir á www.fagmennt.is. Frekari upplýsingar er að finna á www.ru.is.

Handverk í hávegum haft

Handverkshúsið býður upp á fjölbreytt haustnámskeið í alls kyns málm- og trévinnslu.

Þorsteinn Eyfjörð Jónsson, eigandi Handverkshússins, segir aldrei fleiri námskeið hafa verið í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Í haust býður Handverkshúsið upp á fjölda handverksnámskeiða í silfurleir, steinavinnslu, tréútskurði, tálgun og perlu- og silfurskarti, svo eitthvað sé nefnt. „Það er þétt dagskrá að fara í gang hjá okkur í haust. Námskeiðin okkar eru mjög efnismikil og við erum með reynda handverksmenn sem leiðbeina," segir Þorsteinn Eyfjörð Jónsson, eigandi Handverkshússins.

Námskeiðin eru allt frá einu kvöldi upp í heilar helgar og að sögn Þorsteins er mikið lagt upp úr því að koma fólki af stað svo það geti unnið sjálfstætt að námskeiði loknu.

Handverkshúsið er bæði verslun og þjónustufyrirtæki og hefur verið starfrækt í tólf ár. „Fyrirtækið var stofnað í Hafnarfirði, en við fluttum í Bolholt fyrir um einu ári síðan. Það var ekki fyrr en við fluttum hingað að við settum upp sér námskeiðsaðstöðu og í dag erum við með tíu mismunandi handverksnámskeið í gangi allt árið," útskýrir Þorsteinn.

Handverkshúsið er með sérhæfða verslun fyrir handverksfólk. „Við seljum allt sem þarf fyrir handverk, allt frá efnum yfir í verkfæri. Búðin okkar er heill heimur út af fyrir sig. Það nýjasta hjá okkur er að við erum farin að selja muni eftir handverksfólkið okkar," segir Þorsteinn áhugasamur.

Verslunin í Handverkshúsinu sérhæfir sig í öllu sem tengist handverki.

Skráning er að fara af stað og að sögn Þorsteins hafa aldrei verið fleiri námskeið í boði. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi Handverkshússins er bent á heimasíðuna www.handverkshusid.is.

klara@frettabladid.is

Það eru skemmtilegir munir sem fólk hefur búið til á námskeiðum Handverkshússins.

Diplóma í verslunarstjórnun

Háskólinn á Bifröst býður upp á diplómanám í verslunarstjórnun. Um er að ræða tveggja ára starfstengt nám á framhaldsskólastigi sem fram fer að mestu með fjarnámi.

Markmið námsins er að auka hæfni og þekkingu starfsfólks sem vinnur við verslun og þjónustu. Að námi loknu útskrifast nemendur með diplómapróf í verslunarstjórnun en það veitir rétt til frekara náms við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst.

Máttur kvenna I & II

Háskólinn á Bifröst býður upp á rekstrarnám í fjarnámi fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína.

Markmið námsins er m.a. að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, skapa fleiri störf á landsbyggðinni, auka arðsemi fyrirtækja og að efla tengslanet kvenna. Námskeiðið hefst með vinnuhelgi á Bifröst en svo tekur við 3 mánaða kennsla í fjarnámi . Náminu lýkur með vinnuhelgi og formlegri útskrift.

Rekstur smærri fyrirtækja

Auknar kröfur um aukið hagræði í rekstri og skilvirka þjónustu fyrirtækja kalla á haldgóða menntun rekstraraðila. Háskólinn á Bifröst býður eigendum og rekstraraðilum smærri fyrirtækja upp á sérhæft nám sem svar við þeirri þörf sem skapast hefur á þeim markaði sem smærri fyrirtæki starfa á.

Rekstur smærri fyrirtækja (RSF) er nám sem þú getur stundað með vinnu og þannig bætt þekkingu þína. Námið nýtist því frá fyrsta degi í rekstri fyrirtækis þíns.

FRUMGREINADEILD | VIÐSKIPTADEILD | LAGADEILD | FÉLAGSVÍSINDADEILD

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Upplýsingaleit sem bætir verklag og sparar tíma

Margrét Gunnarsdóttir býður upp á kennslu og námskeið í upplýsingaleit á netinu fyrir háskólanema og starfsfólk á heilbrigðisvísindasviði.

Margrét Gunnarsdóttir segir það geta sparað óhemju tíma að kunna vel til verka á netinu og að netforrit geti hjálpað til við að halda utan um stórar ritgerðir og annað efni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég mun bjóða upp á námskeið, einkakennslu og símaþjónustu fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, nemendur á heilbrigðisvísindasviði, fyrirtæki, stofnanir og almenning," segir Margrét Gunnarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, sem hefur í mörg ár unnið við kennslu í upplýsingaleit á netinu innan Landspítala en hyggst nú starfa sjálfstætt.

Hún segir heilbrigðisgeirann mjög framarlega þegar kemur að möguleikum á upplýsingaleit í gegnum rafræn gagnasöfn, rafræn fagtímarit og jafnvel rafrænar handbækur og segir heilbrigðisstéttir til að mynda hafa aðgang að nægtabrunni fagefnis á netinu í gegnum bókasafn Landspítala. Eins bendir hún á landsaðgang Íslands að hvar.is.

„Fólk er þó misduglegt við að nýta sér þessi söfn og er það oft ekki fyrr en að kemur að diplomamasters- og jafnvel doktorsnámi sem það fer að finna verulega fyrir því að eitthvað skorti á tölvu- og upplýsingalæsi. Þá eru ritgerðirnar orðnar mjög stórar og á fólk oft í erfiðleikum með að leita upplýsinga og meðhöndla þær."

Margrét kennir fólki að leita í gagnasöfnum eins og PubMed sem hún segir helsta rafræna gagnasafnið á sviði heilbrigðisvísinda. Eins kennir hún hvernig meðhöndla eigi heimildir með heimildarskráningarforritinu Refworks svo eitthvað sé nefnt.

„Það getur sparað óhemju tíma ef fólk kann vel til verka og netforritin hjálpa til við að halda utan um stórar ritgerðir og annað efni. Ég nota gjarnan orðalagið vefinn í verklagið en með því að kunna á vefinn er bæði hægt að spara tíma og vanda verklagið hvort sem er í námi eða starfi."

Margrét segir hægt að stilla tæki og tól á vefnum þannig að upplýsingunum sé ýtt að fólki frekar en að það þurfi að leita þær uppi og þannig sparar það tíma um leið og það heldur sér við í faginu.

Námskeið Margrétar hefjast í september en allar nánari upplýsingar má finna á infopro.is. *- ve*

Menntun er málið
- kynntu þér réttindi þín!

Ríkismennt SGS er þróunar-og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (SGS)

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími 599 1450
fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Ríkismennt

LandsMennt skapar tækifæri
- kynntu þér möguleikana

- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum

Landsmennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 599 1450
Fax: 599 1401 • www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is

Allir geta stundað nám
við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra
- óháð búsetu

Skráning í fjarnám við FNV er hafin
og lýkur 22. ágúst nk.

Umsóknareyðublað er á heimasíðu skólans
http://www.fnv.is undir heitinu umsókn fyrir fjarnema.
Einnig er hægt að skrá sig með því að senda póst
á netfangið sirry@fnv.is

Kennslan fer fram í kennsluumhverfi á netinu.

Kennsla hefst 1. september 2008
Gjaldskrá og aðrar upplýsingar
er að finna á heimasíðu skólans.

Gott nám fyrir þig!

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Nánari upplýsingar á www.fnv.is eða í síma 455 8000

„Súpernámskeið"

Dr David Powell Ph.D. verður með námskeið
á Íslandi dagana 1. – 5. september nk.

Dr. David J. Powell Ph.D.
er heimsþekktur fyrirlesari og kennari á sínu sviði. Hann er m.a. höfundur bókanna „Clinical Supervision in Alcohol and Drug Abuse Counseling" og „Playing life's second half: A man's guide for turning success into significance."

Dagskrá námskeiðsins er eftirfarandi:

1.- 2. september
2 dagar: „Skills in Family Therapy"
3. september
1 dagur: „Sexuality as Intimacy as Aspects of Recovery"
4. september
1 dagur: „Care of the Caregiver: Overcoming Compassion Fatique (Burnout)"
5. september
1 dagur: „Integrading Spirituality into Therapy"

Námskeiðið er haldið í Brautarholti 4a í Reykjavík

Innritun stendur yfir
Sjá upplýsingar á www.forvarnir.is

Þátttaka tilkynnist til:
Ráðgjafarskóla Íslands, Pósthólf 943, 121 Reykjavík;
Í síma 553 8800 eða netfang: stefanjo@xnet.is

Fljótlegt málanám hjá Lingva

Fyrir þremur árum lét Paolo Turchi langþráðan draum rætast og stofnaði tungumálaskólann Lingva á Íslandi og nú býður hann í fyrsta skipti nám í framandi tungumálum.

„Fyrir nokkrum árum fór ég í þáttinn Viltu vinna milljón og vann fimm milljónir," segir Paolo, skólastjóri tungumálaskólans Lingva. „Ég notaði peningana til þess að kóróna drauminn og opna tungumálaskóla á Íslandi sem býður upp á öðruvísi aðferðir við tungumálakennslu."

Að sögn Paolos byggist kennslan á talmáli sem kennt er í tvær til fjórar vikur en engin málfræði er kennd við skólann. „Við byrjum á þeim enda sem smábörn nota þegar þau læra tungumál. Þau byrja fyrst að tala og læra svo málfræðina."

Tungumálaskólinn Lingva hefur kennt ýmis tungumál, bæði erlend og íslensku fyrir útlendinga, og í haust byrjar kennsla í framandi tungumálum. „Við ætlum til dæmis að bjóða kínversku sem við búumst við að verði vinsæl eftir Ólympíuleikana og einnig japönsku. Svo verður arabíska og kennarinn er búinn að lofa að kenna okkur að tala hana á einum mánuði," segir Paolo og greina má örlítinn efatón í röddinni enda bætir hann fljótlega við að þetta sé erfitt tungumál.

Paolo segir að námskeiðin séu fyrir fólk á öllum aldri en nám við skólann stundi nú fólk frá tvítugu til níræðs.

Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Lingva www.lingva.is. - mmf

Paolo Turchi lét langþráðan draum rætast þegar hann stofnaði málaskóla á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Geta þessi börn rætt saman? Hugmyndin með esperantó var að leysa tungumálavanda heimsbyggðarinnar.

Nám á netinu

Tungumálanám þarf ekki að vera dýr fjárfesting og á vef Íslenska esperantósambandsins má finna ókeypis námskeið í esperantó, útbreiddasta tilbúna tungumálinu. Þetta er námskeið sem þýtt hefur verið á íslensku og því fylgja bæði hljóðdæmi og æfingar.

Samkvæmt vef Íslenska esperantósambandsins er esperantó fljótlært mál vegna þess að málfræðin er einföld og orðastofnar fáir. Esperantó er útbreitt um allan heim og var búið til af pólska augnlækninum Zamenhof í því skyni að leysa tungumálavanda heimsbyggðarinnar sem hefur þó enn ekki tekist svo nokkru nemi.

Upplýsingar um gagnvirku esperantónámskeiðin má finna á www.ismennt.is/vefir/esperant. - mmf

Hægt er að fá tilsögn á línuskauta hjá linuskautar.is. MYND/GETTY IMAGES

Línuskautanám

Þótt liðið sé á sumarið er enn nógur tími til að nota línuskautana. Hægt er að læra á línuskauta á námskeiðum hjá linuskautar.is en þar hafa námskeið verið sniðin jafnt fyrir byrjendur og þá sem skautað hafa áður. Farið er í undirstöðuatriði íþróttarinnar og áhersla lögð á að kenna fólki að skauta öruggt og rétt.

Upplýsingar um námskeiðið er að finna á heimasíðunni www.linuskautar.is en til að skrá sig á námskeið skal senda netpóst á arni@linuskautar.is eða helgi@linuskautar.is. - rat

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

TOYOTA YARIS SOL, árg 2007. Ek 16þús. km, Sjálfsk, Cd m/mp3, rafdrif.rúður og speglar. Ásett verð 1990 þús.kr Tilboð 1690þús.kr stgr!!!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

MÖGULEIKI Á 100% LÁNI ÁN ÁBYRGÐARMANNA
YAMAHA TTR 90 100% LÁN Í BOÐI. Árgerð 2008, ekinn -1 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 250.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 100% LÁN Í BOÐI

Tilboð 699.000.- þús
Möguleiki á 100% láni SUZUKI MARAUDER 800 ALLT AÐ 100 % LÁN. Árgerð 2004, ekinn 2 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 890.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

Tilboð 890 þús! Lán 760 þús!
Möguleiki á 100% láni SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4. Árgerð 2003, ekinn 101 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 1.090.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is

100% lán Erlent 3.300.000
Ekkert út aðeins yfirtaka FORD F350 CREW 4X4 KING RANCH EKKERT ÚT !!!!. Árgerð 2005, ekinn 94 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 100% erlent lán

Tilboð 750.000.- nýverði 968 þús.
ekið aðeins eina klst HONDA CRF 450 R MEÐ DEMPARASTYRI. Árgerð 2008, ekinn 1 klst., BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 750.000. Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Möguleiki á 100% láni

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

Úrval nýrra atvinnubíla á frábæru verði!!
Nýr Renault Kangoo. Verð kr : 1.359þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. Verð kr : 1.990þ. án vsk. Nýr Renault Trafic. 9 manna. Verð kr : 3.190þ. með vsk. Nýr Renault Trafic Langur. Hár toppur. Verð kr : 2.490þ. án vsk. Nýr Renault Master. Millilangur. Hár toppur. Verð kr : 2.795þ. án vsk. Fleiri útfærslur í boði. Allir bílar dísel og til afgreiðslu strax !

Jeep Grand Cherokee SRT8 420 Hestöfl!
Ekinn aðeins 3.900km , nýskráður 11.07 . Magnað tryllitæki á frábæru verði ! ABS - Aksturstölva - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - cd-Glertopplúga - Hiti í sætum - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Loftkæling - Minni í sætum - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Veltistýri - Vökvastýri - Þjófavörn - 20" álfelgur . Fleiri myndir á www.sparibill.is Verð aðeins kr : 5.490þ

Sparibíll ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar til sölu

10. Förum eftir leiðbeiningum skólans um umferð á skólasvæðinu.

Höfum í huga að við erum fyrirmyndir barnsins. Hvernig hegðum við okkur í umferðinni? Barnið lærir meira af því sem við gerum en því sem við segjum. Munum því að ganga aldrei á móti rauðu ljósi og nota alltaf viðeigandi öryggisbúnað, til dæmis öryggisbelti, hjólreiðahjálma og endurskinsmerki.

Höfundur er fræðslufulltrúi hjá Umferðarstofu.

Búum til olíu á Bakka

UMRÆÐAN
Lúðvík Gizurarson skrifar um virkjanir.

Nú á ekki lengur að reisa risaálver á Bakka við Húsavík eða það er í vafa, þá höfum við betri kost og það er að reisa á Bakka verksmiðju, sem framleiddi olíu á bíla og skip. Þannig gætum við bjargað okkur sjálfir ef olía verður of dýr eða fæst ekki keypt vegna styrjaldar í olíulöndunum við Persaflóa. Einn kastar bombu, jafnvel óvart, og þá er allt komið í gang. Hinir verja sig og bomba á móti. Styrjöld er komin á og engin eða lítil olía framleidd. Þá þurfum við að geta framleitt okkar olíu sjálfir eða efni, sem má nota í stað olíu.

LÚÐVÍK GIZURARSON

Hér var lengi áburðarverksmiðja í Gufunesi. Hún var seld eða gefin í einkavæðingu. Betra hefði verið að flytja hana út á land og halda áfram. Gamla áburðarverksmiðjan framleiddi fyrst og fremst vetni, sem svo var breytt í áburð fyrir okkar landbúnað. Ef menn vildu ekki framleiða áburð, þá mátti nota vetnið á bíla. Gera tilraunir sem væru tengdar vetni, t.d. með vetni blönduðu saman við önnur efni. Þá hefðu komið tækniframfarir, aukin þekking og jafnvel nýjar uppfinningar. Eitt leiðir af öðru. Bara byrja og halda svo alltaf áfram. Láta ekkert stoppa sig. Á endanum kemur hagstæð lausn.

Fyrir svona 20 árum skrifaði þessi greinarhöfundur í Dagblaðið DV grein sem hann kallaði „Lýsistrillan“. Þá benti hann á að nota mætti lýsi til að reka trillu ásamt olíu eða bara lýsi tómt. Þetta var skrifað til að benda á nýja möguleika þegar olían væri búin, of dýr eða fengist ekki. 20 árum síðan.

Nú er höfundur með nýja hugmynd með trillur. Það er „Vindmyllutrillan“. Hún gengi fyrir rafmagni og hefði rafgeyma. En hún hefði líka mastur með spaða sem snerist og framleiddi rafmagn. Svona vindmyllu-rafstöð mætti setja á öll skip og spara rafmagn. Setja margar vindmyllur á stærri skip og spara olíu. LÍÚ ætlar e.t.v. að nota segl sbr. blaðafregnir, vindmyllan er betri. Svo passa seglin ekki í dag.

Hættum við álver á Bakka við Húsavík. Setjum þar upp verksmiðju til að framleiða vetni, methanol og svo hreina dísilolíu. Það er hægt tæknilega. Látum t.d. Alþjóðabankann eða Kínverja lána okkur. Vera hugsanlega í samvinnu við þá báða. Þeir eru vinir okkar.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

Stríðsástand sem Rússland óskaði ekki eftir

GORBATSJOV

Mikhaíl Gorbatsjov skrifar um stríðið í Georgíu og viðhorf Vesturlanda til Rússlands.

Bráðastig þess hættuástands sem árás Georgíuhers á Tskhinvali, höfuðborg Suður-Ossetíu, framkallaði er nú að baki. En þó veldur það enn sársauka.

Hvernig getur maður þurrkað úr minni sér þessar hryllilegu myndir af sprengjuárás að næturlagi á friðsama borg, þegar heilu borgarhlutarnir voru lagðir í rúst og fólk er leitaði skjóls í kjöllurum týndi lífinu, þessari villimannslegu eyðileggingu fornra minja og grafreita?

Rússar vildu ekki þessi ósköp. Leiðtogar Rússlands eru nógu sterkir heima fyrir; þeir þurftu ekki á „litlu sigurstríði“ að halda.

Rússar voru dregnir inn í átökin vegna glannaskapar Mikheils Saakashvili, forseta Georgíu. Hann hefði ekki vogað sér að gera árás án utanaðkomandi stuðnings. Rússar höfðu ekki efni á að sitja aðgerðarlausir hjá.

Ákvörðun Dmitrís Medvedev Rússlandsforseta um að hætta hernaðaraðgerðum var réttur leikur hjá ábyrgum leiðtoga. Þeir sem bjuggust við ringulreið í Moskvu urðu fyrir vonbrigðum. Rússlandsforseti vann sitt verk af rósemi, öryggi og festu.

Þeir sem skipulögðu þessa herferð vildu greinilega sjá til þess að Rússar yrðu sakaðir um að gera ástandið verra í þessum heimshluta og í heiminum öllum, hver svo sem útkoman yrði. Með aðstoð þeirra efndu Vesturlönd til áróðursherferðar gegn Rússlandi, einkum í bandarískum fjölmiðlum.

Í umfjöllun fjölmiðla hefur engan veginn verið gætt hófsemi og jafnvægis, síst þó á fyrstu dögum stríðsins. Tskhinvali var orðin að rjúkandi rústum og þúsundir manna voru á flótta frá borginni áður en nokkur rússneskur hermaður steig þangað fæti sínum - en strax var þó farið að saka

MIKHAIL GORBATSJOV

Rússland um að hafa gert árás að fyrra bragði, og útbreiða lygarnar úr Georgíuleiðtoga um leið og stappað var í hann stálinu.

Enn er ekki ljóst hvort Vesturlönd vissu af áformum Saakashvilis, og þetta er grafalvarlegt mál. Það sem þó er ljóst, er að aðstoð Vesturlanda við þjálfun georgískra hermanna og miklar vopnasendingar hafa þokað þessum heimshluta frekar í áttina að stríði en friði.

Ef þetta óheppilega hernaðarbrölt kom erlendum velunnurum Georgíuforseta á óvart, þá væri það svo sem nógu slæmt: sígilt dæmi, að því er virðist, um söguna af því að skottið dilli hundinum.

Saakashvili hafði verið ausinn lofi fyrir að vera dyggur bandamaður Bandaríkjanna og sannur lýðræðissinni, og fyrir að hjálpa til í Írak. Nú þurfum við öll, Evrópumenn, og þó einkum saklausir íbúar á svæðinu, að tína saman brotin úr þeirri ringulreið sem besti vinur Bandaríkjanna hefur komið til leiðar.

Þeir sem vilja flana að dómi um það sem er að gerast í Kákasushéruðunum eða vilja hafa þar áhrif ættu fyrst að gera sér í það minnsta einhverja mynd af þeirri flóknu stöðu sem uppi er í þessum heimshluta. Ossetíumenn búa bæði í Georgíu og Rússlandi. Þannig er það á öllu þessu svæði: misleitur samsetningur af þjóðernishópum sem búa í miklu návígi. Þess vegna er best að gleyma öllu tali á borð við: „Þetta er okkar land“ og „við erum að frelsa okkar land“. Við verðum að hugsa um fólkið sem býr á landinu.

Vandamál Kákasushéraðanna verða ekki leyst með valdi. Þetta hefur verið reynt oftar en einu sinni, og það hefur alltaf komið mönnum í koll aftur.

Það sem vantar er lögbundið samkomulag um að beita ekki valdi. Saakashvili hefur ítrekað neitað að undirrita slíkt samkomulag, af ástæðum sem nú eru orðnar deginum ljósari.

Vesturlönd létu gott af sér leiða ef þau hjálpuðu til við að ná fram slíku samkomulagi nú. En ef þau kjósa þess í stað að ásaka Rússa og endurvígvæða Georgíu, eins og bandarískir embættismenn hafa lagt til, þá er óhjákvæmilegt að ástandið versni á ný. Ef sú er raunin, þá skulu menn búa sig undir hið versta.

Á síðustu dögum hafa Condoleezza Rice og George Bush forseti gefið fyrirheit um að einangra skuli Rússland. Sumir bandarískir stjórnmálamenn hafa hótað að reka Rússland úr G8-hópi helstu iðnríkja, að leggja niður NATO-Rússlandsráðið eða koma í veg fyrir aðild Rússlands að heimsviðskiptastofnuninni WTO.

Þetta eru merkingarlausar hótanir. Rússar hafa um nokkra hríð velt því fyrir sér hvers vegna við ættum að þurfa á þessum alþjóðastofnunum að halda, úr því skoðanir okkar skipta þar engu. Til þess eins að sitja við notalegt kvöldverðarborð og hlusta á fyrirlestra?

Satt að segja hefur Rússum lengi verið sagt að sætta sig bara við orðinn hlut. Hérna hafið þið sjálfstæði Kosovo. Hér kemur niðurfelling ABM-samningsins um takmörkun eldflaugavarna og ákvörðun okkar um að setja upp eldflaugavarnir í nágrannaríkjum. Hér er endalaus útþensla NATO. Allt þetta var framkvæmt á meðan fagurgalinn um samstarf hljómaði undir. Hvers vegna ætti nokkur að kæra sig um slíkt sjónarspil?

Mikið er nú rætt í Bandaríkjunum um að „endurskoða“ tengslin við Rússland. Mín tillaga er sú að eitt þurfi tvímælalaust að endurskoða: þann ávana að tala til Rússa af yfirlæti, án alls tillits til stöðu Rússlands og hagsmuna.

Þessi tvö lönd gætu þróað með sér raunverulegt samstarf frekar en sýndarsamstarf. Ég tel að margir Bandaríkjamenn, og Rússar einnig, skilji þörfina á slíku, en hvað með stjórnmálaleiðtogana?

Nýlega var stofnuð í Bandaríkjunum tveggja flokka nefnd, undir formennsku öldungadeildarþingmannanna Garys Hart og Chucks Hagel, sem hefur það hlutverk að rannsaka samskipti Bandaríkjanna og Rússlands. Í þessari nefnd eiga sæti menn sem starfa af fullri alvöru, og af fyrstu tilkynningu nefndarinnar má ráða að þeir átti sig á mikilvægi Rússlands og mikilvægi þess að eiga uppbyggilegt samstarf með Rússlandi.

Í starfslýsingu nefndarinnar segir hins vegar að hún muni leggja fram „tillögur að stefnumótun fyrir nýja ríkisstjórn um að styrkja hagsmuni Bandaríkjanna í samskiptum við Rússland“.

Ef þetta er eina markmið nefndarinnar, þá efast ég um að hún láti mikið gott af sér leiða. Ef þeir eru hins vegar reiðubúnir til að skoða bæði hagsmuni hins aðilans og sameiginlega öryggishagsmuni, þá gæti opnast leið til að endurvekja trúnaðartraust og hefja gagnlegt samstarf.

Þetta er tíunda greinin um alþjóðastjórnmál eftir Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna og friðarverðlaunahafa Nóbels, sem birtist í Fréttablaðinu í samvinnu við The New York Times Syndicate. Gorbatsjov hefur vegna reynslu sinnar óvenju góða yfirsýn yfir þá atburði sem móta heimsmálin. Gorbatsjov stýrir nú alþjóðlegum rannsóknarsjóði á sviði félags- og efnahagsmála og stjórnmála, The Gorbachev Foundation.

---- Lesendur Fréttablaðsins hafa tækifæri til að senda spurningar til Gorbatsjovs sem hann mun svara í síðari greinum sínum hér í blaðinu. Spurningarnar sendist með tölvupósti á netfangið gorbatsjov@frettabladid.is merktar nafni sendanda og heimilisfangi. Spurningarnar mega vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku.

Stakfell | Grunnur að góðu lífi
Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk
:: 535_1000
Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali, stakfell.is
Þórhildur Sandholt, lögfr. og lögg. fast.sali, Fax 535 1009

Skipholt 50a Opið hús í dag kl 17:30-18:30

Kynnum mjög vel staðsettar nýjar íbúðir stutt frá miðbæ Reykjavíkur, steinsnar frá Fjöltækniskóla Íslands. Þetta eru 12 nýjar rúmgóðar og vandaðar 2-3 herbergja íbúðir frá 58 fm. – 117 fm. Íbúðirnar eru fullbúnar með eikarparketi á gólfum nema baðherbergin eru flísalögð, eldhúsin eru með vönduðum tækjum úr burstuðu stáli og hvítum innréttingum. Svefnherbergin eru sérlega rúmgóð. Íbúðir á 1 hæð með útgengi í garð/verönd og gott aðgengi fyrir hjólastóla. Voldugt anddyri er sameiginlegt fyrir allar íbúðirnar.

Ýmis eignaskipti möguleg. Tilvalið fyrir bæði einstaklinga, leigufélög eða félagasamtök.

Verð á bilinu 20,9 - 41 millj

Elizabeth Arden

i love my

gift

Þessi glæsilega gjöf* er þín þegar verslað er
í Elizabeth Arden línunni fyrir 5.900 kr. eða meira.

Elizabeth Arden kynning í Hagkaup

Kringlu, Smáralind, Skeifu, Holtagörðum, Garðabæ og Njarðvík
dagana 21. – 27. ágúst.

Kynnum nýjungar í Elizabeth Arden:
Ceramide Gold Capsules

*Meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KIM CATTRALL Á 52 ÁRA AFMÆLI Í DAG.

„Ég hef verið ástfangin mestallt mitt líf, en sú ást hefur verið á vinnu minni.“

Kim Cattrall fæddist á Englandi árið 1956 en fluttist ung til Kanada. Hún er þekktust fyrir að túlka Samönthu í bandarísku þáttunum Beðmál í borginni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 21. ÁGÚST 1911

Málverkinu Monu Lisu var stolið



Í dag eru 97 ár síðan málverkinu fræga, Monu Lisu, var stolið af listasafninu Louvre. Það var málarinn Louis Béroud sem uppgötvaði stuldinn þegar hann kom að auðum veggnum morguninn eftir. Hann hafði samband við öryggisvörð sem taldi að myndin hefði verið tekin niður fyrir myndatöku. Það reyndist hins vegar ekki rétt og safninu var því tafarlaust lokað í viku meðan á rannsókn málsins stóð.

Franska ljóðskáldið Guillaume Apollinaire, sem hafði áður sagt opinberlega að Louvre-safnið ætti að brenna til kaldra kola, lá fjótlega undir grun. Hann var fangelsaður en Guillaume reyndi að koma sökinni yfir á vin sinn, Pablo Picasso, sem einnig var yfirheyrður. Vinirnir voru þó fljótlega leystir úr haldi.

Þegar tvö ár voru liðin frá hvarfi verksins og fólk búið að gefa upp alla von á að finna það aftur komst upp um þjófinn. Það var starfsmaður Louvre-safnsins, Vincenco Peruggia, sem farið hafði inn á safnið um miðjan dag, falið sig inni í kústaskáp þar til safnið lokaði og gengið síðan út með verkið falið undir frakka sínum. Peruggia var ítalskur þjóðernissinni sem áleit verkið þjóðareign Ítala. Eftir að hafa geymt verkið í íbúð sinni í tvö ár gerðist hann óþolinmóður og reyndi að selja Uffizi-safninu í Flórens það. Verkið var sýnt á helstu söfnum Ítalíu en var síðan sent aftur til eigenda sinna í Frakklandi.

Peruggia var hylltur um alla Ítalíu fyrir verknaðinn og fékk aðeins nokkra mánuði í fangelsi.

MERKISATBURÐIR

1011 Njáll Þorgeirsson og fjölskylda hans eru brennd inni á Bergþórshvoli í Landeyjum.

1810 Jean-Baptiste Bernadotte er kosinn krónprins Svíþjóðar. Hann ríkti yfir landinu í 34 ár eða allt til dauðadags.

1821 Kóraleyjan Jarvis í Suður-Kyrrahafinu er uppgötvuð.

1932 Þverárbrú í Rangárvallasýslu er vígð að viðstöddum fimm þúsund manns.

1942 Baráttan um Stalíngrad í seinni heimsstyrjöldinni hefst.

1958 Friðrik Ólafsson verður fyrsti íslenski stórmeistarinn í skák, 24 ára gamall.

1991 Ríkisstjórn Lettlands lýsir yfir fullu sjálfstæði eftir 47 ára yfirráð Sovétríkjanna.

AFMÆLI

ARTHÚR BOGASON smábátaeigandi er 53 ára í dag.

PÁLMI MATTHÍASSON prestur er 57 ára í dag.

CARRIE-ANNE MOSS leikkona er 41 árs í dag.

EIRÍKUR JÓNSSON ritstjóri er 56 ára í dag.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ Á MENNINGARNÓTT: FYRST RÁÐUNEYTA MEÐ OPIÐ HÚS

Starfsemi ráðuneytisins kynnt fyrir almenningi

„Þetta verður góð blanda af fræðslu og skemmtun,“ segir Sesselja Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu, um opið hús sem þar verður á Menningarnótt. Er þetta í fyrsta skipti sem íslenskt ráðuneyti opnar dyr sínar fyrir almenningi. „Þetta var hugmynd sem vaknaði hér síðastliðinn vetur vegna áhuga ráðherra og menningarfulltrúa ráðuneytisins á menningu og því að tengjast þessum glæsilega viðburði sem Menningarnótt er. Við ræddum þetta við skipuleggjendurna og þeim leist mjög vel á hugmyndina.“

Sesselja segir tilganginn með opnu húsi að setja starfsemi utanríkisþjónustunnar í samhengi fyrir hinn almenna borgara. „Fólk áttar sig kannski ekki alveg á því hvað við erum að gera og hvað það getur leitað til okkar með. Við erum að þjónusta Íslendinga og íslensk fyrirtæki úti um allan heim,“ segir Sesselja. Hún hóf störf á skrifstofu Evrópumála hjá ráðuneytinu fyrir rúmum tveimur árum. „Ég hef alltaf haft rosalega mikinn áhuga á alþjóðasamfélaginu og alþjóðasamstarfi og einbeitti mér svolítið að því í náminu mínu. Mér fannst þetta því spennandi vettvangur og eitthvað sem ég gat vel hugsað mér að fá að kynnast betur.“

Utanríkisráðuneytið á Rauðarárstíg 25 verður opið milli klukkan tvö og sex á laugardaginn og verður þar margt í boði. „Ráðherra sem og aðrir starfsmenn ráðuneytisins munu taka á móti almenningi á skrifstofum sínum og kynna starf sitt. Þá verður boðið upp á fræðslusýningu um utanríkisþjónustuna, um friðargæsluna og einnig munum við kynna borgaraþjónustuna sem er neyðarvakt utanríkisráðuneytisins fyrir Íslendinga erlendis. Síðan verða fyrirlestrar á hálftíma fresti um Evrópu-, viðskipta-, varnar- og þróunarmál ásamt framboði okkar til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.“

Það verður þó boðið upp á fleira en fræðslutengt efni á opna deginum. „Hér verður mjög skemmtileg ljósmyndasýning eftir Pál Stefánsson um lífið í Afríku sem og verk listamanna sem tóku þátt í Feneyjatvíæringnum. Enn fremur ætlar Ólöf Arnalds að koma og leika lög fyrir gesti og gangandi.“ Einnig verður ýmislegt við að vera fyrir börnin. „Við verðum með barnadagskrá þar sem meðal annars verður boðið upp á hoppukastala, teiknisamkeppni og andlitsmálningu. Þetta verður rosalega skemmtilegur dagur, við hvetjum fólk til að koma við.“

SESSELJA SIGURÐARDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR HJÁ UTANRÍKISRÁÐUNEYTINU Sesselja er meðal þeirra sem hafa verið að undirbúa opið hús á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

mariathora@frettabladid.is

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og dóttir,

Steinunn Brynjúlfsdóttir

lífeindafræðingur,
Hegranesi 28, Garðabæ.

Lést á krabbameinsdeild Landspítalans þriðjudaginn 19. ágúst.

Halldór Guðbjarnason
Lilja Dóra Halldórsdóttir — **Jónas Fr. Jónsson**
Elín Dóra Halldórsdóttir — **Atli Knútsson**
Brynjúlfur Jónatansson
Brynjúlfur Jónatansson — **Lilja Þorleifsdóttir**
Steinunn Dóra, Jónas Rafnar, Halldór Andri og Valur Björn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Stefán Hafliðason

Kríuhólar2, 111 Reykjavík

lést á Borgarspítalanum 18. ágúst.

Fanney S. Halldórsdóttir
Karl Friðrik Thomsen — **María Vigfúsdóttir**
Helga Jóna Thomsen
Sigrún Eygló Guðmundsdóttir — **Elvar Þór Þorleifsson**
Ósk Reykdal Guðmundsdóttir — **Ævar Kr. Bragason**
Hafdís Bylgja Guðmundsdóttir — **Hermann Þorleifsson**
Fanney Erla Hansdóttir — **Sigurður G. Karlsson**
Ólöf Guðmundsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Andrés Guðmundsson (látinn)
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Brynjólfur Sæmundsson

frá Borðeyri, Dalbraut 27,

sem lést 13. ágúst, verður jarðsunginn frá Prestbakkakirkju laugardaginn 23. ágúst kl. 14.00. Minningarathöfn verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 22. ágúst klukkan 13.00.

Dagmar Brynjólfsdóttir — **Georg Jón Jónsson**
Jóhanna Brynjólfsdóttir — **Sveinbjörn Jónsson**
Jóna Pálína Brynjólfsdóttir — **Gylfi Þór Helgason**
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

†

Okkar yndislega eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Þórsdóttir

húsfreyja á Bakka á Svarfaðardal,

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 13. ágúst 2008, verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 23. ágúst kl. 13.30. Jarðsett verður í Tjarnarkirkjugarði.

Ingvi K. Baldvinsson,
börn og fjölskyldur.

†

Elskuleg fóstra mín og systir,

Guðrún Bergrós Tryggvadóttir

Svertingsstöðum 1, Eyjafjarðarsveit,

sem lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, 1. ágúst, verður jarðsungin frá Kaupangskirkju laugardaginn 23. ágúst kl 13.30. Fyrir hönd vandamanna,

Hansína María Haraldsdóttir
Haraldur Tryggvason.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hörður Þórhallsson

húsasmiður,
Brúnavegi 5, Reykjavík,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 12. ágúst. Verður jarðsunginn föstudaginn 22. ágúst kl. 15.00 frá kirkju Óháða safnaðarins.

Halldóra K. Guðjónsdóttir
Elín Birna Harðardóttir — **Ársæll Gunnsteinsson**
Katrín Úrsúla Harðardóttir — **Guðni B. Guðnason**
G. Svafa Harðardóttir
Þórhallur G. Harðarson — **Brynja Björk Rögnvaldsdóttir.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista



MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

SKÓLINN BYRJAR Á NÝ

SLEIPNIR

VIND- OG VATNSHELT

Sportlegur einangraður kuldafatnaður úr 2ja laga vind- og vatnsheldu efni. Úlpan er með gerviskinn í hettu og hálsmáli. Stór vasi að framan. Sleipnir fæst í stærðum 4 - 14 ára.

VATNSHELT
VINDHELT

Verð:
Úlpa: 16.800 kr.
Buxur: 14.800 kr.

66° NORÐUR

BRAGI

Dúnúlpa

Verð:
17.800 kr.

Einstaklega hlý og notaleg

66° NORÐUR

ÁSGARÐUR

Ullarblanda

Verð:
4.100 kr.

Hlý og mjúk

Hindrar að kuldaboli komist að hálsi, kinnum og enni

66° NORÐUR

66°NORÐUR SJÓARA BAKPOKI

20 lítra

Verð:
7.500 kr.

100% vatnsheldur

66° NORÐUR

66north.is / Júní 2008

NOKKUR ORÐ
Mikael Marinó Rivera

Kaupsýki og kaupréttur

Ég á kaupsjúkan vin sem verður að eignast allt það nýjasta og það strax. Ef það eru ekki nýjustu símarnir þá eru það nýjustu sjónvörpin. Í gegnum árin hef ég verið það sniðugur að hljóta forgangskaupréttinn á sjónvörpum hans þegar hann hefur fengið sér nýtt tæki og stærra.

Það fyrsta sem ég keypti af honum var þýskt eðalsjónvarp, heilar tuttugu og átta tommur. Það sjónvarp stoppaði ekki lengi á heimili félaga míns og ég var mjög sáttur – enda lítið notað og uppfyllti allar mínar þarfir. Í staðinn fékk félaginn sér 42 tommu tryllitæki sem er sko ekki hægt að koma fyrir hvar sem er. Ég gleymi því aldrei þegar ég sá það fyrst. Svo stórt var sjónvarpið að fólkið sem var í því virtist vera í raunstærð.

Félagi minn var himinlifandi og sagðist aldrei ætla að kaupa sér nýtt tæki, að minnsta kosti ekki fyrr en stóra tryllitækið væri ónýtt. En viti menn, flatskjáirnir litu dagsins ljós og auðvitað varð félagi minn að fá sér einn slíkan og það strax. Ég gerði líkt og með fyrra tækið og tryggði mér forgangskaupin á tryllitækinu og fékk það mjög ódýrt. Þarna var ég búinn að fá nánast ónotuð tæki og sparaði mér heilan helling af pening.

Nú er bara að halla sér aftur og bíða eftir því að þessi umræddi sjónvarpsunnandi félagi minn rjúki út í búð og kaupi sér nýtt sjónvarp því ég er kominn með pínu leið á stóra og mikla tryllitækinu. Og hér með sæki ég um forgangskaupréttin þegar kaupin verða.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Menn sem taka allt bókstaflega eru glataðir eiginmenn.

Mjási!

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Fyll'ann takk!

NÝTT! Lögin beint inn í iTunes og á iPod

Frá 79.00 krónum lagið

Vertu tilbúinn í sumarfríið!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Nýtt á Tónlist.is
- lögin beint inn í iTunes á tölvunni!
Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við **iTunes** eða **Windows Media Player**. Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirkt yfir í spilarann þinn.

Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna

iPod og iTunes eru vörumerki í eigu Apple, Inc.

Tónlist.is

Uppskeruhátíð
í verslunum Hagkaups!

Nú er uppskerutími íslensks grænmetis í hámarki og því allar Hagkaupsverslanir fullar af glænýju, fersku íslensku grænmeti!

íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ath

Mannfræðiskor Háskóla Íslands býður uppá fyrirlestur á morgun kl. 12 í Odda. Þar mun Les Field, doktor í mannfræði, fjalla um þær róttæku breytingar á vöruframleiðslu sem hafa grafið undan skilum milli listsköpunar og fjöldaframleiðslu. Í fyrirlestrinum er einkum rætt um leirframleiðslu í þorpinu San Juan de Oriente í Nikaragúa. Gripir þaðan hafa verið til sýnis í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, en sýningunni lýkur á sunnudag.

menning

menning@frettabladid.is

Miðasala í fullum gangi

Miðasala hófst í vikunni á nokkra af stærri viðburðum haustsins. Aðeins átta sýningar eru fyrirhugaðar á óperuþáttunum vinsælu Cavalleria Rusticana og Pagliacci í Óperunni en frumsýning er 19. september. Átta sýningarkvöld þýða að aðeins 3.500 miðar eru í boði og því um að gera að tryggja sér miða.

REPIN

Uppfærslan er skipuð einvalaliði úr íslenska óperu- og leikhúsheiminum, en hér leikstýrir Sveinn Einarsson nokkrum af fremstu söngvurum þjóðarinnar, þar á meðal Kristjáni Jóhannssyni tenórsöngvara sem syngur í fyrsta sinn á glæsilegum ferli sínum í Íslensku óperunni. Aðrir söngvarar í sýningunni eru Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Elín Ósk Óskarsdóttir, Auður Gunnarsdóttir, Tómas Tómasson, Alina Dubik, Sesselja Kristjánsdóttir, Sólrún Bragadóttir, Alex Ashworth og Eyjólfur Eyjólfsson.

Annar viðburður haustsins er fyrstu tónleikar Sinfóníunnar þann 4. september þar sem fiðlusnillingurinn Vadim Repin, einn fremsti fiðluleikari heims, leikur fiðlukonsert Tsjajkovskís á upphafstónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 4. september. Repin er á hátindi ferils síns um þessar mundir og er orðinn sannkölluð stórstjarna í klassíska heiminum. Hann er tvímælalaust einn af fimm fremstu fiðluleikurum heimsins í dag. **- pbb**

> Ekki missa af...

síðustu tónleikum sumarsins í Bláu kirkjunni á Seyðisfirði í kvöld kl. 20.30. Þá flytja þær Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari dagskrá sem þær kalla Telemann – tónlist á Íslandi til heiðurs því mikilvæga hlutverki sem kirkjur á Íslandi hafa þjónað í tónlistarlífi landsmanna í gegnum aldirnar.

NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá bókaforlaginu Bjarti bókin Síðasta uppgötvun Einsteins, og hefur hún nú þegar fengið á sig stimpilinn spennutryllir ársins af gagnrýnendum og lesendum. Höfundurinn Mark Alpert er ritstjóri vísindatímarits þar sem vísindauppgötvanir og kenningar eru gerðar aðgengilegar almenningi. Bókin fjallar um leit manna að síðustu uppgötvun Einsteins. En hann lét eftir sig rannsóknarniðurstöður sem hann vildi alls ekki að rötuðu í hendur rangra manna.



Draumalandið, bók Andra Snæs Magnasonar, hefur verið gefin út á ensku af forlaginu Citizen Press. Nefnist hún Dreamland - A Self-Help Guide For a Frightened Nation. Björk ritar formála. Enska útgáfan kom út hér á landi sama dag og Náttúru-tónleikarnir voru haldnir í Laugardal. Hún er nú til sölu í bókabúðum um land allt. Bókin verður kynnt í Bretlandi í haust og útgáfunni fylgt eftir með fyrirlestraröð Andra Snæs, bæði á Íslandi og í Bretlandi.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Stiklað á stórum árum

Fertugt situr Norræna húsið í Vatnsmýrinni í Reykjavík og þar er haldið áfram hátíðahöldum til að minnast þess að húsið hefur starfað í fjóra áratugi. Mestallan þann tíma var starfsemin í húsinu hreyfill í íslensku samfélagi og undir forystu Max Dager sem tók við forstöðumannsstarfinu fyrir rúmu ári hefur heldur betur færst fjör í starfið.

MENNING Norræna húsið hefur í fjóra áratugi verið hreyfill í íslensku samfélagi, gátt opin til hins fjölskrúðuga menningarlífs sem þrífst á Norðurlöndunum. Annað kvöld hefst þar upprifjun á stöðu hússins og einnig er kíkt inn í framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Annað kvöld er hleypt af stað röð samræðukvölda í húsinu þar sem stiklað er á stóru í þeirri sögu sem að baki er: staldrað er við fjögur ártöl úr sögu hússins og hefst sagan við hið hræringarmikla ár 1968.

Annað kvöld verður dagskrá sem hefst kl. 20. Yfirskriftin er Viðbrögð við byltingu. Rithöfundarnir Sigurður Pálsson og Þórarinn Eldjárn rifja upp tíðarandann frá árinu 1968, árið sem Norræna húsið var vígt.Þá voru þeir ungir menn og staddir í tveim löndum, annar í París þar sem vorátökin ´68 hófust en hinn í kyrrum háskólabæ, Lundi í Svíþjóð. Báðir fylgdust vel með í hugmyndaróti tímans og hafa reynt að finna kúrs tímans í verkum sínum í lausu og bundnu máli. Hljómsveitin Pops flytur vinsæl lög frá tímabilinu milli ávarpa og umræðu en kynnir verður Max Dager.

Næsta mánudag, 25. ágúst kl. 20.00, heldur dagskráin áfram en þá er staðnæmst við árið 1978 og einblínt á norræna samvinnu: Björgvin G. Sigurðsson, samstarfsráðherra Norðurlanda, ræðir um norrænt samstarf. Þorbjörn Broddason prófessor segir frá stöðu Norræna hússins árið 1978 og rekur hlutverk þess í norrænu samfélagi allt til okkar daga. Stuðmannafélagarnir Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson flytja vinsæla dægurtónlist frá áratugnum en síðari hluta áttunda áratugarins stigu þeir fram sem fullmótaðir listamenn. Kynnir á mánudag er Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Rásar 1 og Rásar 2.

Þriðjudagskvöld 26. ágúst er fegurð málsins í fyrirrúmi og dvalið við árið 1988 en þá fékk Thor Vilhjálmsson bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs og árið áður hafði alþjóðlega bókmenntahátíðin fest sig í sessi í samvinnu við Norræna húsið.

Rithöfundarnir Halldór Guðmundsson og verðlaunahafinn Thor Vilhjálmsson minnast þess og fleiri bókmenntaviðburða sem áttu sér stað á þessu tímabili. Tómas R. Einarsson og félagar, ásamt söngkonunni Ragnheiði Gröndal, flytja tónlist. Kynnir er Einar Kárason rithöfundur.

Á miðvikudagskvöld er yfirskriftin Umhverfi og nýsköpun og staðnæmst við árið 1998. Þá voru orku- og umhverfismál ofarlega á baugi. Hvert hefur okkur miðað á þessum tíu árum? Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri og rithöfundurinn Andri Snær Magnason leiða saman hesta sína og ræða um umhverfismál á Íslandi.

Sænska fjöllistakonan Charlotte Engelkes sýnir brot úr einleiknum Sweet.

Tónlist kvöldsins er flutt af hljómsveitinni Hjaltalín.

Fimmtudag 28. águst kl. 18.30 flytur sænska fjöllistakonan Charlotte Engelkes einleikinn Sweet sem er blanda af kabarett, uppistandi og leikhúsi. Hljómsveitirnar Retro Stefson, Reykjavík! og FM Belfast sjá um tónlistina. Listahópurinn 128 hendur sýnir verk í anddyri hússins. Árið er 2008 og yfirskriftin Hannaður veruleiki.

Svo verður á föstudag litið fram: Komandi tímar og árið er 2018. Dagskráin hefst kl. 18.30: Unga kynslóðin í dag sem verður orðin fullorðin árið 2018 hefur Norræna húsið til umráða. Leikverk á vegum Gjörningahópsins Kúmíkat. Hljómsveitirnar Sykur, Ásgeir Eysteinn & Sæji, ásamt dönsku hljómsveitinni Skandals, halda uppi fjörinu.

Með þessum dagskrám gefst gott yfirlit um stefnur og strauma sem leikið hafa um þennan klett í mýrinni milli Reykjavíkur og Skerjafjarðar. **pbb@frettabladid.is**

Viltu skjól á veröndina?

www.markisur.com og www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál
Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

Konur sýna myndir í Ingólfsstræti

Ingólfsstræti í Reykjavík státar nú af tveimur sýningarsölum. Þar er forvörsluverkstæði og galleríið Stafn. Handan götunnar er gallerí Turpentine.

Á menningarnótt verða tvær sýningar myndlistarkvenna í Ingólfsstræti. Í Gallerí Turpentine eru til sýnis og sölu fimmtán ný olíumálverk eftir Karolínu Lárusdóttur en myndir hennar, unnar með olíu eða vatnslitum og í þrykki, hafa verið vinsælar lengi eftir að hún tók að sýna hér fyrir nær aldarfjórðungi. Minnin eru eins og fyrr sótt í bernskuheim hennar í Reykjavík, en Turpentine er steinsnar frá fornum slóðum Lárusar Lúðvíkssonar, forföður hennar. Hún er á heimaslóðum í Ingólfsstræti.

Elín Edda Árnadóttir er önnur kona sem sýnir í Gallerí Stafni. Það eru kolateikningar sem Elín sýnir að þessu sinni en hún er afkastamikill búninga- og leikmyndahönnuður. Kolateikningar sínar kallar Elín steingervinga. Verkin eru unnin á liðnum misserum. Opið verður í Stafni í klukkustund á laugardag, frá 15-16, en í Turpentine á venjulegum tíma.

MYNDLIST Elín Edda er önnur tveggja listakvenna sem sýna í Ingólfsstræti nú um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HARRI

OPIÐ FRÁ 11 - 01 VIRKA DAGA
OG 11-05:30 UM HELGAR

STEAKANDPLAY

SPORT CLUB
GOLF HERMIR
STEIKHÚS
PLAYSTATION

ALLAR AÐAL SPORTRÁSIR HEIMS

HEIMSKLASSASTAÐUR Á FRÓNI

OPNUM 22.08.08

Grensásvegi 5-7 - Sími 553 4030
steakandplay.is - steakandplay@steakandplay.is

Viðey ehf.

Fjölbreyttur vetur fram undan í Borgarleikhúsi

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, hélt fund með starfsfólki og félagsmönnum Leikfélagsins á mánudagskvöld þar sem hann kynnti dagskrá vetrarins. Væntanlegur er stór bæklingur upp á 40 síður þar sem verkefnaskráin er kynnt. Magnús blæs í lúðra á þessu fyrsta starfsári sínu, 111. starfsári Leikfélagsins.

Mest nýnæmi í dagskránni er sú stefnubreyting sem fylgir eftir fordæmi Leikfélags Akureyrar og Þjóðleikhússins í seinni tíð að draga saman sýningarskeið hverrar leiksýningar og þétta sýningar. Bæði Tinna Gunnlaugsdóttir og Magnús Geir stóðu fyrir samskonar breytingum nyrðra og í Þjóðleikhúsi og er ekki enn séð fyrir endann á að þær takist. Snarpari sýningartími, segir Magnús og til að leggja áherslu á þessa breytingu er hverri sviðsetningu markaður tiltekinn tími í almanaki: Fyrstu sýningar haustsins eru arfur frá liðnum vetri: Fló á skinni verður leikin á stóra sviðinu í september og október, rétt eins og Gosi. Nýr söngleikur eftir Ólaf Hauk Símonarson fær pláss á stóra sviðinu frá því snemma í október til loka desember í stjórn Unnar Aspar Stefánsdóttur. Þá kemur á fjalirnar sviðsetning Kjartans Ragnarssonar á Þeirri gömlu sem kemur í heimsókn sem kallast nú Milljarðamærin snýr aftur. Íslenski dansflokkurinn verður með sýningu á stóra sviðinu í fáa daga í október og aftur í febrúar. Um miðjan mars kemur söngleikurinn Söngvaseiður á svið en hann hefur ekki verið fluttur hér síðan 1991. Þórhallur Sigurðsson leikstýrir.

Á nýja sviði verða sjö verkefni á efnisskrá: Fyrst er Fýsn eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann í leikstjórn Mörtu Nordal. Það verður leikið í september og október. Í nóvember og desember verður á nýja sviði verkið Vestrið eina eftir Írann Martin McDonagh í leikstjórn Jón Páls Eyjólfssonar en hann er annar af fastráðnum leikstjórum við Borgarleikhúsið í vetur.

Í febrúar kemur loksins á svið hér á landi verk eftir Söru Kane, Rústað, í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur og verða önnur verk Kane leiklesin í framhaldi af því.

Ökutímar sem voru leiknir hjá LA í fyrra við miklar vinsældir koma á nýja sviðið í mars og apríl og deila þá sviðinu með sýningu sem Jón Páll setur saman sem kallast Útlendingar.

Á litla sviðinu hefur Nemendaleikhúsið aðsetur í október, Dauðasyndirnar, trúðleikur frá liðnu vori kemur upp á ný í nóvember, en í kjölfar hans koma á svið þrír einleikir og litla sviðið verður þá fært á ný í það form sem var upphaflega ætlun hönnuða hússins, leikið verður í miðju með áhorfendur á alla vegu.

Verulegar breytingar verða á starfsmannahaldi í húsinu og hefur fjöldi leikara komið þar til starfa sem hafa ekki verið þar áður, bæði yngri og eldri.

Þá auglýsir Leikfélagið eftir kröftum úr hópi áhugamanna en prufur verða í haust á krökkum sem koma til álita í hlutverk barna í söngleikinn Sound of Music - Söngvaseið, og söngvurum í kór sem fram kemur í sýningunni.

Leikfélagið býður upp á leikhúsmiða í áskriftarpökkum sem gefa leikhúsáhugafólki góð kjör á aðgöngumiðum. Er í boði áskrift á fjórar sýningar að eigin vali og sérkjör eru í boði fyrir námsmenn.

Aðalstyrktaraðili Leikfélags Reykjavíkur er Reykjavíkurborg en aðrir liðsinna félaginu við rekstur í Borgarleikhúsi sem er stærsta og fullkomnasta hús á landinu: ríkissjóður og fyrirtækin Spron, Orkuveita Reykjavíkur, Ölgerðin, Síminn og VÍS.

pbb@frettabladid.is

LEIKLIST Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu, byrjar sinn fyrsta vetur af miklum krafti og stórum áætlunum.

Stungið undan vini sínum – óvart

LEIKLIST

Vinir eftir Símon Birgisson

Leikstjóri: Þorleifur Arnarsson

Sviðsmynd og lýsing: Hlynur Páll Pálsson

Búningar: Judith Amalía Jóhannsdóttir

★★

Smáverk en snoturlega unnið

„Þetta var svakaferð," sagði Símon Birgisson um leikför Kreppuleikhússins með verk hans Vini á Strandir og Ísafjörð. Nú er sýning Þorleifs Arnarsonar komin í bæinn og verða sýningar í kvöld á Sölvhólsgötu og á menningarnótt í Kassanum við Lindargötu. Það er víst óvissuferð fyrir ungan höfund að leggja verk sitt fyrir leikendur, leikstjóra og áhorfendur. Fararheill virðist ráða för Símonar enda er hann reyndur á mörgum sviðum, vel menntaður tónlistarmaður, kunnur blaðamaður og glaðbeittur að eðlisfari. Verkið hans Vinir er um margt gamaldags í upprifjun sinni á svikum tveggja ungra manna sem vildu báðir komast yfir sömu stelpuna, hliðarsaga eru svik föður og sonar, og þessu er blandað saman við kunnugleg stef úr bernsku og unglingsárum stráka úr Hafnarfirði. Efnið er almennt og vel kunnuglegt, en persónurnar lausar við sterk klisjueinkenni í meðförum leikara sem eru mislangt komnir: Vignir Rafn er að mótast hratt sem listamaður og talsvert efni í næman flytjanda á texta og svip, meðan þau Walter Geir Grímsson og Þórunn Arna Kristjánsdóttir eru enn í hraðri mótun þótt bæði hafi talverða reynslu. Það er enginn viðvaningssvipur á leik í sýningunni.

Þorleifur hefur ugglaust tekið upphaflegan texta Símonar og snúið honum af þörfum: hér er leikið sér með stefjun og klifun, svo textapartar kastast milli og verða kunnuglegri í stöðugum tilbrigðaleik. Textinn er í grunninn hverdagslegur og því er leikið áfram með klisjustef sem fá nýjan mátt í hvert sinn.

Margt í sýningunni, ofbeldi, tál og leiði, vatn og eintöl í míkrófón skilar sínu þótt það sé margt orðið æri ofnotað í íslenskum sviðsetningum yngri leikstjóra. Frumleikaþráin sækir oft í sama farið hjá yngri leikstjórum eins og öðrum. Míkrófónn sem eintalsfarvegur kom fram fyrir rúmum áratug í sýningum Guðjóns Pedersen og hefur verið margnotaður síðan. Til dæmis.

En þetta er snotur sýning um lítið efni. Walter og Þórunn eru enn að: hún er efnilegur starfskraftur, raddörugg og styrk í sínu, Walter meira reikull en virðist boða ýmsa möguleika fái hann að takast á við fjölbreytt verkefni næstu misserin. Vignir býður þess að fá stór hlutverk sem gætu gert hann að afbragðs leikara með sterkan persónulegan svip.

Svo er bara að sjá hvað þeir Símon og Þorleifur ætla sér. Þeim virðast margir vegir færir.

Páll Baldvin Baldvinsson

LEIKLIST Símon Birgisson leikskáld birtir sitt fyrsta verk.

Frábær skólaföt á hressa krakka

fókus

Nýtt í Debenhams:

BAKER
BY TED BAKER

UNITED COLORS
OF BENETTON.

Flott föt á góðu verði

Veglegur kaupauki

Þú kaupir fyrir 10 þúsund í barnadeild og færð risa litakassa að verðgildi 1990 kr. sem kaupauka

Gildir frá fimmtudegi til sunnudags eða meðan birgðir endast

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Reykjavík Shorts&Docs hefst í dag

Það er útlit fyrir annasama daga hjá kvikmyndaunnendum næstu vikur. Reykjavik Shorts and Docs-hátíðin er yfirvofandi og verður með aðsetur sitt í Austurbæjarbíói. Miðasala og sýningar hefjast þar í dag kl. 14. Miðaverðið er 600 krónur og aðgöngupassi á allar myndir hátíðarinnar er 4.000 krónur. Dagskráin er óhemju fjölbreytt og er ánægjulegt að Austurbæjarbíó skuli aftur orðið virkt sem kvikmyndahús.

Þá er Græna ljósið að hefja sýningarhald á nýju en þessi listakvikmyndaklúbbur hefur sýningarhald á nýjum stað í lok september og sest að í Háskólabíói.

Loks er að styttast í Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina sem verður líka í lok september.

Dagskrá Shorts&Docs er tilbúin og aðgengileg á vefnum www.shortdocs.info. Um eitt hundrað myndir bárust Reykjavik Short&Docs þetta árið, sem margar hverjar verða frumsýndar á hátíðinni sem hefst í dag. Mikil gróska virðist vera að færast í íslenska stuttmyndagerð og spennandi að opna hátíðina á nýjum og metnaðarfullum verkum: þar verða sýndar fjórar lengri heimildarmyndir eftir Hans Kristján Árnason, Kára Schram, Tómas Lemarquis og Joseph Marzolla, og þær Helgu Rakel Rafnsdóttur og Huldu Rós Guðnadóttur. Tíu mynda úrval frá norrænu kvikmyndahátíðinni Nordisk Panorama er á dagskránni og einnig úrval stuttmynda frá kvikmyndahátíðinni í Cannes. Hátíðin hefur opna skrifstofu á Laugavegi og geta áhugasamir snúið sér þangað til að fá prentaða dagskrá.

Nokkrar nýjar íslenskar stuttmyndir eru einnig á dagskránni eftir höfunda á borð við Dögg Mósesdóttur, Jón Egil Bergþórsson, Baldvin Kára Sveinbjörnsson, Börk Sigþórsson og fleiri.

Græna ljósið hefur aftur störf 26. september með frumsýningu Where in the World is Osama Bin Laden, nýjustu myndar Morgans Spurlock. **- pbb**

HEIMILDA- OG STUTTMYNDIR Hans Kristján Árnason frumsýnir mynd sína um Holger Gohill á Reykjavik Shorts and Docs sem hefst í dag.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 21. ágúst 2008

Samkoma

20.00 Torg í borg Borgarbókasafn Reykjavíkur stendur fyrir kvöldgöngu í Kvosinni þar sem skoðuð verður hönnun og saga torga sem setja svip á miðborgina. Lagt af stað úr Grófinni milli Tryggvagötu 15 og 17. Þátttaka ókeypis.

Leiklist

Á sviðslistahátíðinni artFart sem haldin er af áhugafólki um sviðslistir, verða sýnd þrjú leikverk í kvöld í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13.

18.00 DJ Hamingja, höf. Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan.

20.00 Vinir, höf. Símon Birgisson.

22.00 Maddit, höf. Maddit Theater Company

Myndlist

Flökt – samsýning Ingunn Fjóla Ingþórsdóttir og Þórdís Jóhannesdóttir eru með samsýningu í austur- og vestursal jarðhæðar hjá Start Art. Start Art, listamannahús , Laugavegi 12b. **Sýningu lýkur 27. ágúst.**

Bylgjulengdir – Creighton Michael Sýning á skúlptúrum og grafíkverkum bandarískra myndlistarmannsins Creighton Michael í Hafnarborg. Strandgata 34, Hafnarfirði. Sýningu lýkur 25. ágúst.

Keramik frá Níkaragva Síðasta sýningahelgi á keramikgripum frá Níkaragva. Sýningu lýkur 25. ágúst. Hafnarborg, Strandgata 34, Hafnarfirði.

Straumar – verk í eigu Listasafns ASÍ Sýning á völdum verkum úr safneigninni m.a. eftir J.S. Kjarval. Sýningu lýkur 25. ágúst. Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41, Reykjavík. Safnið er opið frá klukkan 13-17, alla daga nema mánudaga.

Bjarni Bernharður sýnir 20 akrýlmyndir í 12 Tónum, Skólavörðustíg 15.

Þórunn Bára sýnir í Kirsuberjatrénu við Vesturgötu. Sýningunni lýkur á mánudag 25. ágúst. Opið laugardag kl. 11.00 – 15.00. Lokað á sunnudaginn.

Katrín Elvarsdóttir sýnir í Gallerí Ágúst. Katrín hefur nýtt sér ljósmyndatæknina sem aðal miðil. Sýningin ber yfirskriftina Margsaga/Equivocal og stendur til 27. september. Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12. Opið miðvikudaga til laugardaga kl. 12-17.

Yfirlitssýning á verkum **Guðmundar Ármanns Sigurjónssonar** stendur yfir á Listasafninu á Akureyri. Sýningu lýkur 24. ágúst. Listasafnið á Akureyri, Kaupvangsstræti 12.

Hlynur Hallsson er með yfirlitssýningu sem samanstendur af eldri og nýrri verkum í Nýlistasafninu, Laugavegi 26. Sýningin stendur til 28. september.

Ljósmyndir

Ragnheiður Arngrímsdóttir er með ljósmyndasýninguna „Hvað ætlar þú að verða“ á Ráðhústorgi á Akureyri. Sýningin verður til 31. ágúst.

Sýning

Í húsi Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 stendur yfir sýningin **„Ljós í myrkri“**. Þar eru sýndar nýjungar í raflýsingu og hönnun. Sýningin stendur til 26. september og er opin 9-16 mánud.-föstud.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



MYNDLIST Myndbönd Bjarkar eru í hávegum höfð í Árósum.

Myndbönd á listasafni

Myndbönd teljast víðast hvar ekki til listaverka heldur eru þau talin auglýsingamiðill fyrir tónlistarfólk. Á einu virtasta listasafni Danmerkur, Aros, í Árósum stendur nú yfir sýning á myndböndum og vekur athygli að þar eru myndbönd Bjarkar í hávegum höfð. Myndbandið á sér sína þróunarsögu og er úrval myndbanda nú talið sýna listræn brögð sem eiga fullt erindi við þann hóp sem sækir listasöfn, rétt eins og þau kalla á nýjan hóp gesta. Fimm leikstjórar hafa verið sigtaðir úr öllum þeim fjölda sem komið hefur nálægt myndbandagerð á síðari tímum sem þróuðust í skjóli stöðva eins og MusicBox, MTV og VH1. Þeir eru Frakkinn Michel Gondry, ameríska leikstjórarnir Mark Romanek og Spike Jonze, Hollendingurinn Anton Corbijn og Bretinn Chris Cunningham.

Nú er bara spurning hvenær íslensk listasöfn bjóða upp á efni sem þetta. **- pbb**

TÓNLIST Steinunn og Sólmundur syngja og leika í stofunni á Gljúfrasteini.

Spilað og sungið á Gljúfrasteini

Steinunn S. Skjenstad sópransöngkona og Solmund Nystabakk gítarleikari munu á sunnudaginn 24. ágúst kl. 16.00 halda tónleika í stofunni á Gljúfrasteini. Aðgangseyrir er aðeins 500 kr. og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Á efnisskránni kennir ýmissa grasa en tónleikarnir hefjast á verkum Franz Schubert við ljóð Goethe og annarra þýskra ljóðskálda. Þar á eftir verða flutt verk eftir Benjamin Britten og í endann verður svo tekin þjóðlagasyrpa þar sem jafnt íslensk sem norsk þjóðlög verða flutt í útsetningu Solmunds Nystabakk. Það er því spennandi dagskrá sem bíður áheyrnar í stofunni á Gljúfrasteini. **- pbb**

Sýningar í Galleríi Fold við Rauðará

Gallerí Fold við Rauðarárstíg hefur löngum staðið fyrir sýningarhaldi á Menningarnótt og hafa þúsundir gesta sótt galleríið heim þann laugardag. Að þessu sinni verða þrjár sýningar í boði þessa helgi og lengur: í Baksalnum verður sýning á verkum eftir Karl Kvaran (1924-1989) og eru það allt verk úr eigu Braga Guðlaugssonar veggfóðrara.

Karl Kvaran markaði spor í íslenska myndlistarsögu, meðal annars með þátttöku í September- og síðar Septemsýningunum. Hann er klárlega meðal okkar bestu og virtustu listamálara frá síðustu öld. Hann var skólaður í einkaskólum Marteins Guðmundssonar og Björns Björnssonar 1939-40 og Jóhanns Briem og Finns Jónssonar 1941-42. Nam síðan við Handíða- og myndlistaskólann í Reykjavík 1942-45 og loks í Konunglega Listaháskólanum í Kaupmannahöfn og við einkaskóla Rostrup Böyesen allt til 1948. Sýningin stendur til 31.ágúst.

MYNDLIST Verk eftir Karl Kvaran úr einkasafni Braga Guðlaugssonar sem er til sýnis í Gallerí Fold næstu vikur. MYND: GALLERÍ FOLD

Í Forsal verður sýning á þrívíðum verkum eftir Línu Rut Wilberg (1966). Lína Rut lauk námi frá málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1994 og nam síðan við skúlptúrdeild í Flórens á Ítalíu. Lína Rut vinnur nú þrívíð verk úr pappamassa og segir okkur sögur um prinsa og prinsessur. Hún er nú búsett í Lúxemborg. Sýninguna nefnir listakonan Prinsessur og baunir. Sýningin stendur til 7. september.

Í Hliðarsal verður sýning á verkum frönsku listakonunnar Anne Pesce (1963). Hún nam við Listaháskólann í Cergy Pontoise. Segja má að hún hafi tekið ástfóstri við Ísland. Anne hefur tvisvar dvalið í gestaíbúðinni að Skriðuklaustri og sýndi þar nú í sumar. Anne Pesce hefur sýnt verk sín á fjölmörgum sýningum í Frakklandi og annars staðar. Ýmis söfn í Frakklandi eiga einnig verk eftir hana. Verkin sem hún sýnir í Fold eru óhlutlæg landslagsverk, en auk þess sýnir hún vídeóverk. Sýninguna nefnir listakonan Hvað heiti ég? Sýningunni lýkur 31. ágúst.

Gæða húsgögn
á frábæru verði
Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum

ÞÚ SPARAR 75.000kr
299.000kr
Verð áður 374.000.-

Hægindasófi 1+2+1 M8279

ÞÚ SPARAR 60.000kr
129.000kr
Verð áður 189.000.-

Sófasett 3+1+1 S8851

ÞÚ SPARAR 75.000kr
359.000kr
Verð áður 434.000.-

Sófasett 3+1+1 DL634

DUPEN RÚMIN komin aftur
COLCHON DUPEN

BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI
OPIÐ til 20 alla daga
Allir borðstofustólar á
9.990.-
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

> Diesel leikstýrir

Harðjaxlinn **Vin Diesel** ætlar að setjast í leikstjórastólinn í fyrsta sinn og gera tuttugu mínútna stuttmynd sem á að gerast á undan fjórðu Fast and Furious-myndinni sem er væntanleg í bíó næsta sumar. Vin Diesel sló í gegn í fyrstu Fast and Furious-myndinni og virðist því eiga erfitt með að slíta sig frá þessum vinsæla kvikmyndabálki.

bíó

bio@frettabladid.is

Höfundar Hobbitans fundnir

Guillermo del Toro, leikstjóri The Hobbit-myndanna, hefur ákveðið að skrifa sjálfur handrit þeirra í samvinnu við framleiðandann Peter Jackson, sem leikstýrði á sínum tíma Lord of the Rings-þríleiknum.

Tveir handritshöfundar til viðbótar, Frank Walsh og Philippa Boyens, munu aðstoða þá við skriftirnar en þau hjálpuðu Jackson með handritið að Lord of the Rings.

Del Toro og Jackson höfðu leitað að handritshöfundi í átta mánuði án árangurs. Á endanum töldu þeir best að þeir tækju verkefnið sjálfir að sér, þar sem enginn hefði betri innsýn í heim hobbitanna.

Um tvær myndir verður að ræða og gerast þær á undan þeim atburðum sem áttu sér stað í Lord of the Rings. Fjalla þær um hinn unga Bilbó Bagga sem ferðast með galdramanninum Gandalfi í mikla ævintýrareisu þar sem tröll, menn, Gollrir og töfrahringur hans og drekinn Smeyginn koma við sögu. Myndirnar eru byggðar á samnefndri bók J. R.R. Tolkien, höfundar Lord of the Rings.

Myndirnar verða teknar upp samtímis og hefst framleiðslan á næsta ári. Stefnt er að frumsýningu fyrri myndarinnar árið 2011 og hinnar síðari árið eftir.



GANDALFUR Gandalfur mætir aftur til leiks í tveimur myndum byggðum á ævintýri J.R.R. Tolkien, Hobbitanum.

Miðasala hefst á Shorts&Docs

Miðasala á heimildar- og stuttmyndahátíðina Reykjavík Shorts&Docs hefst í dag, en hátíðinni sjálfri verður ýtt úr vör á morgun. Hún stendur til 29. ágúst. Á dagskrá hennar eru meðal annars frumsýningar á nýjum íslenskum stutt- og heimildarmyndum og erlendum myndum sem meðal annars hafa verið tilnefndar til verðlauna í Cannes og á Óskarsverðlaunahátíðinni. Sýningar fara fram í gamla Austurbæjarbíói, en heiðursgestur hátíðarinnar í ár er Thom Anderson.

Nánari upplýsingar má nálgast á síðunni shortdocs.info. Miðasala hefst í Austurbæjarbíói klukkan 14 í dag og er miðaverð 600 krónur. Aðgöngupassi á allar myndir hátíðarinnar kostar 4 þúsund krónur.

SHORTS&DOCS AÐ HEFJAST Þær Lára Marteins og Guðrún Ragnarsdóttir eiga heiðurinn af skipulagningu Shorts&Docs í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Græna ljósið í gang

Kvikmyndaklúbburinn Græna ljósið hefur störf á nýjan leik eftir sumarfrí 26. september með frumsýningu á heimildarmyndinni Where in the World is Osama Bin Laden?

Höfundur myndarinnar er Morgan Spurlock sem vakti mikla athygli fyrir hamborgaraát sitt í Super Size Me þar sem hann gagnrýndi McDonalds-keðjuna harkalega. Núna er aftur á móti röðin komin að hryðjuverkaleiðtoganum Osama Bin Laden. Fimm aðrar myndir eru væntanlegar frá Græna ljósinu: hugljúfa gamanmyndin Son of Rambow, sem sló í gegn á Sundance-hátíðinni, Funny Games, Die Welle frá Þýskalandi, Vicky Christina Barcelone eftir Woody Allen og Choke, sem er gerð eftir samnefndri bók Chucks Palahniuk, höfundar Fight Club.

MORGAN SPURLOCK Nýjasta heimildarmynd Morgans Spurlock um Osama Bin Laden hefur vakið mikla athygli.

Höfuðstöðvar Græna ljóssins hafa nú verið fluttar úr Regnbogaanum í hið endurbætta Háskólabíó sem mun vonandi efla klúbbinn enn frekar. Hinar gullnu reglur Græna ljóssins verða sem fyrr í heiðri hafðar; ekkert hlé, færri auglýsingar og engin truflun.

OFBELDISFULLT HJÁ TARANTINO

Nýjasta mynd **Tarantino, Inglorius Bastards,** verður uppfull af ofbeldisfullum atriðum sem eiga vafalítið eftir að fara fyrir brjóstið á mörgum.

Með ofbeldið í fyrirrúmi

Ekkert lát virðist vera á fregnum af nýjustu kvikmynd Quentins Tarantino, Inglorious Bastards. Ljóst er að eftirvæntingin eftir myndinni er mikil, enda hefur hver stjarnan á fætur annarri verið orðuð við hana.

Inglorious Bastards, sem er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1978, gerist í síðari heimsstyrjöldinni og fjallar um hóp bandarískra gyðinga sem þurfa að brjótast í gegnum her nasista og beita til þess öllum brögðum.

Nýjustu fregnir herma að Michael Fassbender, sem síðast lék í 300, fari með hlutverk hermannsins Archie Hicox, sem hinn breski Simon Pegg átti upphaflega að leika. Áður hafði verið tilkynnt um þátttöku ástargúrúsins Mike Myers í smáu hlutverki breska yfirmannsins Ed Fenech, Brad Pitt í hlutverki Aldo Raine og B.J. Novak, sem hefur slegið í gegn í þáttunum The Office. Auk þess er orðrómur uppi um að hin þýska Nastassja Kinski komi við sögu. Áður hafði Tarantino reynt að fá Adam Sandler í lið með sér en ekkert varð af því óvenjulega samstarfi.

Umdeildur handritsbútur

Hluti af handriti Inglorious Bastards lak á netið fyrir skömmu og samkvæmt því verður ofbeldið í fyrirrúmi, rétt eins og í flestum mynda Tarantino. Telja má líklegt að Þjóðverjar verði lítt hrifnir af útkomunni ef eitthvað er að marka handritsbútinn, því þar óskrar persóna Brads Pitt að hermönnum sínum að hver og einn þeirra skuldi sér hundrað nasistahauskúpur, hvorki meira né minna. „Þetta snýst ekki bara um hauskúpurnar, að rista róðukrossinn í enni þeirra, skjóta byssuskoti í eistu þýsks yfirmanns í hernum eða hæga kyrkingaratriðið, en allt þetta sýnir ástúð Tarantino á smáatriðum og mun vafalítið koma Þjóðverjum í uppnám," sagði í blaðagrein The Times of London. „Málið snýst líka um þá hugmynd að breyta síðari heimsstyrjöldinni í hasarblaðaævintýri þar sem engri þýskri persónu er lýst sem mannlegri veru."

Strákar í leiðangri

Tarantino, sem hefur ekkert viljað tjá sig um gagnrýnisraddirnar, segir það hafa verið draum sinn að segja sögu af „strákum sem fara í leiðangur". „Hún er mín útgáfa af Dirty Dozen, Where Eagles Dare, eða Guns of Navarone," sagði hann og bætti því við að upphaflega hefði myndin átt að vera spaghettívestri en á endanum varð sögusviðið síðari heimsstyrjöldin.

Inglorious Bastards átti fyrst að koma út fyrir fjórum árum en henni var slegið á frest, aðallega vegna þess að Tarantino átti erfitt með að semja rétta endinn. Í staðinn leikstýrði hann Kill Bill-myndunum og Death Proof en núna er röðin aftur komin að „strákunum í leiðangrinum" og í þetta sinn hefur Tarantino hnýtt alla lausa enda.

Tökur á Inglorious Bastards hefjast í Þýskalandi 13. október. Vonast er til að myndin verði frumsýnd á Cannes-hátíðinni í maí á næsta ári.

Steen gestur á kvikmyndahátíð

Danska leikkonan og leikstjórinn Paprika Steen verður gestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík í ár sem hefst 25. september og stendur til 5. október.

RIFF sýnir nýjustu mynd Papriku, Til døden os skiller, sem er önnur myndin sem hún leikstýrir. Myndin kom út í fyrra og hefur víða hlotið góðar viðtökur. Paprika verður einnig fyrirlesari í Kvikmyndasmiðju RIFF, Transatlantic Talent Campus, sem verður haldin þriðja árið í röð. Óhætt er að segja að þátttakendur í smiðjunni muni njóta góðs af því að hlýða á eina virtustu leikkonu og leikstýru Danmerkur. Tekið er við umsóknum í Kvikmyndasmiðjuna til 1. september.

Paprika er líklega þekktust hér á landi sem leikkona í myndum á borð við Festen, Idioterne og Elsker dig for evigt. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna, þar á meðal á Robert Festival sem besta leikkona í aðalhlutverki í myndinni Okay og sem besta leikkona í aukahlutverki í Elsker dig for evigt. Paprika sótti um þrettán sinnum í Leiklistarskólann í Óðinsvéum áður en hún komst inn og þar útskrifaðist hún 1992. Eftir að hún sló í gegn í Dogme-myndunum Festen, Idioterne og Mifunes sidste sang hefur hún unnið sér leið á toppinn og er nú álitin ein besta leikkona Dana á seinni tímum. Árið 2004 sýndi hún svo frumraun sína sem leikstjóri, Lad de små børn, sem hlaut tólf tilnefningar til ýmissa verðlauna og vann sex önnur.

PAPRIKA STEEN Steen verður gestur Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík sem hefst 25. september næstkomandi.

Náman | námsmannaþjónusta Landsbankans 410 4000 | landsbanki.is

Loksins í Borgarleikhúsinu

Miðasala hefst á föstudag kl. 10

Frumsýning föstudaginn 5. september

Næstu sýningar: 6/9, 7/9, 10/9, 12/9, 13/9, 18/9, 19/9, 20/9

Gríptu Flóna á meðan hún gefst!

Borgarleikhúsið innleiðir nú nýtt fyrirkomulag með snarpari sýningartíma, þar sem hver leiksýning er sýnd þéttar og í styttri tíma.

Miðasala er í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is.

Sett upp í Reykjavík í samstarfi við

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Orkuveita Reykjavíkur

Borgarleikhúsið

Áhorfendasýning ársins

> **Gulrætur geta hjálpað við náttblindu**

Gulrætur eru fullar af A-vítamíni, sem á að vera styrkjandi gegn náttblindu. A-vítamín styrkir augun, beinin og er gott fyrir húðina. Þá eru uppi kenningar um að vítamínið dragi úr líkum á krabbameini og hjartasjúkdómum. Sætar kartöflur og spínat eru einnig mjög A-vítamínrík.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN HALLDÓR HALLDÓRSSON, DÓRI DNA, LEIKLISTARNEMI

Flytur galdraþulur yfir ákveðnum réttum

Hvaða matar gætirðu síst verið án? Segjum sem svo að heilbrigðisnasistar heimsins, myndu komast að því að það væri ekki aðeins óhollt að grilla mat, heldur myndu gufurnar frá grillunum, hugsanlega auka líkur á geirsveiki eða gin- og klaufaveiki og í kjölfarið yrði fólki bannað að grilla. Ef það myndi gerast, þá gæti ég þess vegna hætt að vakna á morgnana.

Besta máltíð sem þú hefur fengið: Ég man eftir unaðslegu morgunarverðarhlaðborði í Lubeck, stórkostlega hrárri steik á framúrstefnulegum veitingastað í París og svaðalegum humar á Seyðisfirði. Ætli ég muni þó ekki best eftir íslenskri kjötsúpu með nýbökuðu brauði, á Café Nielsen á Egilsstöðum.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Já, saltkjötfars, lifur, svínakótilettur í raspi, flest sem kemur úr dós og hellingur af öðrum viðbjóði sem Íslendingar á vissum aldri kalla „heimilismat“.

Leyndarmál úr eldhússkápnum Ég flyt stundum galdraþulur yfir ákveðnum réttum, til að töfra fram einstakt bragð. Enda kallaður kukl-kokkurinn. Annars er gott að eiga einhverja bandaríska „hot sauce“, chili og ost.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur? Ef mér líður eins og aumingja, þá borða ég eitthvað sterkt. Ef ég er sorgmæddur þá fer ég á McDonalds, sem er eitthvert öruggasta geðlyf sem til er. Annars borða ég til að gleyma.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum? Hillupláss, sterka sósu, núðlur og svo auðvitað hið vikulega ógeð sem ég var harðákveðinn í að elda, en missti svo móðinn á miðri leið.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér? Ég tæki með mér mannakjöt, helst ferskt. Þá myndi mér allavega ekki leiðast.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað? Matur á íslenskum skyndibitastöðum. Hugmyndin um skyndibita byggir á því að hann sé ódýr og afgreiddur hratt, það vegur upp á móti óhollustunni. Hér á Íslandi er hann rándýr, lengi á leiðinni og að sjálfsögðu óhollur. Verulega skrítið.

Bláberin í brauðið

Bláber lita nú heiðar og móa blá og tilvalið að nýta þá guðs gjöf. Skemmtileg nýjung er að baka úr þeim bláberja- og sítrónubrauð, sem slær örugglega í gegn bæði hjá börnum og saumaklúbbum.

6 matskeiðar mjúkt smjör
1 bolli sykur
2 egg
1 ½ bolli hveiti
1 matskeið lyftiduft
¼ teskeið salt
½ bolli mjólk
1 ½ bollar stór bláber
1 matskeið rifinn sítrónubörkur
2 teskeiðar sítrónusafi
1 matskeið Limoncello (má sleppa)

Blandið saman sykrinum og smjörinu. Hrærið eggin saman við. Blandið hveitinu, lyftiduftinu og salti saman í annarri skál eða poka. Blandið þurrefnunum hægt og rólega við eggin, sykurinn og smjörið og hellið mjólkinni rólega saman við. Hrærið öðrum innihaldsefnum saman við og athugið að fara að öllu mjúklega.

LOSTÆTI Bláber eru ekki bara góð með sykri og rjóma.

Smyrjið eldfast form, til dæmis álbakka og hellið deiginu í. Dreifið hrásykri yfir ef þið viljið hafa brauðið sætara. Bakið í 50-60 mínútur við 180 gráður.

Losið brauðið úr forminu og leyfið að kólna. Penslið svo með mjúku smjöri. Brauðið er einstaklega gott með rjómaosti. **- kbs**

Suðrænar kartöflur

Íslenskar kartöflur eru gæðamatur og um að gera að prófa nýjar leiðir í matreiðslu þeirra. Til dæmis má prófa þetta fína suðræna kartöflusalat.

Kartöflusalat
10 til 12 kartöflur
3 sellerístilkar með laufum
1 laukur
1 græn paprika
steinselja
4 harðsoðin egg
1 teskeið sykur
franskt sinnep
majónes
cayenne-pipar

KARTÖFLUSALAT SEM BRAGÐ ER AÐ Franskt sinnep og cayenne-pipar krydda tilveruna. NORDICPHOTOS/GETTY

Látið kartöflurnar sjóða. Skerið grænmetið mjög smátt. Þegar kartöflurnar hafa soðið, og eru enn heitar, flysjið þær og stappið, eina í einu í skál. Bætið við salti, pipar, sykri, steinselju og loks grænmetinu. Bætið við majónesi og teskeið af sinnepi. Blandið vel. Bætið við cayenne-pipar eins og þið treystið ykkur til. Salatið ætti að vera dálítið sterkt. Bætið loks við eggjunum, skornum í millistóra bita. Fínt með steikinni eða fisknum. **- kbs**

Kjúklingaréttir í uppáhaldi

Berglind Richardsdóttir, hár- og förðunarmeistari, segist vera dugleg að baka bananabrauð og súkkulaðikökur, en að það sé eiginmaðurinn sem sjái um eldamennskuna á heimilinu.

Berglind er hár- og förðunarmeistari en hún rekur einnig netverslunina Netbud.is sem selur bæði skart ásamt ýmislegu öðru. Berglind segir verslunarrekstrinn ganga vel og um mánaðamótin næstkomandi mun hún færa út kvíarnar og opna hár- og snyrtistofu. „Ég er að fara að opna nokkurskonar vinnustofu í Mosfellsbæ þar sem ég get klippt og tekið á móti konum í snyrtingu og förðun,“ segir Berglind

Að eigin sögn er það eiginmaður Berglindar sem sér yfirleitt um eldamennsku á heimilinu, „Ég sé um allan bakstur en eiginmaður minn sér yfirleitt um kvöldmatinn og alla flóknari matargerð.“ Hún segir hvers kyns kjúklingarétti vera í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni og eru þeir oft á matseðlinum. „Ég er mjög hrifin af kjúklingaréttum, sérstaklega indverskum þar sem það er bæði fljótlegt og auðvelt að matreiða þá.“ Berglind segir að kjúklingur með fetaosti sé í sérstöku uppáhaldi hjá allri fjölskyldunni. „Eldra barnið borðar þetta með bestu lyst, það er reyndar alltaf vel borðað af þessum rétti þegar hann er á borðstólnum. Þetta er líka auðveldur réttur og það er lítið uppvask sem fylgir honum, sem er ávallt kostur,“ segir Berglind og hlær, „Við borðum þennan rétt yfirleitt með smábrauði og salati en hann er einnig góður með hrísgrjónum,“ segir Berlind að lokum.

sara@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DUGLEG AÐ BAKA Berglind segir að eiginmaðurinn sjái um alla flóknari matargerð á heimilinu.

Kjúklingur með fetaosti

4 kjúklingabringur
1 krukka rautt pestó
Fetaostur

Pestóið sett í eldfast mót og bringunum raðað ofan á. Því næst er fetaosturinn settur ofan á bringurnar. Sett inn í ofn þangað til bringurnar eru tilbúnar. 180 gráður.

Meðlæti
Gott er að bera kjúklinginn fram með smábrauði og salati. Smábrauð eru skorin í tvennt og smurð með hvítlauksolíu. Mozzarellaostur settur ofan á ásamt oregano og hvítlaukskryddi. Sett inn í ofninn með bringunum. Brauðin eru tilbúin þegar osturinn er farinn að brúnast.

Ekkert að filter-kaffivélunum

Þórey Ploder Vigfúsdóttir sér um innkaup á kaffi, gæðaathugun, kynningarmál, kaffibarþjónaþjálfun og fleira fyrir Estate Coffee í Danmörku. Hún snobbar þó ekki fyrir kaffivélum.

„Ég er algjörlega með filtervélum. Allar þessar fínu og flottu vélar gera ekkert endilega betra kaffi. Þá skiptir meiru að vera með gott kaffi. Ég mæli með kaffi frá Gvatemala eða Brasilíu í filtervélar, eitthvað með góðum botni eða fyllingu.“

Sjálf er hún með pressukönnu og vill hafa kaffið sitt svart. „En ef maður er á góðum kaffibar þá mæli ég með „espresso contana“. Með handþeyttum rjóma. Það er algjört himnaríki.“

Hún er ekki hrifin af ískaffi með sírópi. „Það er betra að nota vanilluís og ekki vera hrædd við að gera það með bara venjulegu kaffi. Það eina sem þarf er hristari, smá ís, kaffi og mesta lagi tveir ísmolar. Það er rosafínn sumardrykkur og ekki of sætur.“

ÞJÁLFAR OG SMAKKAR Hér sést Þórey þjálfa keníska meistarann fyrir heimsmeistaramótið í Danmörku í júní síðastliðnum.

Varðandi geymslu segir hún enga leið betri en önnur. „Fólk á bara að kaupa lítið í einu. Þá getur maður bara geymt það inni í skáp og enn betra ef það er í lofttæmdu máli. Maður á bara að kaupa og drekka, það er mitt mottó.“

- kbs

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI

Ali Grísakjöt

Aðeins **499.-** kr./kg.

Ali grísabógur

merkt verð 554 kr./kg.

100% ÍSLENSKT
Þú veist hvar það er framleitt

30% AFSLÁTTUR

Ali úrbeinaðar kótelettur (FILLE)

1.399 kr./kg. merkt verð 1.998 kr./kg.

30% AFSLÁTTUR

Ali grísahnakki úrbeinaður

1.259 kr./kg. merkt verð 1.798 kr./kg.

40% AFSLÁTTUR

Ali kótelettur með beini

1.069 kr./kg. merkt verð 1.783 kr./kg.

KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI

Ali KJÚKLINGUR

30% AFSLÁTTUR

Ali ferskar kjúklingabringur

2.097 kr./kg. merkt verð 2.997 kr./kg.

100% ÍSLENSKT
Þú veist hvar það er framleitt

Ekki viðbætt vatn

30% AFSLÁTTUR

Ali fersk kjúklingalæri

559 kr./kg. merkt verð 799 kr./kg.

30% AFSLÁTTUR

Ali fersk kjúklingalæri/leggir

559 kr./kg. merkt verð 799 kr./kg.

30% AFSLÁTTUR

Ali ferskir kjúklingaleggir

559 kr./kg. merkt verð 799 kr./kg.

* Ekki er leyfilegt að nota vaxtahvetjandi hormón við framleiðslu kjúklinga á Íslandi.

2979 TACTIK / 18.08.08.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

> VISSIR ÞÚ?

Nú er hægt að lifa sig inn í líf **Amy Winehouse** með því að spila tölvuleikinn Escape from Rehab, eða Flóttinn úr meðferð, á netinu. Hin vansæla söngkona tekst á við Batman, Hulk, Carrie Bradshaw með hár og krakkpípur að vopni. Leiknum lýkur með því að Amy bjargar eiginmanni sínum, Blake, úr fangelsi.

fólk

folk@frettabladid.is

Britney sýnir MTV líf sitt á ný

Britney Spears virðist vera að koma sér á réttan kjöl að nýju, eftir að hafa tapað forræði yfir sonum sínum tveimur fyrr á árinu auk þess að vera svipt sjálfræði.

Hennar nýjasta ráð til að endurheimta drengina, er að hleypa tökuliði sjónvarpsstöðvarinnar MTV inn á heimili sitt.

Þrátt fyrir óánægju fjölskyldu hennar, og Kevins Federline, hefur hún ákveðið að leyfa MTV að fylgjast með sér reyna að draga feril sinn upp úr holræsinu í von um að það gefi betri mynd af henni og hjálpi henni að vinna forræði að nýju. Heimildarmenn segja að pabbi hennar, Jamie Spears, sé henni ævareiður fyrir vikið. Hann hefur nýlega sagt Britney undirförula og stjórnsama, auk þess sem hann virðist halda með Kevin Federline í forræðisdeilunni.

Móðir hennar, Lynne, er sögð gera allt hvað hún getur til að fá hana til að hætta við, enda hrædd um að söngkonan segi og sýni of mikið og minnki þar með slúðurgildi bókarinnar sem Lynne hefur skrifað um dóttur sína.

Líf Britneyjar hefur engan veginn verið dans á rósum undanfarið og hafa fjölmiðlar velt sér upp úr hörmungunum sem hafa dunið á henni. Þrátt fyrir allt virðist Britney ekki af baki dottin, en hún hefur einbeitt sér að nýrri ímynd og nýrri plötu upp á síðkastið. Það er því vonandi að þátturinn gangi vel og verði ekki, eins og vinir Britneyjar óttast, mesta sjónvarpsslys sögunnar, líkt og raunveruleikaþáttur hennar og Kevins hérna um árið.

HELDUR ÓTRAUÐ ÁFRAM Britney gerir raunveruleikaþátt í von um að fá syni sína aftur.

Esja hörð og mjúk

Útgáfutónleikar Esju eru á Nasa í kvöld. Esja er ástríðubarn Krumma, Hrafns Björgvinssonar, og Daníels Ágústs Haraldssonar, en plata þeirra kom út í síðustu viku.

„Við tókum plötuna mestmegnis upp á þremur dögum með Kidda í Hjálmum, þeim mikla galdramanni. Allt sem hann snertir verður að gulli, eða það höldum við. Þetta er svona blúsað rokk, sem við Krummi höfum miklar mætur á, en það sem við höfum verið að gera í okkar sköpun hingað til hefur verið af öðrum toga. Núna erum við bara að fá útrás fyrir ástríðuna fyrir þessari tegund tónlistar," segir Daníel Ágúst.

Með þeim félögum spila Frosti Runólfsson, Halldór Björnsson og Bjarni Sigurðsson. Andrea Jónsdóttir þeytir skífum fyrir og eftir tónleikana. Ókeypis er inn á tónleikana, sem hefjast klukkan tíu. „Við viljum ekki að fólk hafi neina afsökun fyrir því að sjá okkur ekki," segir Daníel. **- kbs**

NÝ HLIÐ Krummi og Daníel Ágúst opna dyrnar á Nasa og bjóða fólki blúsað rokk. MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki

Við leitum að duglegu starfsfólki í verslanir okkar.

Við leggjum mikið upp úr því að starfsfólki okkar líði vel í vinnunni og rekum öflugt félagslíf. Einnig nýtur starfsfólk fjölda fríðinda.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára.

Umsækjendur fylli út umsókn á www.10-11.is eða hafi samband við verslunarstjóra í næstu verslun.

10-11

...alltaf opið!

www.10-11.is



Flottur kragi á einföldum kjól gerir heilmikið fyrir útlitið hjá Kirrily Johnston.

NORDICPHOTOS/GETTY

Þessi hönnun Trimapee myndi sóma sér alveg jafn vel á Laugaveginum og í Sydney.

Töff vesti við svart pils hjá Silence Is Golden.

Ágætis haustbúningur í formi leggings, kjóls og stutts vestis frá Kirrily Johnston.

Grátt og svart er alltaf flott saman eins og þessi kjóll og stutti leðurjakki frá Gary Bigeni eru dæmi um.

Þessi klæðnaður frá Konstantina Mittas virðist vera undir áhrifum sveitastemningar hausttískunnar.

TÍSKUHÁTÍÐ Í SYDNEY

Efnt var til svokallaðrar tískuhátíðar í Ástralíu á dögunum, þar sem almenningi gafst kostur á að kynna sér strauma og stefnur í línum ástralskra hönnuða fyrir vor og sumar 2008 til 2009, sem gengur einmitt í garð þeim megin á hnettinum nú hvað úr hverju. Hátíðin var haldin í fyrsta skiptið nú í ár og mæltist afar vel fyrir, enda ekki á hverjum degi sem almenningur fær aðgang að þessum lokaða geira. Ástralskt sumar virðist eiga sitthvað skylt með íslenskum vetri, því ekki má betur sjá en að þessar flíkur myndu fara vel hér á landi líka.

Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.

Sæktu um Nemakort á www.strætó.is

ÁFRAM ÍSLAND!

Króna af hverjum lítra til HSÍ

Íslenska landsliðið stendur sig hreint frábærlega á Ólympíuleikunum og Olís stendur með strákunum okkar.
Frá og með deginum í dag fram til lokunar laugardaginn 23. ágúst rennur **1 KRÓNA** af andvirði hvers eldsneytislítra sem selst á þjónustustöðvum Olís til HSÍ.

OLÍS – við höldum með þér!

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075
- bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

THE ROCKER	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	7
GET SMART	kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15	L
WALL–E – ÍSLENSKT TAL	kl. 3.30 og 5.45	L
MUMMI 3	kl. 8	12
THE DARK KNIGHT	kl. 10	12

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
STAR WARS	kl. 3:40D - 5:50D - 8 - 10:20	L
GET SMART	kl. 5:50 - 8D - 10:20D	L
THE MUMMY 3	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 5 - 8 - 10:50	12
DARK KNIGHT	kl. 5 - 8 - 10:50	VIP
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40	L
MAMMA MÍA	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
GET SMART	kl. 5:40D - 8D - 10:20D	L
STAR WARS	kl. 4D - 6:20D	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
KUNG FU PANDA m/ísl. tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
STAR WARS	kl. 5:40 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10:20	7
MAMMA MÍA	kl. 5:40	L
DECEPTION	kl. 10:40	14

SAMBÍÓIN AKUREYRI		
STAR WARS	kl. 6 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10	L
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 6	L
THE MUMMY 3	kl. 10:20	12

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
STAR WARS	kl. 5:45 - 8	L
GET SMART	kl. 8 - 10.20	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:45	L
THE BANK JOB	kl 10:10	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
THE ROCKER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	7
X - FILES	kl. 8 - 10.20	16
SKRAPP ÚT	kl. 3.30 - 8 - 10	12
THE LOVE GURU	kl. 4 - 6	12
WALL-E ÍSL. TAL	kl. 3.30D - 5.45D	L
MAMMA MIA	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L
MAMMA MIA LÚXUS	kl. 5.30D - 8D - 10.30D	L
THE MUMMY 3	kl. 3.30D	12

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
THE ROCKER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

SING - A - LONG SÝNING

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000	650 kr. SUMARTILBOÐ	
X - FILES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
LOVE GURU	kl. 6 - 8 - 10	12
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
X - FILES	kl. 6 - 8 - 10.10	16
MAMMA MIA	kl. 6 - 8 - 10.10	L

5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI

AUKAKRÓNUR

Taktfastur kokkur á Boston

Eldhúsið á barnum og skemmtistaðnum Boston við Laugaveg verður opnað á ný í haust. Boston opnaði fyrir gestum og gangandi um áramótin 2006-2007, en eldhúsið ekki fyrr en á menningarnótt í fyrra. Það hefur svo verið lokað allt frá síðustu jólum, en nú stendur til að endurvekja eldamennskuna á staðnum.

Það er kokkurinn og trommarinn Númi Thomasson sem mun sjá um rekstur þess. „Þetta er allt í vinnslu. Ég hætti bráðlega í þeirri vinnu sem ég er í núna og mun þá geta einbeitt mér betur að opnun eldhússins," segir Númi, sem hefur að undanförnu meðal annars trommað með tónlistarmanninum Borko. „Ég tók mér pásu frá kokknum í nokkur ár og finnst nú tími til kominn að ég snúi mér aftur að eldamennskunni," segir Númi.

Að eigin sögn mun Númi bjóða upp á holla og góða rétti bæði í hádeginu og á kvöldin. „Ég er mjög spenntur og hlakka mikið til. Þetta verður að sjálfsögðu mikil vinna þar sem ég stend einn að þessu til að byrja með en ég er tilbúinn í slaginn. Svo held ég heljarinnar opnunarpartí þegar allt verður loks klappað og klárt," segir Númi að lokum. **- sm**

ELDHÚSIÐ OPNAÐ Á NÝ Númi mun taka við eldhúsinu á Boston í haust.

ÖRN SMÁRI

Hressti sig við á morgnana með því að hanna áletranir á boli sem nú hafa tekið á sig mynd bloggs.

Bolablogg nýjasta nýtt

Örn Smári Gíslason nálgast bloggið á nýstárlegan hátt og segir boli skemmtilegan miðil. Þeir eiga stóran þátt í bloggi hans.

Örn Smári Gíslason, grafískur hönnuður, er þessa dagana að hefja feril sinn sem bloggari en nálgunin er nýstárleg. Bloggið felst í því að hann birtir mynd af bol þar sem er að finna mynd eða slagorð. Og síðan mun ef til vill fylgja knappur texti til að styðja við það sem sjá má á bolnum. Annars segir Örn Smári að það sé ekkert að því þó merkingin liggi ekki í augum uppi.

„Allt í lagi er að skilja menn eftir í óvissu. En þessi rammi kveikti í mér. Ég hef aldrei bloggað, þetta er frumraun mín á þessu sviði. Ég hef starfað sjálfstætt undanfarin ár og þetta er eitthvað sem ég hef verið að gera til að hressa mig við á morgnana," segir Örn Smári.

Þessi einn nýjasti bloggari landsins fór að senda myndir af bolum sína á vini og vandamenn sem síðan sendu þær á sína kunningja. Þannig rak boli Arnar Smára á fjörur Hallgríms Thorsteinssonar á Eyjunni sem óður og uppvægur vildi sýna afurðirnar með því að skapa Erni pláss á Eyjunni undir yfirskriftinni blogg. „Ég hafði ekki fundið þessu farveg og tók því umleitan Hallgríms fagnandi. Það er gaman að þessu og ég hef fengið jákvæð viðbrögð," segir Örn Smári. Hann neitar því ekki að þarna megi greina vísun í hugtakið „bolur" sem Bó hefur gert þekkt: „Já, viðteknar skoðanir. Svo er jafnvel hugmyndin að setja þessa boli í framleiðslu og selja."

jakob@frettabladid.is

Allt látið flakka

Ein af skemmtilegri hljómsveitum Iceland Airwaves 2007 var enska sveitin Late Of The Pier sem lokaði Moshi Moshi-kvöldinu á Nasa. Nú er fyrsta plata hennar, Fantasy Black Channel, komin út. Hún var unnin undir stjórn plötusnúðsins og upptökustjórans Erol Alkan og það er hægt að segja það strax að hún stendur undir þeim væntingum sem tónleikarnir í fyrra vöktu.

Tónlist Late Of The Pier er óvenju blygðunarlaust samkrull af ólíkum tónlistarstefnum. Sveitin er oft nefnd í sömu andrá og neu-rave sveitir eins og Klaxons og Metronomy, en tónlist hennar sækir áhrif mjög víða að. Kaflaskiptingarnar minna stundum á prog-tónlist áttunda áratugarins og áhrif frá glysrokki, fönki og nýbylgjurokki eru líka áberandi. Yello, David Bowie, Frank Zappa og Gary Numan eru greinilega á meðal áhrifavalda. Það er aðdáunarvert hvað fjórmenningarnir í sveitinni eru óhræddir við að láta allt flakka og það merkilega við þetta allt saman er að platan svínvirkar. Það er fullt af flottum lögum til dæmis Broken, The Bears Are Coming, Random Firl, Focker og hið kostulega Bathroom Gurgle. Ein af skemmtilegri plötum ársins hingað til.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Fantasy Black Channel

Late of the Pier

★★★★

„Þessi fyrsta plata Iceland Airwaves-sveitarinnar Late Of The Pier er óvenju djörf blanda ólíkra tónlistartegunda. Glysrokk, fönk, nýbylgja, progg og rafpopp eru á meðal hráefna í súpu sem svínvirkar."

Pleo til landsins

Gæludýrið og risaeðlan Pleo, sem er eitt fullkomnasta leikfangavélmennið á markaðnum í dag, er komið í sölu í verslunum Office 1. Í tilkynningu frá fyrirtækinu kemur fram að þrátt fyrir að Pleo stækki ekki og verði að fullvaxta risaeðlu, þroskist það andlega og tilfinningalega með tímanum og læri að þekkja eigandann sinn.

Sérstök kynning verður á Pleo á næturvakt Office 1 á menningarnótt þar sem áhugasamir geta kynnt sér leikfangið, sem kostar 45 þúsund krónur. Tímaritið Stuff valdi fyrir skömmu Pleo eitt af þremur bestu vélmennum á markaðnum í dag og verður spennandi að sjá hvort það festir sig eins vel í sessi hér á landi og það hefur gerst erlendis.



PLEO Risaeðlan Pleo er eitt fullkomnasta leikfangavélmennið á markaðnum í dag.

Afmæli í nunnuklaustri

Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir hélt upp á afmælið sitt, 27. júlí, í nunnuklaustri en hún var þar ásamt Hreyfiþróunarsamsteypunni að semja nýtt dansverk.

„Við héldum fyrst að þetta væri bara gamall kastali, en svo kom í ljós að þetta var nunnuklaustur með kapellu og allt. Pa-F er paradís fyrir fólk sem vill vinna að sinni list án alls áreitis frá umheiminum. Listamenn geta sótt um að koma þangað til að vera og vinna," segir Ásgerður.

Hvað gerir maður í nunnuklaustri á afmælinu sínu? „Við fórum í kirkju í litla þorpinu sem þetta nunnuklaustur er í. Svo fórum við líka á tónleika hjá belgískum kvennakór og horfðum á Lömbin þagna. Þannig að þetta var rosadagur."

Hreyfiþróunarsamsteypan var úti að vinna nýtt dansverk, DJ Hamingja, meirihluta sumarsins, með hjálp Ungs fólks í Evrópu og Reykjavíkurborgar. „Þetta er um einveruna í sínum ólíklegustu myndum. Þetta er dansverk í víðasta skilningi sem til er."

Samsteypan hóf starfsemi 2005 og hefur þegar vakið mikla athygli. Verk þeirra hafa unnið til verðlauna á Ítalíu og í Þýskalandi.

Sýnt verður í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13, á artFart. Sýnt er í kvöld klukkan sex, á föstudagskvöld og á menningarnótt. Aðgangseyrir er 1.500 krónur, en miðasala er í síma 693-5585.

- kbs

HREYFIÞRÓUNARSAMSTEYPAN Unnu verk um einmanaleikann í frönsku nunnuklaustri. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tískuhönnuðurinn Betsey Johnson segist hafa kysst kynbombuna **Önnu Nicole Smith** innilega nokkrum árum áður en hún lést. Atvikið átti sér stað eftir eina af tískusýningum Johnson. „Hún leit mjög fallega út," sagði Johnson og var sérlega hrifin af kjólnum sem hún klæddist. Anna Nicole lést á síðasta ári úr of stórum lyfjaskammti.

Leikkonan **Britt Ekland** hefur sakað stöllu sína Nicole Kidman um að nota botox til að lappa upp á andlit sitt og leggja þannig feril sinn í hættu. „Það er hræðilegt þegar leikkonur nota botox. Ég man þegar ég sá Cold Mountain hvað mér fannst greinilegt að N**icole Kidman** hefði notað það. Andlitið hennar var hvorki sorgmætt né brosmilt. Hún leit bara út eins og máluð dúkkka," sagði hin 65 ára Ekland. Kidman, sem er 41 árs, hefur aldrei viðurkennt opinberlega að hafa notað botox.

Leikarinn **John Cusack** hefur verið gagnrýndur fyrir blaðagrein sem hann skrifaði fyrir dagblað í Chicago sem ku vera uppfull af staðreyndavillum. Cusack skrifaði greinina á meðan hann var að störfum í Bangkok og fjallaði hún aðallega um ástríðu hans á hafnabolta. Lesendur greinarinnar voru ekki hrifnir af framtakinu og sökuðu hann um að stafsetja nöfn þriggja hafnaboltaspilara vitlaust ásamt nafni leikritaskáldsins Eugene O´Neill. Auk þess þóttu fleiri meinlegar villur leynast í greininni.

Leikarinn **Russell Crowe** ætlar að leika grínistann Bill Hicks í nýrri mynd sem er í undirbúningi. Hicks lést úr krabbameini árið 1994, aðeins 32 ára gamall. „Gamanleikur hefur aldrei verið talinn sterkasta hlið Russells og því er þetta gott tækifæri til að breyta þeirri ímynd," sagði kunningi Crowes. „Þetta gæti orðið tilvalið hlutverk fyrir hann."

>Árangur Íslands vekur heimsathygli

Erlendir fjölmiðlar eru farnir að gefa íslenska handboltalandsliðinu mikinn gaum í kjölfar frábærs árangurs liðsins á Ólympíuleikunum. Þeim fjölgar stöðugt, erlendu blaðamönnunum sem vilja tala við strákana okkar og þeir skilja einfaldlega ekki hvernig 300 þúsund manna þjóð getur náð slíkum árangri í hópíþrótt. Okkar maður Henry Birgir Gunnarsson lenti sjálfur í tveimur slíkum í gær þar sem hann þurfti að útskýra eftir bestu getu af hverju Íslendingar væru svona góðir í handbolta. Flestir halda að árangurinn sé grís og einn blaðamaður spurði hann: „Svaraðu mér í fullri alvöru, getur Ísland unnið gullið í handbolta?“ Þeirri spurningu var að sjálfsögðu svarað játandi.

sport
sport@frettabladid.is

MARKVÖRÐURINN BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON: ER BÚINN AÐ SLÁ Í GEGN Í PEKING

Erum komnir til þess að vinna medalíu

Markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson hefur komið eins og stormsveipur inn í íslenska landsliðið á Ólympíuleikunum. Sýnt frábær tilþrif og toppaði sig síðan í gær með ótrúlegum leik gegn Pólverjum.

Björgvin varði alls 23 skot frá Pólverjum í leiknum eða átta skotum meira en pólski markvörðurinn Slawomir Szmal. Björgvin varði 9 skot í fyrri hálfleik og 14 skot í þeim síðari.

„Það er alveg yndislegt að hafa hitt á svona leik og vera kominn í undanúrslit. Það er ekki annað hægt en að verja svona vel þegar maður er með tvo geðsjúklinga fyrir framan sig í Didda og Sverre sem berjast í öllu og gera þá skíthrædda. Þá verður vinnan auðveldari fyrir mig,“ sagði Björgvin Páll sem er yfirvegaður og með báða fætur á jörðinni.

„Ég er fullur sjálfstrausts og hausinn er í lagi. Ef þessir hlutir eru í lagi þá gengur manni vel. Óli Stefáns á mikinn þátt í að koma okkur í gírinn en við höfum stillt öllum leikjunum upp sem úrslitaleikjum. Andlega hliðin er góð, allir í hópnum eru fínir félagar og til í að vinna hver fyrir annan,“ sagði Björgvin Páll en varla er hægt að trúa því að hann sé að spila á sínu fyrsta stórmóti. Slík er frammistaðan.

„Fyrir kannski mánuði síðan var ég ekki á leið á Ólympíuleikana. Svo byrjaði ég að berjast fyrir hverjum bolta, hverri æfingu og hverjum leik. Takmarkið að komast á ÓL náðist og næsta markmið var að standa sig vel hérna. Það er að takast. Við erum samt ekkert búnir með neitt enn þá og verðum að halda áfram. Við erum komnir hingað til þess að vinna medalíu,“ sagði Björgvin ákveðinn en forráðamenn þýska liðsins Bittenfeld, sem hann samdi við í vor, eru örugglega í skýjunum yfir því að vera að fá þennan snjalla markvörð í sitt lið.

Ævintýrið í Peking heldur áfram

Strákarnir okkar eru komnir í undanúrslit á Ólympíuleikunum og spila því um verðlaun á leikunum. Strákarnir lögðu Pólverja, 32-30, í frábærum leik. Sigur Íslands var sanngjarn og glæsilegur.

PEKING 2008 Það er ekkert lát á stórkostlegri framgöngu íslenska handboltalandsliðsins í Peking. Liðið átti enn einn glansleikinn þegar Pólverjar voru lagðir, 32-30, í átta liða úrslitum í gær. Frábær sigur og ljóst að íslenska liðið getur farið enn lengra á þessum leikum spili það af sömu getu og í gær.

Fyrri hálfleik verður aðeins lýst með einu orði – stórkostlegur. Klárlega langbesti hálfleikur liðsins síðan það kjöldró franska landsliðið á eftirminnilegan hátt á HM í Þýskalandi 2007.

Strákarnir voru algjörlega tilbúnir í slaginn frá fyrstu sekúndu. Ótrúleg stemning, mikil grimmd, ákefð og ekki síst ofurtrú á verkefninu og eigin getu. Vörnin svo gott sem fullkomin og Björgvin Páll í ótrúlegu formi þar fyrir aftan. Sóknarleikurinn var listilega leikinn, ákaflega fjölbreyttur og lifandi. Mörk í öllum regnbogans litum.

Þegar 30 mínútur voru liðnar leiddi Ísland með fimm mörkum, 19-14. Ótrúlegar tölur og ekki á hverjum degi sem hið sterka sóknarlið Pólverja skorar aðeins 14 mörk í einum hálfleik.

Vel útfærður varnarleikur íslenska liðsins sló Pólverjana algjörlega út af laginu. Skytturnar komust ekki á loft og ef þær gerðu það varði Björgvin oftar en ekki. Ákaflega ánægjulegt þar sem íslenskir markverðir hafa í gegnum tíðina verið í vandræðum með langskot.

Það mátti svo sem búast við því að Pólverjar kæmu til baka og það gerðu þeir. Minnkuðu muninn í 23-22 þegar 42 mínútur voru búnar af leiknum. Þegar íslenska liðið virtist vera við það að brotna sýndi það enn og aftur þann andlega styrk og magnaða karakter sem það býr yfir. Pólverjar náðu aldrei að jafna, aðeins að klóra í bakið á íslensku strákunum og það ætlaði allt um koll að keyra þegar ljóst var að Ísland var komið í undanúrslit.

Stórkostlegur árangur hjá liðinu. Þjálfarateymið er að vinna frábæra vinnu í að undirbúa liðið, strákarnir vita alltaf hvað á að gera og gera það með stæl. Innkoma nýliðanna Ingimundar og Björgvins hefur haft mjög jákvæð áhrif á liðið.

Það sem vekur þó mesta athygli er að Ísland er ekkert lið nokkurra einstaklinga lengur. Það er enginn skortur á breidd í þessum hópi eins og oft hefur verið. Hér skila allir leikmenn sínu, eru fullkomlega meðvitaðir um sitt hlutverk og eru til í að berjast fram í rauðan dauðann hver fyrir annan.

Það er enn mikið hungur í þessu liði og það gæti hæglega haldið áfram að koma á óvart. Með álíka spilamennsku eru liðinu allir vegir færir og miðað við stemninguna sem ég upplifi í hópnum kæmi það mér ekkert á óvart ef liðið færi í úrslitaleikinn. Getan er svo sannarlega til staðar.

Ísland mætir Spáni í undanúrslitunum og sá leikur fer fram í hádeginu á föstudaginn. Frakkar og Króatar spila á undan í hinum undanúrslitaleiknum.

KOMNIR Í UNDANÚRSLIT Félagarnir úr Val, Ólafur Stefánsson og Sigfús Sigurðsson, sjást hér fagna gríðarlega í leikslok þegar var orðið ljóst að íslenska handboltalandsliðið myndi spila um verðlaun á Ólympíuleikunum í Peking. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FORSETINN FAGNAR Herra Ólafur Ragnar Grímsson fagnaði strákunum í leikslok. Hér heilsar hann Sigfúsi Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
Skrifar frá Peking
henry@frettabladid.is

TÖLFRÆÐIN

Ísland-Pólland 32-30 (19-14)

Mörk Íslands (skot): Alexander Petersson 6 (10), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (7), Snorri Steinn Guðjónsson 5/1 (11/2), Logi Geirsson 4 (7), Ólafur Stefánsson 4/1 (8/1), Arnór Atlason 3 (6), Róbert Gunnarsson 3 (3), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Ingimundur Ingimundarson 1 (1).
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 23/1 (53/3) 43%.
Hraðaupphlaup: 5 (Guðjón 2, Alexander, Ólafur, Ingimundur).
Fiskuð víti: 3 (Snorri 2, Róbert).
Utan vallar: 16 mínútur.
Mörk Pólverja (skot): Mateus Jachlewski 6 (8), Gregorz Tkaczyk 6 (9), Bartlomiei Jaszka 4 (4), Mariusz Jurasik 4 (9), Karol Bielecki 3 (7), Bartosz Jurecki 3 (4), Tomasz Tluczynski 2 (3). **Varin skot:** Slawomir Szmal 15/1.
Hraðaupphlaup: 6
Utan vallar: 6 mínútur.

Undanúrslitin

Frakkland-Króatía	föstudagur 10.00
Ísland-Spánn	föstudagur 12.15

HVAÐ GERIST NÆST? Landsliðsþjálfarinn spenntur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur Guðmundsson:

Besti hópurinn

PEKING 2008 Það er alveg ljóst að Guðmundur Guðmundsson og aðstoðarmenn hans hafa unnið vinnuna sína vel hér í Peking því strákarnir mæta nánast undantekningalaust tilbúnir til leiks og vita vel hvað þeir þurfa að gera.

„Ég er mjög stoltur af liðinu sem spilaði frábærlega og taktíkin okkar í vörninni gekk fullkomlega upp. Síðan átti Björgvin stórkostlegan leik. Það er ólýsanleg gleði að hafa náð þessum áfanga. Varnarleikurinn var hrikalega grimmur og sóknarleikurinn var sérstaklega góður í fyrri hálfleik, algjörlega frábær,“ sagði Guðmundur kátur en úttaugaður.

„Liðið hefur sýnt það í öllum leikjunum að það er mikill karakter í þessu liði. Liðið er líka í góðu líkamlegu ástandi og það leynir sér ekki. Þessi leikur tók mikið á og síðari hálfleikur virtist aldrei ætla að taka enda. Hann var óendanlegur. Við vissum að þeir myndu gefa meira í þetta en það slapp,“ sagði Guðmundur sem sparar ekki stóru orðin til lærisveina sinna.

„Þetta er ótrúlegt ævintýri og gaman að taka þátt í þessu. Það er hópur fólks sem stendur á bak við liðið sem allt er að vinna sem einn maður að settu marki. Hvað varðar leikmennina þá er þetta besti hópur sem ég hef starfað með,“ sagði Guðmundur en hvað getur liðið farið langt?

„Við tökum bara einn leik fyrir í einu og spörum allar yfirlýsingar.“ - hbg

Ólafur Stefánsson var í sjöunda himni eftir sigurinn á Pólverjum og sá stöðuna á sinn einstaka hátt:

Það er heiður að vera fyrirliði í þessu liði

PEKING 2008 Ólafur Stefánsson var í sæluvímu eftir sigurinn á Pólverjum og ánægjan af því að vera kominn í undanúrslit á Ólympíuleikum leyndi sér ekki. Ólafur hefur áður talað fjálglega um það hversu mikið hann vilji vinna til verðlauna á ÓL en það er eitt af fáu sem hann hefur ekki afrekað á glæstum ferli.

„Draumurinn, hann lifir. Við skulum hafa þannig. Eldurinn er til staðar og við höfum ekkert verið að slökkva hann með einhverjum óþarfa áhyggjum. Við förum þetta á jákvæðninni og nú er að halda áfram. Vera einbeittir og flottir. Höndla stressið og njóta þess að gera strandhögg. Fylgja í fótspor forfeðranna og vera brjálaðir. Germanarnir, forfeður okkar, gátu verið í tvo til þrjá daga heima í rólegheitum og svo þurftu þeir að fara og eyðileggja eitthvað. Það er bara stríð og allt þetta. Við fórum yfir það,“ sagði Ólafur á sinn einstaka hátt.

„Auðvitað getum við gert allt hér á þessu móti. Við verðum að njóta stundarinnar, vera afslappaðir og þakklátir fyrir að vera hérna. Menn hafa verið með draum í kollinum og hann stækkar eftir því sem maður kemst nær draumnum. Um leið verður minna súrefni og kaldara þannig að einbeitnin þarf að vera í lagi,“ sagði Ólafur og bendir á að stemningin í kringum hópinn sé einstök.

„Mér hefur sjaldan liðið eins vel allan tímann. Þó svo við höfum tapað hefur stemningin verið góð og þessi ferð alveg frábær. Það er heiður að vera fyrirliði í þessu liði. Það eru allir að setja í sínu horni. Við verðum að halda áfram að njóta ferðarinnar,“ sagði Ólafur. - hbg

EINSTAKUR Ólafur Stefánsson var með 4 mörk og 6 stoðsendingar í leiknum á móti Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SÉRÐ ÞÚ ALLA Í UMFERÐINNI?

SKÓLINN ER AÐ BYRJA!

FÉLAG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
ÁRNESSÝSLU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

112
EINN EINN TVEIR

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

sjukrabill.is

Fátt sem gladdi augað gegn Aserum

Karlalandslið Íslands í fótbolta lék sinn síðasta æfingarleik fyrir undankeppni HM 2010 þegar liðið gerði jafntefli, 1-1, gegn Aserbaídsjan í bragðdaufum leik á Laugardalsvelli í gærkvöld. Íslenska liðið lék talsvert undir getu og hefði undir eðlilegum kringumstæðum átt að fara með sigur af hólmi.

FÓTBOLTI Það var fátt sem gladdi augað þegar Ísland gerði jafntefli gegn Aserbaídsjan og ljóst að íslenska liðið verður að taka sig saman í andlitinu fyrir fyrsta leikinn í undankeppni HM 2010, sem hefst eftir rúmar tvær vikur.

Það er óhætt að segja að leikurinn hafi farið rólega af stað á Laugardalsvelli í gærkvöld. Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson var búinn að lofa meiri sóknarleik hjá íslenska liðinu en það var eitthvað grunnt á því framan af leik og fyrsta marktilraun Íslands kom ekki fyrr en á tuttugustu mínútu.

Þegar líða tók á hálfleikinn kom aftur á móti meira bit í sóknarleik Íslands og Eiður Smári komst í tvígang nærri því að opna markareikninginn. Í fyrra skiptið einn á móti markverðinum Farhad Veliyev eftir góðan undirbúning Pálma Rafns Pálmasonar og í síðara skiptið í skotmöguleika rétt utan vítateigs eftir sendingu Gunnars Heiðars Þorvaldssonar. En þetta reyndust bestu möguleikar Íslands til þess að skora í fyrri hálfleiknum.

Varnarlega lentu Íslendingar þó ekki í teljandi vandræðum í fyrri hálfleik og miðverðirnir Hermann Hreiðarsson og Kristján Örn Sigurðsson stóðu vaktina vel en bakverðir, Grétar Rafn og Bjarni Ólafur, áttu það reyndar til að láta spila sig út úr stöðum.

Seinni hálfleikur byrjaði afar illa fyrir Ísland því strax á 48. mínútu braut Birkir Már Sævarsson klaufalega af sér og Aserar fengu aukaspyrnu á hættulegum stað rétt utan vítateigs. Fabio Luís Ramím tók spyrnuna og skoraði fyrsta mark leiksins neðst í markhornið fjær en það er spurning hvort markvörðurinn Stefán Logi hefði ekki getað gert þar betur. Markið kom eins og köld vatnsgusa framan í íslenska liðið sem tók sem betur fer við sér og var ekki lengi að svara. Tíu mínútum síðar tók nýliðinn Jóhann Berg Guðmundsson aukaspyrnu sem rataði á kollinn á Grétar Rafni sem skallaði í netið af harðfylgi.

Í framhaldinu var Ísland mun meira með boltann og liðið færði sig framar á völlinn en náði engan veginn að nýta sér það til góðs. Ísland náði reyndar ágætis pressu eftir markið en hún fjaraði fljótt út. Það gerði leikurinn líka og 1-1 því niðurstaðan.

Sóknarleikurinn var hugmyndasnauður á stórum köflum og það er vissulega ákveðið áhyggjuefni að liðið nái ekki að skapa sér betri marktækifæri á móti ekki sterkari mótherja en Aserbaídsjan sem er fjörtíu sætum neðar en íslenska liðið á styrkleikalista alþjóða knattspyrnusambandsins. Það er engin afsökun þótt að um vináttulandsleik hafi verið að ræða því það er fullkomlega eðlilegt að gera kröfu um sigur í leik sem þessum því þá hefði liðið eitthvað til þess að byggja á upp á framhaldið að gera.

Til að taka eitthvað jákvætt út úr leiknum má benda á að varnarleikur Íslands var fínn nær allan leikinn og sóknarmenn Asera náðu ekki að valda miklum usla í vörn Íslands í leiknum. Sóknarleikurinn var höfuðverkurinn í gærkvöld og eitthvað sem þarf að finna bót á fyrir Noregsleikinn eftir rúmar tvær vikur.

omar@frettabladid.is

JÖFNUNARMARKIÐ Grétar Rafn Steinsson sést hér skora mark Íslands með glæsilegum skalla eftir aukaspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LAGÐI UPP MARK Jóhann Berg Guðmundsson áttti stoðsendingu í sínum fyrsta landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ísland 1-1 Aserbaídsjan

Laugardalsvöllur, áhorf.: 5133 Simon Lee Evans (6)

0-1 Fabio Luis Ramim (48.)
1-1 Grétar Rafn Steinsson (58.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–13 (4–5)
Varin skot	Stefán Logi 4 – Veliyev 3
Horn	7–5
Aukaspyrnur fengnar	13–16
Rangstöður	3–3

ÚRSLIT

Vináttulandsleikir í fótbolta

Ísland U21-Danmörk U21	0-2
0-1 Rieks (42.), 0-2 Jakobsen, víti (72.)	
England-Tékkland	2-2
0-1 Milan Baros (22.), 1-1 Wes Brown (44.), 1-2 Marek Jankulovski (48.), 2-2 Joe Cole (90.).	
Skotland-Norður-Írland	0-0
Noregur-Írland	1-1
0-1 Robbie Keane (44.), 1-1 Tore Reginiussen (61.)	
Rússland-Holland	1-1
0-1 Robin van Persie (24.), 1-1 Konstantin Zyrianov, víti (77.)	
Svíþjóð-Frakkland	2-3
1-0 Henrik Larsson (9.), 1-1 Karim Benzema (19.), 1-2 Sidney Govou (61.), 1-3 Sidney Govou (78.), 2-3 Kim Källström (85.)	

Á FLEYGIFERÐ Í GÆR Eiður Smári Guðjohnsen. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Eiður Smári Guðjohnsen:

Getum betur

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen sagði að Ísland yrði að gera betur ætli liðið að ná árangri í undankeppni HM sem hefst í september.

„Við hefðum getað gert betur en þetta. Það var verið að prófa uppstillingu með nýjum leikmönnum og ég í annarri stöðu en oft áður. Miðað við það var margt jákvætt en í heild sinni eigum við að geta gert betur en þetta. Ég fann mig ágætlega á köflum í fyrri hálfleik en var orðinn þreyttur og pirraður í seinni hálfleik.“

„Það var aðeins of langt bil á milli varnar og miðju og miðju og sóknar. Það er margt sem við getum lært af þessum leik og við verðum að gera betur en þetta ef við ætlum að gera eitthvað í þessum riðli sem við erum að fara í,“ sagði Eiður Smári. **-gmi**

Íslenska 21 árs landsliðið tapaði fyrir Dönum í vináttuleik á KR-vellinum í gær:

Ekki sannfærandi frammistaða

FÓTBOLTI Íslenska 21 árs landsliðið tapaði 0-2 fyrir Dönum í vináttulandsleik á KR-vellinum í gær. Danir voru miklu sterkari aðilinn og markvörðurinn Þórður Ingason sá til þess að mörkin þeirra urðu aðeins tvö.

Íslenska liðinu hélst illa á boltanum og skapaði sér lítið fram á við. Það var ekki fyrr en Matthías Vilhjálmsson og Kjartan Henry Finnbogason komu inn á að eitthvert bit kom í sóknarleik íslenska liðsins.

Fyrra mark Dana kom rétt fyrir hálfleik þegar Sören Rieks skoraði með skalla af stuttu færi eftir fyrirgjöf frá hægri. Seinna markið kom úr vítaspyrnu sem dæmd var á Eggert Gunnþór Jónsson.

Lúkas Kostic, þjálfari 21 árs liðsins, hefur ekki náð góðum árangri með liðið á þessu ári en strákarnir hafa tapað öllum þremur leikjum sínum. Næsti leikur í undankeppni EM er á útivelli á móti Austurríki 5. september. **- óój**

FUNDU SIG EKKI Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í 21 árs landsliðinu voru í miklum vandræðum á móti Dönum í gær. FRÉTTABLAÐAIÐ/STEFÁN

EINKUNNIR ÍSLENSKU LEIKMANNANNA

BYRJUNARLIÐIÐ

Stefán Logi Magnússon markvörður	5
Greip vel inní í fyrri hálfleik og stóð vel fyrir sínu framan af en átti að gera betur í markinu.	
Grétar Rafn Steinsson, hægri bakvörður	6
Skoraði gott mark og vann vel og barðist fyrir liðið. Hefur samt oft spilað miklu betur.	
Kristján Örn Sigurðsson miðvörður	6
Skilaði sínu hlutverki vel og gat ekkert gert við marki Asera en hafði líkt og Hermann ekki mikið að gera.	
Hermann Hreiðarsson miðvörður	6
Stýrði íslensku vörninni ágætlega og hafði ekkert alltof mikið að gera og gat vitanlega lítið gert í markinu.	
Bjarni Ólafur Eiríksson, vinstri bakvörður	3
Það fór satt best að segja lítið fyrir honum í leiknum. Var hvorki áberandi varnarlega né sóknarlega.	
Birkir Már Sævarsson, hægri kantur	5
Braut alltof oft klaufalega af sér og mark Asera kom upp úr einu slíku broti. Var samt ágætur sóknarlega þá sérstaklega í fyrri hálfleik.	
Stefán Gíslason varnartengiliður	4
Var að spila ágætlega í fyrri hálfleik en náði ekki að komast í takt við leikinn í seinni hálfleik.	
Pálmi Rafn Pálmason tengiliður	5
Skapaði gott færi fyrir Eið Smára í fyrri hálfleik og vann ágætlega fyrir liðið en náði ekki að sýna sitt besta í síðari hálfleik eins og aðrir leikmenn liðsins.	
Eiður Smári Guðjohnsen sóknartengiliður	4
Var nokkuð líflegur í fyrri hálfleik en náði ekki að komast í takt við leikinn í seinni hálfleik og var gjörsamlega týndur á löngum köflum.	
Jóhann Berg Guðmundsson, vinstri kantur	6
Átti ágæta spretti og stoðsendinguna í marki Grétars Rafns. Klárlega fögur fyrirheit miðað við að strákurinn hafi verið að spila sinn fyrsta landsleik.	
Gunnar Heiðar Þorvaldsson sóknarmaður	4
Duglegur að vanda en það kom ekki nógu mikið út úr því sem hann var að reyna að gera.	

INN AF BEKKNUM

59. mín., Emil Hallfreðsson fyrir Jóhann Berg Guðmundsson	6
Ísland fór að sækja meira upp vinstri kantinn eftir að Emil kom inn á og hann átti nokkrar ágætar sendingar fyrir markið en það vantaði menn til þess að taka á móti þeim.	
76. mín., Marel Baldvinsson fyrir Birki Má Sævarsson	-

Markaskorarinn Grétar Rafn Steinsson og þjálfarinn Ólafur Jóhannesson eftir leik:

Þetta var ekki nægjanlega gott

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson skoraði sitt annað mark í jafnmörgum leikjum í vikunni. Fyrst skoraði hann fyrir Bolton og nú fyrir íslenska landsliðið.

„Þetta eru þessi föstu leikatriði sem við erum að æfa. Við æfðum þetta í gær og tilgangurinn með því að æfa sig er að láta það gerast og þetta gerðist í dag. Ef boltinn er góður og leikmenn hreyfa sig rétt inni í teignum og tímasetningar eru réttar þá fá menn færi og í dag fór hann inn. Ég er mjög ánægður með það. Ég kem fram í föstum leikatriðum og reyni að koma fram eins mikið og ég get og þegar ég næ að skora er það frábært en ég það skiptir mig meira máli að liðið nái góðum úrslitum en að ég skori. Ef liðið vinnur þá má hver sem er skora fyrir mér,“ sagði Grétar Rafn í leikslok sem var ekki ánægður með leik íslenska liðsins.

„Þetta var ekki nægjanlega gott. Ég er ekki stressaður yfir því. Aðalatriðið var að fá liðið saman og æfa föst leikatriði og annað. Nú sjáum við hvað fór illa og hvað þarf að laga í næsta leik. Það er fínt að láta þessa þjálfara hafa fyrir laununum sínum og eitthvað að gera. Ég verð búinn að gleyma þessum leik á morgun.“

KLAUFALEGT MARK Fabio þurfti engan Beckham-afgreiðslu til þess að skora úr aukaspyrnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þjálfarinn hundfúll

Ólafur Jóhannesson var hundfúll með frammistöðu íslenska liðsins gegn Aserbaídsjan í gærkvöld.

„Fyrri hálfleikur var ekki nógu góður að mínu mati. Við fengum reyndar tvö góð marktækifæri sem hefðu getað nýst betur. Mér fannst varnarleikurinn annars nokkuð góður og þeir voru ekki að valda okkur teljandi erfiðleikum. Við vorum að halda boltanum ágætlega innan liðsins og við náðum ágætis sendingum fyrir markið en það vantaði að mæta í þær og klára dæmið. Vonbrigðin eru náttúrlega að klára ekki leik sem þennan. Úrslitin voru mér ekki að skapi,“ sagði Ólafur sem hrósaði nýliðanum Jóhanni Berg sérstaklega fyrir frumraun sína með íslenska landsliðinu.

„Ég tel að ef menn leika á eðlilegri getu og við náum alvöru leik þá óttast ég ekkert. Ég tel að þá höfum við alla burði til þess að ná góðum leik og góðum úrslitum á móti Norðmönnum. Góð úrslit væri til dæmis sigur, en jafntefli væri líka ásættanlegt,” sagði Ólafur. **- gmi**

BT

SKÓLADAGAR Í BT!

COSMOGRAPHIC©

14.899 kr kaupauki fyrir öllum tölvum á skóladögum

Réttritunarhugbúnaðurinn Málfar að verðmæti 3.900 kr fylgir
Málfar er leiðréttingaforrit fyrir Microsoft Word og Microsoft Outlook Það er notað til að lesa yfir íslensk skjöl og benda notandanum á stafsetningarvillur. Forritið er mjög hraðvirkt og getur lesið 10 blaðsíðna ritgerð á aðeins nokkrum sekúndum

24 mánaða aðgangur að Orðabók.is að verðmæti 5.000 kr fylgir
Orðabók.is er ensk-íslensk og íslensk-ensk veforðabók með samtals 150.000 uppflettiorðum. Sparaðu þér tímann og láttu tölvuna finna orðið sem þig vantar

Bullguard 8.0 öryggislausn að verðmæti 5.999 kr fylgir
Bullguard öryggislausnin samanstendur af einum fullkomnasta antivirus /anti-spyware hugbúnaði sem fáanlegur er ásamt öflugum eldvegg og ruslpóstsíu. Til viðbótar býður Bullguard upp á 5gb öruggt geymsluplass á netinu.

5.222,- VERÐLÆKKUN

94.777,-

15.4"

BT LÁN
Verð frá 4.083,- 36 mánaða

14.899 kr kaupauki fylgir

Fyrsta greiðsla af láni, 1. nóv 2008

TOSHIBA

Toshiba fartölva
Satellite L300-D11A. Toshiba skólatölvan. Vel útbúin Toshiba vél á frábæru verði. Þessi vél er með 250gb geymsluplássi sem rúmar vel allar glósur og örgjörvinn leikur sér að verkefnavinnunni. (Vörunúmer: 160060) **VERÐ ÁÐUR 99.999,-**

- AMD Athlon X2 TK-57 1.9GHz 1MB
- 2GB minni / 250GB diskur
- 15.4" TFT Widescreen skjár
- ATI Radeon X1200 Með 831MB deildu skjáminni
- Innbyggð netmyndavél og mic.
- Þráðlaust net 802.11b/g
- 2,5 kg / 362 x 267 x 33,0
- Windows Vista Home Premium

AMD 64 Athlon X2

ALLUR PAKKINN... ....Og meira til

20.222,- VERÐLÆKKUN

17"

99.777,-

BT LÁN
Verð frá 4.285,- 36 mánaða

14.899 kr kaupauki fylgir

TOSHIBA

Toshiba fartölva
SAT L350-14K. Þú þarf ekkert að fórna afkastagetunni þó þú skiptir yfir í fartölvu. Í þessari 17" sameinast kostir fartölvu og borðtölu. Stór 17" háskerpu skjár og lyklaborð í fullri stærð með talnaborði gerir hana að alvöru vinnuhesti. (Vörunúmer: 160062) **VERÐ ÁÐUR 119.999,-**

- Intel Pentium Dual Core T2390
- 2GB DDR2 / 160 GB HDD
- 17" TruBrite WXGA+
- Intel GMA X3100 skjástýring
- DVD Skrifari
- Inbyggð vefmyndavél
- Face tracking
- Windows Vista Home Premium
- Works, WinDVD

www.bt.is

> **Chris Noth**

„Ég fór ekki út í fyrirtækjarekstur til að taka áhættu heldur til að hafa einhvern stöðugleika. Það er áhætta að gerast leikari," segir Noth sem rekur bæði næturklúbb og tehús í New York auk þess sem hann leikur í þættinum Law & Order: Criminal Intent sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FANN TIL MEÐ KÍNVERSKUM FIMLEIKABÖRNUM

Grátur í staðinn fyrir gleði

Heimildarmyndin um kínversku fimleikabörnin sem var sýndur í Ríkissjónvarpinu fyrir skömmu hefur vakið mikla athygli. Í þættinum var greint frá því að börnin eru ung að árum skikkuð af foreldrum sínum til að æfa fimleika og komast þau fljótt að því að lífið í æfingabúðunum er síður en svo dans á rósum.

Þegar ung börn eru farin að gráta undan álagi er ljóst að eitthvað er að í þjálfunarferlinu. Allar íþróttir eiga að vera skemmtilegar fyrir þá sem þær stunda og þegar upplifunin er orðin hreinasta þjáning þarf að stokka hlutina upp. Kínverjar eru þekktir fyrir mikinn aga og hreykja sér jafnan af því. Engu að síður þurfa þeir að átta sig á því að ung börn sem eru látin æfa marga klukkutíma á dag hafa stundum ekki dómgreind til að greina hvað er rétt og hvað er rangt. Því komast þau kannski að síðar þegar það getur verið of seint fyrir þau.

Í Kastljósinu var tekið viðtal við kínverskan fimleikaþjálfara sem býr hér á landi, sem sagði hörkuna teljast eðlilega í heimalandi sínu og sjálfur hafi hann æft átta tíma á dag. Þakkaði hann jafnframt þjálfara sínum síðar meir fyrir að hafa beitt sig hörku þrátt fyrir að hann hafi kvartað sáran undan honum á sínum tíma. Það er gott að heyra að þetta virkaði fyrir hann en sú getur ekki verið raunin fyrir alla sem ganga í gegnum sömu lífsreynslu.

Kínversk stjórnvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að brjóta mannréttindi á þegnum sínum og sérstaklega hafa raddirnar verið háværar núna í kringum Ólympíuleikana. Ljóst er að þessi umdeilda heimildarmynd á ekki eftir að bæta ímynd þeirra í augum umheimsins.

FIMLEIKAR Fimleikaþátturinn sem var sýndur í Ríkissjónvarpinu hefur vakið mikla athygli.

EKKI MISSA AF

▶ **20.00 Við rásmarkið** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.30 Talk Show With Spike Feresten** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.35 The IT Crowd** SKJÁREINN

▶ **20.55 Las Vegas** STÖÐ 2

▶ **21.30 Trúður (Klovn IV)** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

07.30 ÓL í Peking - Samantekt
08.15 ÓL í Peking Handbolti karla (e)
09.50 ÓL í Peking Handbolti kvenna
11.30 ÓL í Peking Frjálsar íþróttir
14.15 ÓL í Peking Fótbolti kvenna
▶ **16.15 ÓL í Peking - Samantekt**
17.00 ÓL í Peking - Samantekt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Krakkar á ferð og flugi (11:20)
18.20 Andlit jarðar (5:6) (e)
18.30 Nýgræðingar (Scrubs) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Skyndiréttir Nigellu (Nigella Express) (13:13)
20.35 Hvað um Brian? (What About Brian?) (17:24)
21.20 Svipmyndir af myndlistarmönnum (Portraits of Carnegie Art Award 2008)
21.30 Trúður (Klovn IV) (2:10)
22.00 Tíufréttir
22.20 Ólympíukvöld (13:16)
22.45 Sex hlekkir (Six Degrees) (5:13)
23.35 Lífsháski (Lost) (80:86) (e)
00.20 ÓL í Peking - Samantekt
00.55 ÓL í Peking Strandblak karla, brons
01.50 ÓL í Peking Strandblak kvenna (e)
02.50 ÓL í Peking Strandblak karla
03.50 ÓL í Peking Handbolti karla
05.50 ÓL í Peking Handbolti kvenna

BÍÓ

08.00 Wallace & Gromit. The Curse of the Were-Rabbit
10.00 American Dreamz
12.00 Twitches
14.00 Glory Road
16.00 Wallace & Gromit: The Curse of the Were-Rabbit
18.00 American Dreamz
20.00 Twitches Gamanmynd um tvíburasystur sem eru rammgöldróttar.
22.00 Kuffs
00.00 Kill Bill. Vol. 2
02.15 Midnight Mass
04.00 Kuffs
06.00 Fallen: The Destiny

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Smá skrítnir foreldrar og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (131:300)
10.15 Sisters (15:24)
11.20 Logi í beinni
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Forboðin fegurð (21:114)
13.55 Forboðin fegurð (22:114)
14.45 How I Met Your Mother (14:22)
15.10 Ally McBeal (8:23)
15.55 Sabrina - Unglingsnornin
16.18 Shin Chan
16.43 A.T.O.M.
17.08 Hlaupin
17.18 Doddi litli og Eyrnastór
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
▶ **18.30 Fréttir**
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (13:25)
19.55 Friends (5:24)
20.20 The Moment of Truth (11:25) Spurningaþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig.
20.55 Las Vegas (7:19) Við fylgjumst með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.
21.40 The Kill Point (4:8) Félagar úr hernum ákveða eftir heimkomuna frá Írak að fremja bankarán. Þegar planið fer úrskeiðis grípa þeir til örþrifaráða og taka starfsfólk bankans og viðskiptavini í gíslingu.
22.25 ReGenesis (11:13)
23.15 The Law of Enclosures
01.05 Wire (9:13)
02.05 Skeletons in the Closet
03.35 Straight Into Darkness
05.10 The Simpsons (13:25)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 England - Tékkland Útsending frá vináttulandsleik Englands og Tékklands.
17.00 England - Tékkland
18.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
19.35 Inside the PGA Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og tímabilið framundan skoðað.
20.00 F1: Við rásmarkið Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.
20.40 The Science of Golf Athyglisverður golfþáttur þar sem farið verður yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins" í golfi sem margir kalla mikilvægasta þáttinn í golfi.
21.00 10 Bestu - Arnór Guðjohnsen Þriðji þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn íslandssögunnar.
21.45 Countdown to Ryder Cup Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa og Bandaríkin mætast.
22.15 Football Rivalries Í þessum þætti verður fjallað um ríg Liverpool og Man. Utd innan vallar sem utan og einnig skoðaður ▶rígur Benfica og Porto.
23.10 World Series of Poker 2007

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.
17.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Bolton og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 English Premier League
20.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
20.30 PL Classic Matches West Ham Utd - Manchester Utd. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches Chelsea - Tottenham Hotspurs.
21.30 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum markaþætti.
22.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Middlesbrough og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
23.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Stoke og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti
19.20 Life is Wild (e)
20.10 Family Guy (5:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
20.35 The IT Crowd (10:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum. Jen hefur fundið ástina og býður til matarveislu með nýja kærastanum. Þau bjóða sex einstæðum ▶vinum sínum en þegar þrír strákar tilkynna forföll á síðustu stundu þarf hún að kalla á Moss, Roy og Richmond.
21.00 The King of Queens (11:13) Bandarískir gamanþættir um Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
21.25 Criss Angel (9:17) Sjónhverfingameistarinn Criss Angel er engum líkur og uppátæki hans eru ótrúlegri en orð fá lýst. Í kvöld keyrir Criss leikkonuna Mandy Moore um Los Angeles með bundið fyrir augun.
21.50 Law & Order: Criminal Intent (18:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 Britain's Next Top Model(e)
00.20 Da Vinci's Inquest
01.10 Trailer Park Boys
02.00 Vörutorg
03.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að Norðan Endurtekið á klukkutíma frestin til kl 12.15 daginn eftir
20.30 Gönguleiðir Þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.30 og 22.30.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Fíton/SÍA

Sumar myndir vinna!

TAKTU ÞÁTT! Glæsilegir vinningar í boði.

Smelltu sumarmyndinni þinni í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins

Þú einfaldlega hleður inn skemmtilegustu myndinni þinni frá því í sumar á **visir.is/ljosmyndakeppni**, skráir inn upplýsingar um hvernig má ná í þig og þannig er sumarmyndin þín kominn í pottinn. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag má finna á visir.is.

1. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 100.000 kr. og Sony Alpha DSLR-A200K 10,2 megapixlar með 18-70 mm skiptanlegri linsu að verðmæti 90.000 kr.

2. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 60.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-T2 8,1 megapixlar með snertiskjá og 4GB innbyggðu minni að verðmæti 50.000 kr.

3. verðlaun
Ferðavinningur frá Sumarferðum að upphæð 40.000 kr. og Sony Cyber-shot DSC-W200 12,1 megapixlar með andlitsskynjun að verðmæti 40.000 kr.

Sony Center SUMAR FERÐIR

Veglegir vinningar í boði, dregið 31. ágúst og birt í Ferðalög, aukablaði Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga

Í KVÖLD

STÖÐ 2 EXTRA KL. 17.00 OG 20.00

Seinfeld

Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með mannleg samskipti. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. En sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur. Saman lenda þau Jerry, George, Elaine og Kramer oft í afkáralegum aðstæðum og taka upp á afar fáránlegum uppátækjum. Þess má geta að höfundur þáttanna ásamt Jerry Seinfeld er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

The King of Queens
Skjár einn kl. 21.00

Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Í þættinum í kvöld hitta Doug og Carrie vinafólk sem er nýbúið að eignast barn og íhuga hvort þau eigi að fjölga í Heffernan-fjölskyldunni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Dragspilið dunar
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
13.15 Á sumarvegi
14.03 Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
14.43 Náttúrupistill
15.03 Útvarpssagan: Hafborg
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Á sumarvegi
19.40 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Rósin rjóð
22.45 Druslubækur og doðrantar
23.30 Betri stofan
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (258:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (259:260)
17.00 Seinfeld (10:24)
17.30 Talk Show With Spike Feresten (7:22)
18.00 The Dresden Files (2:13)
19.00 Hollyoaks (258:260)
19.30 Hollyoaks (259:260)
20.00 Seinfeld (10:24)
20.30 Talk Show With Spike Feresten (7:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti sem munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
21.00 The Dresden Files (2:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.00 Hotel Babylon (2:8) Lífið á Hótel Babýlon gerist skrautlegra og meira spennandi með hverri þáttaröðinni. Þættirnir gerast á hóteli fína og fræga fólksins í London. Charlie Edwards er þar orðinn hótelstjóri og sér til þess hvern dag að starfsfólkið hafi hugann við það þrennt sem öllu máli skiptir, þjónustu, þagnmælsku og þjórfé. Þessi þriðja sería sló þeim fyrri við í áhorfi í Bretlandi og þykir hún sú besta til þessa.
22.55 Ghost Whisperer (40:44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.
23.40 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Mér finnst ... Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Björk Jakobsdóttir, Elísabet Jökulsdóttir, Ásdís Halla Bragadóttir.
21.00 Neytendavaktin Umsjón: Ragnhildur Guðjónsdóttir.
21.30 Nútímafólk Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Sveinn Einarsson rithöfundur og leikstjóri.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.00 Atletik med kvindernes spydkastfinale og 200-meter **14.20** NI HAO OL højdepunkter **15.25** Nyheder på tegnsprog **15.30** Fandango **16.00** NI HAO OL i dag **16.30** TV Avisen **17.00** Chris på Skolebænken **17.30** Rabatten **18.00** Kender du typen **18.30** Barnestjerner for Folket - hundrede år med Nordisk Film **19.00** TV Avisen **19.25** NI HAO aftenOL **20.20** Landsbyhospitalet **21.05** Stjernen **22.40** Conviction **23.30** NI HAO OL direkte **05.00** NI HAO OL direkte

NRK 1

10.00 Sommer-OL i Beijing. Håndball semifinale, kvinner **11.45** Sommer-OL i Beijing. Friidrett **14.00** Sommer-OL i Beijing. Fotball finale, kvinner **15.00** Sommer-OL i Beijing. Håndball semifinaler, kvinner **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sommer-OL i Beijing. OL-studio **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.40** Chaser's War **21.00** Kveldsnytt **21.15** Den forbudte by **22.40** „Heimilstónar" i USA **23.20** Sommer-OL i Beijing

SVT 1

10.00 Sommar-OS i Peking **16.00** Emil i Lönneberga **16.30** Mimmi **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Planet Sketch **17.30** Rapport med Aekonomi **18.00** Den olympiska studion **19.30** Olssons studio **20.00** Debatt special från Peking **20.50** Rapport **21.00** Sommar-OS i Peking **00.55** Sommar-OS i Peking **04.00** Sommar-OS i Peking

HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

Söngnám fyrir alla!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum*



Söngur og framkoma

Þetta er nú í áttunda skipti sem þetta skemmtilega og gagnlega námskeið er haldið. Margrét Eir Hjartardóttir sem leiðir þetta námskeið sem fyrr en hún útskrifaðist sem söngkennari frá Linklater akademiunni í New York í fyrra. Þetta er námskeið fyrir þá sem ætla að fara að stíga sín fyrstu skref á söngsviðinu t.d. með því að fara á áheyrnarprufur leikhúsanna, sjónvarpsstöðvanna eða jafnvel ganga til liðs við hljómsveit. Einnig hentar þetta þeim sem lengra eru komnir sem vilja leysa ákveðin vandamál hjá sér eins og t.d. hæsi eða þreytu í raddböndum.

Barna- og unglinganámskeið

Þá er komið að nýju námskeiði fyrir þá yngri. Núna verður námskeiðið byggt upp í kringum Evróvisjónæði okkar Íslendinga. Skólinn á í fórum sér undirspil af öllum Íslensku Evróvisjónlögunum og mun námskeiðið miða að því að undirbúa skemmtilega tónleika fyrir vini og vandamenn.

Kennarar að þessu sinni eru Jón Jósep Snæbjörnsson Evróvisjónfari og Hulda Dögg Proppé.
Gestir verða Evróvisjónhetjurnar Selma Björnsdóttir og Birgitta Haukdal.

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Margrét Eir, Jón Jósep Sæbjörnsson og Hulda Dögg Proppé
Gestir á barna- og unglinganámskeiði: Birgitta Haukdal og Selma Björnsdóttir

Námskeiðin hefjast í september. Kennt verður í Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma lýkur og í hljóðveri RMP í Kópavoginum.
Skráningar í síma 534-9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is

* Upplýsingar um Frístundakortin er að finna á www.itr.is

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér yfirleitt smoothie eða hafragraut. Svo fæ ég mér sterkan espresso. Í smoothie-inn set ég oftast skyr og frosin ber, kannski hálfan banana með. Annars er það mismunandi og fer eftir hvað ég á í ísskápnum. Hafragrauturinn er oftast með kanil.“

Hlín Reykdal fatahönnuður.

Selma snýr aftur í Kardimommubæinn

Leikkonan og leikstjórinn Selma Björnsdóttir hefur í nægu að snúast þessa dagana, en ásamt því að leika í söngleiknum Ástin er diskó, lífið er pönk, leikstýrir hún einnig tveimur barnaleikritum á komandi leikhúsvertíð.

„Við erum að fara að æfa Gosa upp aftur núna í haust í Borgarleikhúsinu og í desember hefjast síðan æfingar á Kardimommubænum í Þjóðleikhúsinu,“ útskýrir Selma, sem sest þá í leikstjórastólinn. Að vissu leyti snýr hún þá aftur á heimaslóðir, því Selma steig einmitt sín fyrstu skref á leiklistarbrautinni sem Kamilla í Kardimommubænum árið 1984.

„Ég var þá tíu ára gömul og í sömu uppfærslu lék Örn Árnason ræningjann Jónatan. Mér finnst mjög skemmtilegt að hafa fengið tækifæri til þess að leikstýra þessu sama verki núna, tuttugu og fimm árum seinna,“ segir Selma. Örn Árnason verður ekki heldur fjarri í þetta skiptið, því í komandi uppsetningu á Kardimommubænum fer hann með hlutverk ræningjans Kaspers. Áður hefur Örn leikið bæði Jónatan og Jesper, og lokar því hringnum í ár. Rúnar Freyr Gíslason, eiginmaður Selmu, fer með hlutverk Jespers, en Kjartan Guðjónsson bregður sér í gervi þriðja ræningjans, Jónatans. Aðspurð hvort hún kvíði því að leikstýra eiginmanni sínum segir Selma svo ekki vera, „Ég hef enga trú á því að hann eigi eftir að verða til vandræða,“ segir hún og hlær við.

Selma var á dögunum valin sem einn af tíu sérlegum sendiherrum ABC barnahjálpar í nýju verkefni sem vekja á athygli á hjálparstarfi samtakanna. „Verkefnið er á algjöru byrjunarstigi og það á eftir að þróa það áfram. Ég verð sendiherra Senegal og ég hef verið að styrkja barn þaðan í nokkurn tíma. Það sem það kostar að veita barni læknishjálp og menntun í heilan mánuð samsvarar því að leigja eina vídeóspólu og nammi með,“ segir þessi atorkusama kona að lokum. **- sm**

SNÝR AFTUR Selma steig sín fyrstu skref á sviði sem Kamilla en snýr nú aftur sem leikstjóri verksins.

SANNLEIKURINN Pétur Jóhann og Sigurjón Kjartansson eru með einleikinn Sannleikann í smíðum. Þeir hafa áður náð saman í Stóra planinu, eins og sjá má á þessari mynd.

SIGURJÓN KJARTANSSON: EINLEIKURINN FER UPP Í VETUR

Sannleikur Péturs Jóhanns fer á leiksvið í vetur

„Jájá, handritið er langt komið. Og nafnið segir mikið um innihaldið,“ segir Pétur Jóhann Sigfússon, skemmtikraftur með meiru.

Í vetur verður settur á svið Borgarleikhússins einleikur eftir Pétur og Sigurjón Kjartansson sem heitir Sannleikurinn. Fyrirhugað er að Stefán Jónsson leikstýri verkinu en þar stendur Pétur Jóhann einn á sviðinu.

„Þarna kemur fólk til með að fá svör við öllu sem tengist því af hverju við erum hérna, hvað við erum að gera og hvert leiðin liggur eftir dauðann. Menn hafa verið að spyrja sig þessara spurninga í gegnum aldirnar. Ég tel mig vita sannleikann. Og ákvað að fara frekar með þetta á leiksvið en í Ísland í bítið. Já, það er búið að leggja þann þátt niður, en ... sem sagt, frekar en í einhvern magasínþátt þar sem verið er að búa til salat á sjö mínútum og svo er sagt: Og nú kemur Pétur hérna með sannleikann. Ég held á lyklinum, hann er vandmeðfarinn og ég ákvað að fara með hann á leiksvið,“ segir Pétur. Og bætir því við að þetta sé einhvers konar uppistand sem brotið er upp með söngatriðum frumsömdum af Pétri: „Sannleikur, söngleikur, einleikur.“ Sigurjón Kjartansson segir að Pétur hafi þurft hækju með til að skrifa handritið sem hefur nú verið í vinnslu með hléum í eitt ár.

„Stefán Jónsson leikstjóri er eyrnamerktur þessari pródúsjón. Okkur datt hann í hug af því hann er mikill húmoristi og getur komið með nýtt yfirbragð á þetta. Við erum hvorugur einhverjir leikhúslistamenn. Ég er haldinn mikl-um fordómum gagnvart leikhúsi og tel mig fyrst og fremst vera þjón ljósvakamiðlanna. Hef oftar en ekki lent í ýmsu stríði við dagskrá leikara sem er yfirleitt fullskipuð æfingum á einhverjum leikritum þegar þeir ættu að vera í tökum á stórmerkilegum sjónvarpsþáttum. Skrítin forgangsröðun það,“ segir Sigurjón.

Verkefnið leggst vel í Pétur þó þetta sé frumraun hans á leiksviði. Og kvíðir því ekki að þurfa að læra texta utanbókar: „Ég er kominn í góða æfingu. Þarf ekki nema rétt líta yfir atriðin og þá er ég með textann alveg á hreinu. Þú getur spurt alla sem ég hef unnið með í Nætur- og Dagvaktinni. Fólk hefur rekið í rogastans: „Djöfull er hann klár á textann.“ Og oft minnst á Rainman í sömu andrá.“

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Tómas Hermannsson hjá Sögum útgáfu er að leggja lokahönd á bókina Fánýtur fróðleikur IV bindi og leitar eftir misgáfulegum tilvitnunum sem eiga að vera uppistaða eins kafla bókarinnar. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru íþróttamenn og þeir í bankageiranum höfundar ýmissa ummæla sem komast á blað. Svo sem: „Við erum svolítið eins og síðasta óspjallaða meyjan á útihátíð og þriðji dagur útihátíðarinnar er runninn upp, þannig að margir vilja inn í tjaldið. Það fara að verða fáir uppistandandi sem vert er að fá í svefnpokann en við erum hins vegar í þeirri stöðu að geta valið vel hverjum við myndum opna tjaldið, ef við gerum það yfir höfuð,“ sem er líkingamál haft eftir **Þorvaldi Lúðvík Sigurjónssyni** hjá Saga Capital um sameiningar í bankageiranum.

Annars er mikil hreyfing á útgáfubransanum og ljóst að þeir JPV-feðgar, **Jóhann Páll Valdimarsson** og **Egill Örn**, sem nú eru hæstráðendur á Forlaginu, eru að taka til og stilla upp á nýtt skálda- og rithöfundaliði sínu. Enda viðbúið að hreyfing kæmi á mannskapinn eftir samruna JPV og Eddu fyrir um ári. Þannig heyrist að **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, sem hefur gefið út ljóð sín og bækur um árabil hjá JPV, sé hættur hjá JPV og sé að svipast um eftir nýjum útgefanda.

Marsibil Sæmundardóttir, fyrrverandi framsóknarkona, sat fyrir svörum í DV í gær. Þar var hún meðal annars spurð hvers vegna hún hafi gengið til liðs við Framsóknarflokkinn í upphafi. Sagði Marsibil það vera vegna stefnu flokksins í forvarna- og fíkniefnamálum, en Framsókn boðaði á sínum tíma fíkniefnalaust Ísland árið 2000. Það hefur augljóslega ekki gengið eftir.- **jbg/shs**



LÁRÉTT
2. fyrst fædd, **6.** kusk, **8.** stúlka, **9.** heyskaparamboð, **11.** ullarflóki, **12.** skopleikrit, **14.** starfsaðferð, **16.** gríska bókstafur, **17.** skörp brún, **18.** kerald, **20.** bor, **21.** glufa.

LÓÐRÉTT
1. skref, **3.** 950, **4.** töfraþulna, **5.** traust, **7.** eilífð, **10.** frjó, **13.** gerast, **15.** liðormur, **16.** krass, **19.** frá.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. elst, **6.** ló, **8.** mær, **9.** orf, **11.** rú, **12.** farsi, **14.** tækni, **16.** þí, **17.** egg, **18.** áma, **20.** al, **21.** rifa.
LÓÐRÉTT: 1. klof, **3.** lm, **4.** særinga, **5.** trú, **7.** óratmi, **10.** fræ, **13.** ske, **15.** igla, **16.** þár, **19.** af.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Jón Magnússon.
2. Air.
3. Edinborgar.

Kynþokkafyllsti plötusnúður landsins

Plötusnúðurinn DJ SexBomb, betur þekktur sem Óttarr Proppé úr Dr. Spock, mun hita upp fyrir franska tónlistarmanninn Sebastien Tellier á Rúbín 28. ágúst. Þetta er í annað sinn sem DJ SexBomb þeytir skífum opinberlega, en hann hitaði upp fyrir hljómsveitina Apparat fyrir nokkrum árum og því mætti tala um eins konar endurkomu.

„DJ SexBomb er andi sem kemur yfir mig og þegar það gerist get ég ekki annað en hlýtt honum. Hann er það sterkur að maður verður viljalaust verkfæri í höndunum á honum og maður fyllist kynþokka og grúvi,“ segir Óttarr um hinn kynþokkafulla plötusnúð. Spurður um nafnið, DJ SexBomb, segir Óttarr að erlendar strípimeyjar hafi gefið honum nafnið fyrir mörgum árum. „Þær voru fljótar að sjá SexBomb í mér þó að ég hefði þá aldrei fundið fyrir honum áður.“ Óttarr segir að plötusnúðurinn spili einungis kynþokkafulla tónlist og leggi mikla áherslu á tónlist áttunda áratugarins, en samkvæmt Óttari var upptökutæknin þá upp á sitt kynþokkafyllsta og söngvarar voru almennt í kynþokkafullum klæðnaði.

TELLIER TIL ÍSLANDS Sebastien Tellier spilar á Rúbín 28. ágúst næstkomandi.

Óttarr verður uppáklæddur að vanda í tilefni kvöldsins og verður kynþokkinn að sjálfsögðu allsráðandi þegar kemur að fatavalinu. En eiga DJ SexBomb og hinn franski Tellier eitthvað sameiginlegt?

„Þeir eru báðir mjög kynþokkafullir og eru sammála því að öll tónlist eigi rætur sínar í mjaðmagrindinni. Ég er nokkuð öruggur um að þeir eigi eftir að verða góðir félagar og að Sebastien eigi eftir að fíla íslenska kynþokkann,“ segir Óttarr að lokum.

- sm

KYNÞOKKAFULLUR DJ SexBomb segist vera undir miklum áhrifum frá áttunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

www.ellingsen.is

Allt í gæsaveiðina

Byssukynning í dag til kl. 20.00

Sérfræðingar Ellingsen verða í verslun okkar í Reykjavík og kynna byssur og veita almenna ráðgjöf. Jóhann Vilhjálmsson og Rúnar Jónsson eru sérfróðir um Browning og Winchester. Jóhann Konráð Birgisson er með Remington á sinni könnu.

Nú er gæsaveiðitímabilið hafið!

Komdu við í Ellingsen og græjaðu þig áður en haldið er til veiða. Hjá okkur færðu allt fyrir veiðimanninn.

SCHMIDT & BENDER · T3 TIKKA · MAUSER · WINCHESTER · sako FINLAND · Remington · Blaser · SAUER · BROWNING · KAHLES · RECKNAGEL

Browning Gold Super Light
28” 3,5”

Verð **154.802** kr.

Browning Phoenix Hunter
26–28”

Verð **128.688** kr.

Browning Phoenix Top Cote

Verð **136.528** kr.

Winchester Super X3

Verð **141.007** kr.

Browning Fusion 20Ga
28” 3”

Verð **165.648** kr.

Mad Dog Camo-vöðlur
Max4, st. S-XXL

Verð **21.408** kr.

Avery finisher-felubyrgi

Verð **37.900** kr.

Mad Dog Camo-hanskar

Verð **4.499** kr.

Winchester-skot í úrvali

Reykjavík • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16 • Akureyri • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 083064

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Karenar D. Kjartansdóttur

Samskipti og dagbækur

Eitt sinn sagði mér sagnfræðingur sem hafði sérhæft sig í dagbókum að fyrsta staðreyndin um slíkar bækur væri sú að þær væru yfirleitt ekki til. Flestar þeirra væru jú eyðilagðar af eigendum sínum þar sem þeir kærðu sig ekki um að aðrir gægðust inn í þeirra hugarheim.

EINHVERJIR kynnu að furða sig á slíkri skemmdarverkastarfsemi. Jafnvel gæti einhver haldið því fram að fólk nú á tímum sé mun opnara með tilfinningar sínar, óteljandi bloggfærslur séu skýrt dæmi um það. Það tel ég þó ekki vera enda mikill munur á því hvernig við skrifum fyrir okkur sjálf um eigin hugsanir, samskipti við aðra eða skoðanir okkar á mönnum eða málefnum líðandi stundar og svo því hvernig við skrifum fyrir alþjóð. Það segir sig sjálft að síðari skrifin eru leikstýrðari.

SAGNFRÆÐINGURINN sagði mér einnig að í dagbókum bænda frá 19. öld mætti aðallega finna veðurfarslýsingar. Því næst skrifuðu þeir um ærnar og heilsufar hjúa. Flest allt væri í tengslum við aðalatvinnuveg þess tíma; búskapinn. Tilfinningalega útrás þeirra mætti svo sjá í bundnu máli svo sem í kvæðum um soninn sem lést um veturinn eða annað sem ekki þótti við hæfi að vera lausmálgur um. Til dæmis ástina.

Í bókinni Átakadagar ræðir Kolbrún Bergþórsdóttir við Elínu Torfadóttur, ekkju Guðmundar Jaka, en hún starfaði lengi sem fóstra. Hún skráði samskipti sín við margan manninn og börn þeirra skilmerkilega niður. Hún sagði til dæmis frá tilraunum hennar við að hressa Markús Örn Antonsson við eftir að litla dóttir hans hafði kvartað við þær um að hann væri leiðinlegur. Löngu síðar, í ræðu á afmæli leikskólans, sagði hann svo: „Í þessu húsi var mér kennd samskiptaumgengni sem hefur komið mér mjög vel í pólitíkinni.“ Varla hefur Markús Örn orðið Elínu reiður fyrir frásögnina. Sjálfur hefði hann lýst samskiptum sínum við Elínu á allt aðra lund.

EINA dagbókarfærsla mín var skráð með tengiskrift í fallega bók með litlum hengilás á í byrjun tíunda áratugarins. Hún innihélt svæsnar lýsingar á því hve mjög mér fannst ég hlunnfarin af systur minni við fóðurgjöf í bernsku. Mér fannst ég nefnilega þurfa að gefa hænunum mun oftar en hún vegna leti hennar og ómennsku. Þess má geta að þessi bók er nú löngu glötuð og þarf systir mín því ekki að kvíða opinberun.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 21. ágúst, 234. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.38	13.31	21.21
Akureyri	5.14	13.16	21.15

Heimild: Almanak Háskólans